

**HAUKUR ÖRN HAUSSON**  
**Á leðurjakka með sögu**

Tíska Heimili Heilsa  
**allt** | MÍÐJU BLAÐSINS



**MÝRIN**

**Fær 45 milljónir frá kvikmyndamiðstöðinni**

Nýu íslenskar kvikmyndir í bígerð

FÓLK 58



**BT**  
**BT bæklingur fylgir Fréttablaðinu í dag**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**FRÍTT**

3. ágúst 2006 – 207. tölublað – 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000

## Tæknin hefur breytt miklu

Örn Grétarsson prentari hefur selt hlut sinn í Prentsmiðju Suðurlands á Selfossi en þar hefur hann stjórnað í tuttugu ár.


**TÍMAMÓT 34**



## Konur í meirihluta knapa

Anna Valdimarsdóttir, norðurlanda-meistari í fjórgangi, hefur starfað við hestamennsku í Þýskalandi í tólf ár.

**FÁKAR OG FÓLK 26**



## Með kokkinn í blóðinu

Kristinn Arnar Stefánsson á ekki langt að sækja hæfileikana í eldhúsið því foreldrar hans eiga veitingahúsið Rauðará. Þrátt fyrir að vera hrifnastur af nautakjöti býður Kristinn upp á bleikju með mangó chutney en uppskriftin ætti að nýttast sælkerum í sveitinni.

**MATUR 46**


## Ásthildur áfram hjá Malmö

Landsliðsfyrirliðinn Ásthildur Helgadóttir hefur skrifað undir samning þess efnis að spila með sænska félaginu Malmö út tímabilið. Ásthildur útilokar ekki að spila síðan áfram í Svíþjóð en þjálfari liðsins hrósar henni í hástert, vill ólmur halda henni áfram, og kallar Ásthildi einn besta leikmann heims.

**ÍÞRÓTTIR 54**



## VEÐRIÐ Í DAG



**ALLT AÐ BREYTAST** - Í dag verður vaxandi suðaustanátt um sunnan og vestanvert landið, 10-15 m/s síðdegis eða í kvöld. Rigning eftir hádegis á vesturhelmingi landsins en bjart framan af degi austan til. Hiti 12-25 stig, hlýjast austan til.

**VEÐUR 4**

# Krabbameinssjúkir bíða vegna sumarfría

Kona sem greindist með krabbamein fyrir skömmu þarf að bíða í sex vikur eftir að komast í geislameðferð á Landspítalanum. Hlynur Grímsson krabbameinlæknir segir stöðuna þannig að starfsfólk taki sín sumarfrí og enginn sé til að leysa það af.

**HEILSA** Skortur er á starfsfólki hjá lyflækningadeild og geislalækningadeild krabbameina á Landspítalanum yfir sumartímamann, samkvæmt Sigurði Björnssyni yfirlækni.

Fréttablaðið hefur haft spurnir af konu sem greindist með krabbamein í eitlum fyrir skömmu og var sagt að geislameðferð gæti ekki hafist fyrr en nokkrum vikum seinna. Að þeim tíma liðnum var henni sagt að tveggja vikna frestun bættist við vegna sumarleyfa starfsmanna og erfiðleika við að manna stöður.

Hlynur Grímsson, krabbameinlæknir á geisladeild, segir biðtíma á við þennan vera í lengra lagi en reynt sé að forgangsráða

verkefnum eftir alvarleika. „Ef eitthvað kemur upp á sem þarf að sinna strax þá gerum við það en því er ekki að leyna að róðurinn hefur verið þungur hjá okkur í sumar vegna sumarleyfa starfsfólks. Án þess að þekkja nákvæmlega til málsins finnst mér þetta samt helst til langur tími.“

Hann segir að þrátt fyrir að starfsfólk fari í sumarfrí og spítalinn eigi að spara þá fækki tilfelli ekki neitt á sumrin. „Þegar sótt hefur verið um afleysingar og annað slíkt eru oft ekki til peningar til að gera það, og svo er bara allt of lítið til af þjálfuðu starfsfólki í ákveðnum hlutum hérna á Íslandi. Við erum í þeirri stöðu að starfsfólkið tekur sín frí og það er

enginn til að leysa það af.“

Sigurður og Hlynur segja báðir að þótt biðtími eftir geislameðferð hér á landi geti verið langur þá sé hann almennt mun styttri hér en gengur og gerist í löndum í kringum okkur. Sigurður segir algengt að fólk þurfi að bíða í nokkra mánuði eftir geislameðferð í löndum Skandinavíu.

„Staðreyndirnar eru einfaldar, við erum of fá til að sinna þessari vinnu. Ef við ætlum að vinna þessa vinnu okkar vel þá tekur það mikinn tíma, einbeitingu, nærgætni og þol af okkar hálfu. Það er margir læknar í svipuðum stöðum og ég sem hafa hreinlega brunnið út og fara í önnur störf,“ segir Sigurður.

- sfs



**MIKILL SKAÐI** Slökkviliðsmenn frá Brunavörnum Árnessýslu komu á Húsatóftir 1 skömmu eftir að tilkynnt var um mikinn eld þar í gærmorgun. Eiginlegu slökkvistarfi lauk klukkan átta en slökkviliðsmenn stóðu brunavakt fram eftir degi og slökktu í glæðum. Húsið fór illa í eldinum, fátt stendur eftir annað en útveggi, og eru þeir taldir ónýtir. Fjártjón er talið hlupa á tugum milljóna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Búfé drapst og hús eyðilagðist í eldsvoða á bænum Húsatóftum 1:

## Vöknuðu við brestina í eldinum

**ELDSVODI** Um þrjátíu kúr, nokkrir kálfar og yfir tuttugu hænur drápu í miklum eldsvoða á bænum Húsatóftum 1 á Skeiðum í gærmorgun.

„Við vöknuðum bara við brestina í eldinum,“ segir Valgerður Auðunsdóttir, bóndi á bænum. Hún segir að þá hafi þak sambygðrar hlöðu og fjöss verið alelda, en það hafi ekki verið hrunið og kýrnar hafi enn verið á lífi. „Við hringdum strax í Neyðarlínuna og hlupum svo út og losuðum út þá gripi sem við gátum.“ Bóndi Valgerðar, Guðjón Vigfússon, sem býið hefur á bænum frá fæðingu,



**VALGERÐUR AUÐUNSDÓTTIR**

fór inn í fjósið ásamt dóttur þeirra til að bjarga þeim gripum sem hægt var, fimm kúm, kálfafullri kvígu og einum kálfi.

Valgerður segist hafa reynt að

telja þau ofan af því að fara inn í brennandi húsið. „Mér stóð ekki á sama þegar þau fóru inn en þau komu sem betur fer út aftur heil á húfi.“ Sjálf fór Valgerður að hinum enda hússins og freistaði þess að komast inn þar, án árangurs. „Ég brenndi mig á putnunum þegar ég kom við hurðina.“

Mikið lið slökkviliðsmanna frá Brunavörnum Árnessýslu sáu um að slökkva eldinn og standa brunavakt. Húsið er ónýtt eftir eldsvoðann og þykir ljóst að tjónið nemi tugum milljóna. Valgerður segir þau hjónin ekki hafa ákveðið hvað þau geri í framhaldinu.

- sh / sjá síðu 4



**GUÐMUNDUR VIÐAR METE** Er borinn þungum sökum um morðhótanir og líkamsmeiðingar.

VIKURFRÉTTIR/ÞORGILS

## Guðmundur Viðar Mete: Sagður meiða og hóta lífláti

**FÓTBOLTI** Keflvíkíngurinn Guðmundur Viðar Mete er borinn þungum sökum af tveimur framherjum í liðum í Landsbankadeild karla, þeim Hirti Hjartarsyni úr ÍA og Daníel Hjaltasyni úr Víkingi. Báðir segja Guðmund hafa hótad því að fótbrjóta sig og drepa á bílastæði eftir leik auk þess sem Guðmundur hafi barið þá og klipjið illa í leik.

Sjálfur vill Guðmundur ekkert tjá sig um málið en hann var nýlega dæmdur í eins leikja bann fyrir samskipti sín við Hjört Hjartarson, sem sjálfur kallaði Guðmund „Tyrkjadjöful.“

- esá / sjá síðu 54

Umræða um banka:

## Jákvæðari tónn sleginn

**VIÐSKIPTI** Erlend fjármálafyrirtæki, á borð við ABN Amro, Credit Suisse og Société Générale, hafa gefið jákvæðar umsagnir um banka eftir að þeir birtu afkomutölur sínar. Þetta hefur valdið því að vaxtaálag á skuldabréf íslensku bankanna hefur lækkað síðustu daga.

Erlendu fjármálafyrirtækin telja það jákvætt hversu vel hafi gengið að endurfjármagna eldri lán, sem koma til greiðslu á þessu ári og því næsta.

Société Générale sér fram á möguleika á frekari lækkun vaxtaálags hjá Glitni og Landsbankanum.

- eþa / sjá síðu 24

**Útsala**  
í fullum gangi!  
Opið til 21

**Kringlan**

**16 DAGAR**

**REYKJAVÍKUR MARAPON GLITNIS 19. AGÚST**

Skráðu þig núna á [www.glitnr.is](http://www.glitnr.is)

**GLITNIR**



**25% afsláttur af allri  
útimálningu og viðarvörn**



**Útimálning**  
10 ltr. akrýlbundin plastmálning  
á stein utanhúss  
7207040-46



**Pallaolía**  
Jotun Treolje, 3 ltr. á gagnvarið efni,  
fáanlegt í mörgum litum  
7049123,33,37

**25%  
afsláttur**

## Gleðilega verslunarmannahelgi



**Ferðagasgrill**  
Outback  
3000245 **4.990**  
~~5.990~~



**Kælir**  
7 ltr. 12/220V  
1808297 **3.990**  
~~5.990~~



Frábært  
tilboð fyrir  
verslunarmanna  
helgina

**4.990**

**Tjaldsett**  
Tveggja manna tjald  
m/2 svefnpokum og 2 dýnum  
5869212



**Regnjakki/-buxur**  
Stærðir: grænt S-3XL,  
gult S-XXL  
5870200-222

**1.595 kr/stk.**



**Vind/regnföt**  
5868684-88/5868854-58  
5870000-06 **Fullorðins 4.995**  
**Barna 2.995**



**2.990**  
~~4.590~~

**Tjald 3 manna**  
Santa barbara  
innra tjald öndunarefni úr Polyamid,  
flatarmál m/fortjaldi 210x210 sm  
5869205

**Húsasmiðjublaðið er komið út**



**HÚSASMÍÐJAN**  
...ekkert mál





Byrjaðu ferðalagið í

**Smáralind 1**

**NÓG AF STÓRUM BÍLASTÆÐUM!**


Hjá okkur færð þú allt sem þig vantar til að fullkomna verslunarmannahelgina. Fyrir utan við Debenhams eru næg stæði fyrir bíla með tjaldvagna, og hjól og fellihýsi. Komdu við í Smáralind á leiðinni út úr bænum.

**Útsölu lok**

**GÖTUMARKAÐUR**

**ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR**

**til laugardags**



**Opið til 21 í kvöld**

Verlanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000



## KJÖRKASSINN

Veldur hraðakstur vélhjóla í umferðinni þér áhyggjum?

Já	80%
Nei	20%

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að hækka aldurstakmörk á útihátíðar?

Segðu skoðun þína á Vísí.is

VÍSÍ

Talabani Íraksforseti um öryggismálin:

## Boðar yfirtöku um áramótin

**ÍRAK, AP** Jalal Talabani, forseti Íraks, sagði í gær að her og lögregla landsins myndu taka við ábyrgðinni á öryggi í öllu landinu fyrir lok þessa árs. En einn af aðstoðarmönnum forsetans bætti síðan við að hann hefði átt við „ferlið að því að taka við öryggismálum landsins“ en ekki sjálfa yfirtökuna frá setuliði Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra.

Yfirlýsing Talabanis endurspeglar bjartsýnustu spána um það hvenær írösk stjórnvöld taka við öryggismálunum. Eins og er bera þau aðeins ábyrgð á þeim í einu af átján héruðum Íraks.

Vegna þess mjög svo ótrygga ástands sem ríkt hefur í landinu að undanfögnu og stöðugu skæra milli sjáa og súnnía mættu þessi bjartsýnisorð forsetans efasemdarröddum.

Nú er bandaríska setuliðið er að undirbúa átak til að koma betra öryggi á í Bagdad linnir ekki mannskæðum skærum. Tvær faldar sprengjur sprungu á fót-boltavelli í borginni í gær og drápu ellefu ungmennti og særuðu fjórtán, að sögn lögreglu. Minnst 68 manns dóu í sprengju- og skotárásum í Írak á þriðjudaginn. Í valnum lágu meðal annarra 20 íraskir hermenn sem dóu í árás á



**TALABANI BJARTSÝNN** Forsetinn með næst-æðsta yfirmann hersins, Nasir al-Abadi, og innanríkisráðherra Jawad al-Bolani sér við hlið á blaðamannafundi í Bagdad í gær.

rútbíl og breskur hermaður sem féll fyrir sprengju skæruliða í Basra.

Skýrsla Brunamálstofnunnar:

## Einn lést í eldsvoða í fyrra

**BRUNAMÁLSTOFNUN** Samkvæmt nýttkominni ársskýrslu Brunamálstofnunnar, týndi einn einstaklingur lífi í eldsvoða á síðasta ári. Maðurinn lést í eldsvoða á Ísafirði.

Frá árinu 1979 hafa 49 látist í eldsvoðum eða að meðaltali 1,8 manns og því var árið í fyrra töluvert undir meðaltali. Eignatjón af völdum eldsvoða var um 1.640 milljónir króna árið 2005. Eldsvöði í Grindavík hafði þar veruleg áhrif, en tjón af völdum hans nam um helmingi alls eignatjóns á síðasta ári. Það er nokkuð yfir meðaltali ef litið er á tímabilið frá 1981.

# Farangurskassar

leysa plássvandann í bílnum!

SUMARTILBOD  
**24.900**

Þyngd: 19,5 kg  
Rúmmál: 320 L  
Breidd: 0,96 m

Tjaldvagnaland  
SEGLAGERÐIN AEGIR

www.seglagerdin.is Eyjarlóð 5, sími 511 2200

# Vantar þig

nýji

Veldu myndbandið sem þér þykir best og þú gætir unnið fartölvu að andvirði 99.900 kr. Kjóstú á diggy.is

# SALE

# SALE

## DÚNDURÚTSALA

### AÐEINS Í 4 DAGA

# SALE

# SALE

**BLEND**

KRINGLAN // SMÁRALIND // KEFLAVÍK  
S.588 5777 // S.544 4646 // S.421 6899



**ÖFREMÐ** „Staðan er eins hryllileg og hún nú er vegna linkulegra viðbragða öryggisráðsins og Evrópusambandsins og öryggisráðið er í gíslingu neitunarvalds Bandaríkjamanna,“ segir Steingrímur J. Sigfússon sem vill að ríkisstjórn Íslands hvetji til þess að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna verði kallað saman.

NORDICPHOTOS/AFP

## Öryggisráðið í gíslingu Bandaríkjanna

Steingrímur J. Sigfússon vill að Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna komi saman og krefjist tafarlauss vopnahlés fyrir botni Miðjarðarhafs. Ekki náðist samstaða um tillögu hans að ályktun á fundi utanríkismálanefndar Alþingis í gær.

**STJÓRNMÁL** Átökin fyrir botni Miðjarðarhafs voru rædd á fundi utanríkismálanefndar Alþingis sem haldinn var í gærmorgun að ósk Steingrímis J. Sigfússonar, formanns Vinstri grænna.

Fyrir fundinn hafði Steingrímur samið drög að ályktun þar sem þess er krafist að Ísraelar fallist – tafarlaust og án skilyrða – á vopnahlé og hætti öllum hernaðaraðgerðum í Líbanon og á sjálfsstjórnavæðum Palestínu. Þá sagði í drögumunum að utanríkismálanefnd beindi því til ríkisstjórnarinnar að taka upp baráttu fyrir því að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna yrði kallað saman og samþykkti kröfu um tafarlaust vopnahlé og að blóðsúthellingum, glæpum gegn almennum borgurum og hvers kyns mannréttindabrotum yrði þegar í stað hætt. „Það náðist ekki samstaða um



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

að afgreiða ályktunina,“ sagði Steingrímur. „Á hinn bóginn var ákveðið að nefndin hittist fljótlega aftur og fái eftir atvikum utanríkisráðherra til fundar. Auðvitað hefði ég helst viljað að menn hefðu tekið á sig rögg og kveðið skýrt að orði. Það er ekki þörf fyrir neina hálfvelgju í þessari stöðu.“

Halldór Blöndal, formaður utanríkismálanefndar, vill fátt um efni fundarins segja. „Það er leyndarmál sem gerist á fundum utanríkismálanefndar,“ sagði hann. Málið hefði verið rétt og það verði áfram í athugun. Ekki sé ákveðið hvenær



HALLDÓR BLÖNDAL

annar fundur verði haldinn. Steingrímur segir orð og gjörðir alþjóðasamfélagsins fram til þessa ganga allt of skammt. „Staðan er eins hryllileg og hún nú er vegna linkulegra viðbragða öryggisráðsins og Evrópusambandsins og öryggisráðið er í gíslingu neitunarvalds Bandaríkjamanna.“

Steingrímur gagnrýnir enn fremur nýlegt bréf utanríkisráðherra til utanríkisráðherra Ísraels og segir það lyfta sjónarmiðum Ísraels um að þeir hafi rétt til sjálfsvarnar.

bjorn@frettabladid.is

Laun öryrkja könnuð áratugi aftur í tímann til að ákvarða lífeyrisgreiðslur:

## Harkaleg framganga

**KJARAMÁL** Aðgerðir lífeyrisjódanna eru eins og blaut tuska framman í öryrkja og Öryrkjabandalag Íslands að mati Sigursteins Mátssonar, formanns ÖBÍ, og segir hann allar símalínur á skrifstofu samtakanna hafa verið rauðglóandi út af málinu. Á þriðja þúsund öryrkjar fengu í vikunni bréf þess efnis að lífeyrisgreiðslur þeirra ýmist lækkuðu eða féllu niður 1. nóvember næstkomandi.

Sigursteinn segir að ekki gangi að miða við neyslúvísitölu þegar lífeyrisjódur ákvarði greiðslur til öryrkja og segir réttara að miða við launavísitölu. Hann segir

dæmi um að laun fólks hafi verið könnuð marga áratugi aftur í tímann þegar lífeyrisgreiðslur voru ákvarðaðar.

„Skerðing lífeyrisjódanna til öryrkja er algerlega á skjön við þá umræðu sem verið hefur í þjóðfélaginu um að minnka tekjutingingar en hér er verið að ganga harkalega fram í að skerða tekjur þessa fólks.“

Sigursteinn treystir á að aðilar lífeyrisjódanna séu opnir fyrir að endurskoða málin því hér sé klárlega verið að ganga fram með ólögmætum hætti.

Í næstu viku er boðaður upp-



SIGURSTEINN MÁSSON Segir aðgerðir lífeyrisjódanna eins og blauta tusku framman í öryrkja og ÖBÍ.

lýsingafundur þar sem fulltrúar ÖBÍ og lífeyrisjódanna fara yfir málin.

-hs

# Ertu klár í ferðalagið?



**40%**  
afsláttur við kassa

**Kjúklingapylsur**  
- ómissandi á grillið



**TILBOÐ**  
**299** kr/pk  
Verð áður 349,-

**Frönsk pylsubrauð**  
- tilvalin í ferðalagið

**Nýtt**  
í Hagkaupum



**TILBOÐ**  
**249** kr/pk  
Verð áður 389,-

**Grillbrauð m/tómat og salsa**  
- frábært á grillið

**Kjöt & fisktorgið**



**Svínalundir**  
úr kjötborði

**TILBOÐ**  
**1.599** kr/kg  
Verð áður 2.549,-



**Jumbó samlokur og langlokur**

**40%**  
afsláttur við kassa

Gildir 03.08 og 04.08



**30%**  
afsláttur við kassa

**Kryddlegnir kjúklingabitar**  
- læri, leggir, vængir



**Nammiland**  
- mikið úrval



**TILBOÐ**  
**129** kr/pk  
Verð áður 198,-

**Risa samlokubrauð**  
- tilvalið í útileguna



**20%**  
afsláttur við kassa

**Mariachi snakk**  
- 3 tegundir



**TILBOÐ**  
**199** kr/stk  
Verð áður 277,-

**Skúffukaka m/súkkulaðikremi**  
- frábær í friði



**20%**  
afsláttur við kassa

**Doritos snakk**  
- 2 tegundir

Gildir til 6. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



## VEISTU SVARID?

- 1 Hvað heitir unnusta Magna Ásgeirssonar í Rockstar?
- 2 Hver verður kynmir í X-Faktor á Stöð 2 í vetur?
- 3 Hvað heitir litli bróðir Fíðels Kastró?

SVÖR VIÐ SPURNINGUNUM ERU Á SÍÐU 58

Fimm manna sendinefnd frá Alþingi var of sein á ráðstefnu í Svíþjóð í gær:

## Þingmenn óánægðir með Flugleiðir

**ALÞINGI** Sendinefnd Alþingis, sem var á leið á ráðstefnu í norðurhluta Svíþjóðar, þurfti að bíða í Stokkhólmi í fyrrinótt, því flugi nefndarmanna frá Keflavík hafði seinkað.

Í nefndinni eru þingmennirnir Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Jón Kristjánsson auk tveggja starfsmanna Alþingis. Nefndin átti að mæta á Norðurskautsráðstefnu í Kírúna í gærmorgun, en flugi Flugleiða frá Keflavík til Stokkhólms í fyrradag seinkaði um fimm tíma svo þeir misstu af tengifluginu.

„Það getur alltaf komið fyrir að flug tefjist,“ segir Björgvin. „Það



GUÐJÓN ARNGRÍMSSON

slæma í málinu var að okkur var sagt í Keflavík að Flugleiðir myndu redda tengifluginu, sem var hjá öðru flugfélagi. Þegar við komum út hafði ekkert heyrst frá Flugleiðum. Margir heyrðu af þessu og allir vísuðu þessu frá sér, eins og þetta væri ekki þeirra mál. Þetta var alveg óboðleg þjónusta og fráleit framkoma. Blessunarlega vorum við með mönnum sem

þekktu til og gátu bjargað þessu.“

Nefndin komst loks til Kírúna, en missti af fyrri hluta ráðstefnunnar vegna tafanna. „Þingið mun að sjálfsögðu skoða þetta og margir hafa bent á að það sé óeðlilegt að Alþingi skipti bara við Flugleiðir,“ segir Björgvin.

„Við hljótum að mótmæla þessum ummælum Björgvins,“ segir Guðjón Arngrímsson hjá Flugleiðum. „Starfsfólk Icelandair og IGS í Keflavík lagði sig fram við að veita þeim mikla þjónustu og allt gekk vel fyrir sig.“

- sjg  
**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON** Þingmaðurinn segir þjónustu Flugleiða hafa verið óboðlega.



Sáttatónn á Srí Lanka þrátt fyrir mannskæðar skærur:

## Óttast ekki um öryggi norrænu eftirlitssveitanna

**SRÍ LANKA** Hátt í fimmtíu manns létu lífið í átökum á Srí Lanka í gær, en ríkisstjórn landsins ihugar nú að taka til skoðunar kröfur tamíltígranna



ÞORFINNUR ÓMARSSON

um bætt aðgengi að vatni fyrir skjólstaðinga þeirra, gegn því að tígrarnir láti vatnsból í norðausturhluta landsins af hendi. Þetta er haft eftir Jon Hanssen-Bauer, sérstökum erindreka Norðmanna, en þeir gegna hlutverki sáttasemjara í landinu.


Þorfinnur Ómarsson, fjölmiðlafulltrúi norrænu eftirlitssveitanna á Srí Lanka, segir að ekki sé ástæða til að óttast um öryggi sveitarinnar.

„Ekki undir nokkrum kringumstæðum stofnum við okkar mönnum í hættu, það er ekki okkar hlutverk að gæta friðar hér. Sveitin er ekki einu sinni vopnuð. Við fylgjumst einungis með því hvort og hvernig vopnahléinu er framfylgt. Bardagarnir eru sunnan borgarinnar Trincomalee, þar sem við erum með skrifstofur, og borgin er ekki talin í hættu,“ segir Þorfinnur í samtali við Fréttablaðið. „Hvorugur aðillinn hefur lýst yfir stríði eða sagt upp friðarsamningnum og við erum að vonast til að skærum fari að ljúka. Vopnahléið er reyndar í fullu gildi, þótt það sé ekki virt á þessu svæði; landið skiptist í sex hluta og skærur eru einangraðar við þennan eina hluta.“

Von er á Hanssen-Bauer til Srí Lanka næsta föstudag og mun hann reyna að stilla til friðar. Einnig mun hann ræða framtíð norrænu eftirlitssveitanna. - kóp

## SKÆRUR Á SRÍ LANKA

Erjur milli stjórnarhersins og tamíltígranna hafa vakið ugg um að vopnahléið frá 2002 sé á enda.



## Tjaldvagnar

tilbúnir til afhendingar strax!



AUKAHLUTAPAKKI AÐ VERÐMÆTI  
**50.000 KR.**  
FYLGIR ÖLLUM NÝJUM TJALDVÖGNUM

Eigum nokkra tjaldvagna tilbúna til afhendingar strax.

Komdu og kynntu þér ferðavagnaufralið hjá okkur!



www.seglagerdin.is Eyjarslóð 5, sími 511 2200

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

WWW.SVAR.IS

HEITASTA  
TILBOÐ SUMARSINSTAKMARKAÐ  
MAGN!

OKKAR ACER VÉLAR HAFNA  
**3**  
ÁRA ÁBYRÐ



## Acer Aspire 5612WLMi - Duo Core

Intel Duo Core 1.66Ghz  
1GB DDR2 Vinnsluminni  
80GB SATA Harður diskur  
15.4" CrystalBrite skjár  
Intel 945GM Skjákort  
- allt að 224MB samnýtt  
Windows XP home

Verð áður: 139.900,- kr.

VERÐ NÚNA: **119.900,-**

## Acer Aspire 5612WLMi - Duo Core

Intel Duo Core 1.66Ghz  
1GB DDR2 Vinnsluminni  
100GB SATA Harður diskur  
15.4" CrystalBrite skjár  
GeForce Go 7300 skjákort  
- 256MB TurboCache  
Windows XP home

Verð áður: 159.900,- kr.

VERÐ NÚNA: **129.900,-**

## Acer Aspire 5672 WLMi - Duo Core

Intel Duo Core 1.66Ghz  
1GB DDR2 Vinnsluminni  
100GB SATA Harður diskur  
15.4" CrystalBrite skjár  
-Innbyggð vefmyndavél  
ATI Radeon X1400 Skjákort  
- 128MB, allt að 512 samnýtt  
Windows XP home

Verð áður: 169.900,- kr.

VERÐ NÚNA: **149.900,-**

acer

Hvetur fólk til dáða

svaR) tækni

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS





Ávöxtun, þjónusta, ánægja



ARGUS / 06-0387

# Nú er potturinn þrefaldur!

SPRON	SPRON
1. 5,54%	1. 2,00%
2. 5,25-6,80%	2. 2,00%
3. 5,5%	3. 2,00%
4. 7,05-10,0%	4. 2,00%
5. 8,81-10,0%	5. 2,00%
6. 14,25-18,0%	6. 2,00%
7. 14,95%	7. 2,00%
8. 15,70%	8. 2,00%
9. 16,0%	9. 2,00%
10. 14,0%	10. 2,00%
11. 8,0%	11. 2,00%
12. 5,72-10,34%	12. 2,00%

Ávöxtun innlánsreikninga SPRON er frábær í samanburði við ávöxtun annarra banka og sparisjóða.

## SPRON skorar þrennu!

### 1 Frábær ávöxtun sparnaðarreikninga SPRON

- samkvæmt samanburðartöflu Morgunblaðsins 27. júlí 2006.


#### Fjármálfyrirtæki



SPRON fékk hæstu einkunn fyrir þjónustu meðal fjármálfyrirtækja á Íslandi, 4,6.

### 2 Þjónustan í toppi - samkvæmt þjónustukönnun sem IMG-Gallup

gerði fyrir SPRON í nóv.-des. 2005.



Íbúar höfuðborgarsvæðisins 2005.

### 3 Ánægjan hvergi meiri - samkvæmt Íslensku ánægjuvöginni 2005.

**Vertu með í toppliðinu  
– spilaðu með SPRON!**



Upplýsingar um innlánsreikninga SPRON fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400 eða á spron.is



# Lifið heil um verslunarmannahelgina

+ Ómetanlegir ferðafélagar fyrir örugga og ánægjulega verslunarmannahelgi

## + HRÁFÆÐISSTÖNG

Trek hráfæðispróteinstöng. Náttúruleg orka. Tívalið í nestispokann. Án aukaefna og enginn viðbættur sykur.

262 kr.



## + ORKA

Kraftmeiri orkudrykkur!

**Egils**



ISLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA/IS LYF 31640 08/2016

## + ALKA-SELTZER



## + EASY SUN – BRÚNKUKLÚTAR

Einfaldir og þægilegir í notkun og mynda fallega og eðlilega sólbrúngu.

139 kr.



## + ÁFENGISMÆLIR

Það er ekki alltaf óhætt að keyra daginn eftir. Vertu viss.

995 kr.



## + DUREX

Öryggi og þægindi. – Spennandi og unaðsfullir kaupaukar.

**KAUPAUKI**





**LÍBANSKUR HUNDUR** Það eru ekki bara mennirnir sem þjást vegna átakanna í Líbanon þessa dagana. Þessi hundur leitaði eiganda sinna í rústum húsa í Srifa í Líbanon þegar ljósmyndara bar þar að garði fyrir í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Drykkja ungra kvenna á Norðurlöndunum eykst til muna:

## Fleiri konur fá áfengiseitrun

**SVÍPIÓÐ** Sífellt fleiri ungar sænskar konur eru lagðar inn á sjúkrahús með alvarlega áfengiseitrun. Þetta kemur fram í nýrri sænskri rannsókn sem fjallað var um á fréttavef Svenska Dagbladet.

Drykkja Norðurlandabúa hefur aukist mjög á undanförunum árum og eru nú þrisvar sinnum fleiri unglingsstúlkur lagðar inn á sænsk sjúkrahús með áfengiseitrun en var árið 1987.

Í Noregi hefur þessum sjúklingum einnig fjölgað mikið á síðasta áratugnum, eða um 63 prósent meðal kvenna á aldrinum 18 til 24 ára, kemur fram á fréttavef norska blaðsins Aftenposten.



**MEIRI DRYKKJA** Sífellt fleiri ungar konur fá áfengiseitrun. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Ástæðurnar eru margþættar, að sögn Mats Ramstedt við Háskólann í Stokkhólmi sem leiddi rannsóknina, en meðal ann-

ars hafa þær með slæma andlega líðan stúlkanna að gera, því að þær drekka til jafns við pilt og þær byrja oft afar snemma að drekka, stundum allt niður í tíu eða ellefu ára.

Innlögnum eldri sænskra kvenna vegna áfengiseitrunar hefur einnig fjölgað og tvöfaldast hjá aldurshópnum 50 til 74 ára. Hið sama má segja um sænska karla á aldrinum 50 til 87 ára, en á síðustu 10 árunum má sjá 87 prósent aukningu meðal norskra karla sem eru eldri en fimmtugir.

Hins vegar hefur innlögnum sænskra karla á aldrinum 20 til 49 ára fækkað frá árinu 1987. - smk

Ránið í Bónusvídeó:

## Annar ræn- ingja ófundinn

**LÖGREGLUMÁL** Annar mannanna sem rændu skrifstofur Bónusvídeós í Hafnarfirði rétt eftir hádegi á mánudag er enn ófundinn. Vegfarendur yfirbuguðu félagi mannsins eftir að sá hafði stökkið út um glugga af annarri hæð, með hluta af ránsfengnum.

Lögreglan handtók manninn á staðnum og hefur úrskurðað hann í viku gæsluvarðhald. Hann hefur ekki sýnt samstarfsvilja við yfirheyrslur og neitar að gefa upp hver félagi hans er eða hvar hann gæti verið niður kominn.

Málið er enn í rannsókn hjá lögreglu. - mh

### BÍLL DAGSINS

## MITSUBISHI PAJERO SPORT

Nýskr. 06/02 - Sjálfskiptur - Ekin 68 þús. km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00. Sími: 525 8020.

Þjóðhátíð í Eyjum:

## Vínbúð verður opin lengur

**ÞJÓNUSTA** ÁTVR hefur ákveðið að Vínbúðin í Vestmannaeyjabæ fái að standa opin til klukkan 16.00 föstudaginn fyrir verslunarmannahelgi. Áður hefur verslunin verið lokað frá föstudegi til og með mánudegi um verslunarmannahelgi.

Í auglýsingu ÁTVR um opunar-tímamann stóð þó að þetta væri gert samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. „Þetta er bara okkar afstaða, við gerum engar athugasemdir við þetta. Vonandi tákna þetta þjónustu fyrir þjóðhátíðargesti,“ segir Elliði Vignisson bæjarstjóri. - sgi

### NOREGUR

**Vespualda** Mun fleiri leita sér lækni-hjálpar vegna geitungastungna í Noregi í ár heldur en flest önnur ár og kenna heilbrigðisyrfirvöld óvenju heitu sumri um. Biðja þau fólk um að fara varlega þegar það snæðir utandyra, því geitungar sækja gjarnan í mat og gosdrykki.



**ÁSGEIR DAVÍÐSSON** Eigandi Goldfinger segir nektardansmeyjar fá greiddar um tíu til fimmtán þúsund krónur fyrir að fara í einkasamkvæmi og dansa.

Nektardans seldur með milligöngu einkamálasíðna:

## Nektardans tíðkast úti um allan bæ

**NEKTARDANS** Ásgeir Davíðsson, eigandi nektardansstaðarins Goldfinger, segir að nektardansmeyjar frá sínum stað hafi verið leigðar út til að dansa utan næturklúbbsins.

„Þetta hefur verið gert og þá hefur verið borgað fyrir þetta eins og einkasýningu,“ segir Ásgeir. „Þetta hefur kostað tíu til fimmtán þúsund og þá koma dyraverðir með til að sjá til þess að allt fari vel fram. Þetta er ekki eins og einkadans, heldur fer stelpa, skilur sig eftir hálfnakta á sviðinu og labbar svo út. Svona hefur ekki verið gert nema

kannski tvisvar síðan á áramótum.“

Ásgeir segir engar reglur vera til staðar yfir þetta og nektardans eiga sér stað um allan bæ. Nú til dags fari einkasýningar af þessu tagi fram með milligöngu einkamálasíðna á netinu.

Katrín Anna Guðmundsdóttir, talskona Femínistafélagsins, segist hafa áhyggjur af vinnuáðstöðu nektardansmeyjanna. „Stelpurnar eru sendar út í auglýsingaskyni, án þess að fá borgað fyrir. Það er komið fram við þær eins og vöru, en ekki vinnandi manneskjur sem eiga að fá laun. Stóra vandamálið er að þó að við séum með lögreglu-samþykktir í kringum þessi mál er ekkert aðhafst í þeim. Einkadans er ólöglegur bæði í Reykjavík og Kópavogi, en þó það sé vitað að hann fari fram þá er ekkert gert í því,“ segir Katrín. - sgi




**KATRÍN ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR**

# Útsölu lok 70-90%

afsláttur af öllum útsöluvörum



THE SHOE STUDIO  
KRINGLUNNI



- Bretland, Ástralía,  
Nýja Sjáland, Mið-Austurlönd  
og Suður-Afrika  
**Móðgun**

- USA:  
**Tveir**

- Frakkland:  
**Friður**

- Þýskaland:  
**Sigur**



## Vegurinn liggur austur



fljotsheraad.is




- Íbúafjöldi 3.900
- Viðfeðmasta hérað landsins
- Krossgötur Austurlands
- Veðursæld
- Einstæð náttúrufergurð
- Blómleg menning

**Egilsstaðir**  
**Fellabær**  
**Eiðar**  
**Hallormsstaður**  
**Brúarás**

Þeir sem sækjast eftir náttúru sem á sér enga hliðstæðu, betra veðri en almennt má búast við á Íslandi og kraftmiklu mannlífi og menningu, ættu að fylgja veginum austur á Fljótshérað. Á sólríkum sumardegum er hvergi betra að vera. Hvort sem þú átt leið um eða vilt dveljast um lengri tíma ertu ávallt velkominn.

**Fljótshérað – hvergi annarsstaðar**

# Ertu klár fy



**50,-**

**LÁGIS** músarmotta  
ýmsir litir



**BASISK** vinnulampi  
H36 cm, nikkelhúðaður **1.690,-**



**BOKIS** bókastof  
glær **50,-**



**REDO** veggklukka  
Ø27 cm **990,-**



**LYCKLIG** geisladiskataska  
64 vasar, ýmsir litir **595,-**




**KASSETT** tímaritahirsla  
ýmsir litir **390,-**



**EXPEDIT** bóskápur  
149x79 cm, ýmsir litir **6.950,-**



**BONNY** skrifstofustóll  
stillanleg hæð og bak, ýmsir litir **8.950,-**



**VINK** geisladiskarekki  
fyrir 20 geisladiska **190,-**



**LYCKLIG** taska, svört  
2 laus hólf/ geisladiska, 2 innri hólf  
og 1 ytra hólf. Rúmar fartölvu **895,-**



**190,-**  
**FNISS** ruslafata  
ýmsir litir



**FIRA** smáhirsla, birkirossviður  
36x25x26 cm **990,-**

Skóladagar í IKEA 3. - 20. ágúst

Opið 10:00 - **20:00** virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)

# Þrír skólann?



**DOKUMENT** blaðabakki  
30x26x27 cm 790,-



**MÖRKER** vinnulampi  
ýmsir litir 390,-



**KLÄMMAN** vekjaraklukka  
silfurlituð 390,-



**LUNS** skrif/segultafla  
48x71 cm, antíkbæsuð 1.490,-



**ORIGINAL** skrifborðsmotta  
72x52 cm 2.390,-



50,-

**FNISS** pennastandur  
ýmsir litir



**SKRUVSTA** hægindastóll  
ýmsir litir 9.950,-

# 4.950,-

**MIKAEL** tölvuborð m/ hjólum  
77x50x76 cm, ýmsir litir



**FLÄRKE** tölvuborð, birkiáferð  
80x55x74 cm, 2.990,-



**DOKUMENT** minnisbox  
m/blöðum 190,-



**DOKUMENT**  
pennastandur 2 stk. 190,-



**HÅBOL** kassar m/ loki  
48x34x36 cm, 2 stk. 290,-



**Fjölskyldutilboð**  
virka daga 17:30 - 19:30

Sænskar kjötbollur, tveir 10  
bolu skammtar og tveir  
barnskammtar af spaghetti  
ásamt safa.

990,-

IKEA Restaurant



## „ORÐRÉTT“

## Ofbeldisseggir í miðbæ

„Það fólk sem beittir ofbeldi er illa áttað vegna vímu-eða ölvunarástands. Að lögreglan standi þeim við hlið hefur ekki forvarnargildi.“

Geir Jón Þórisson, yfirlögrelubjónn í Reykjavík, svarar gagnrýni um að lögreglan sé ekki nógu sýnileg í borginni. Fréttablaðið, 2. ágúst.

## Villandi áfengis-auglýsingar

„Í áfengisauglýsingu sem birt var fyrir síðustu verslunarmannahelgi er til dæmis gefið í skyn að meiri bjór skili sér í meiri peningum og fleiri vinum.“

Rafn Jónsson, verkefnisstjóri áfengis- og vímuvarna hjá Lýðheilsustöð, segir áfengisauglýsingar byggja upp ákveðnar væntingar sem séu varhugaverðar fyrir unga neytendur. Fréttablaðið, 2. ágúst.

## HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? RÓBERT ÖRN HJÁLMTÝSSON TÓNLISTARMAÐUR

## Bráðvantar tölvu og útgefanda

„Það er bara akkúrat ekki neitt að fréttu,“ segir Róbert Örn Hjálmtýsson, söngvari og lagasmiður hljómsveitarinnar Ég. „Það gerist akkúrat ekkert fyrr en að ég finn Medici fjölskylduna víðfrægu og hún reddar mér tölvu til að taka upp nýju plötuna mína.“ En að sögn Róberts Arnars hélt Medici fjölskyldan Leonardo Da Vinci uppi í þá daga svo að hann gæti sinnt sínum störfum sem lista- og fræðimaður.

Róbert Örn hefur eytt stærstum hluta sumarsins í lagasmiðar fyrir nýja plötu, til að fylgja eftir hinni margrómuðu plötu Plötu ársins. Hann segir að lagasmiðarnar hafi gengið vonum fram og að lögin séu tilbúin. Vinnsla við plötuna hefur hins vegar dregist á langinn vegna skorts á áhuga útgefanda hér á landi og tæknilegra örðugleika.

„Ég er bæði að leita að útgefanda fyrir

þriðju plötu Ég og tölvu til að geta klárað upptökurnar á seinni helming plötunnar,“ segir Róbert Örn sem er staðráðinn í að koma plötunni sinni út sama hvað tautar og raular. „Ég er alveg stöpp núna og ég er að vona að einhver úr Medici fjölskyldunni búsettur hér á Íslandi reddi þessu. Sena nennti ekki einu sinni að prófa að hlusta á það sem verður líklega frábærasti geisladiskur sögunnar,“ segir Róbert Örn alvarlegur í bragði.

Hljómsveitin Ég mun troða upp á Innþúk-anum á föstudeginum um verslunarmannahelgina ásamt hljómsveitunum Jan Mayen, Jeff Who og

Television og er mikill hugur í okkar manni fyrir tónleikana. „Ég hlakka mikið til að spila á Nasa þar sem að ég hef aldrei spilað þar áður, það verður án efa mikið stuð,“ segir Róbert Örn. „Svo kíkir maður á þúkann hin kvöldin líka enda rosalega

flott dagskrá um helgina.“

„Síðan heldur bara leitin áfram að tölvu og útgefanda svo að ég geti klárað plötuna og komið henni út. Er einhver þarna úti sem hefur áhuga?“ segir

Róbert Örn Hjálmtýsson tónlistarmaður og hlær.

nær og fjær  
tilveranHVAÐ SEGIR ANNA?  
DÚFUR

ANNA M. GUÐMUNDSDÓTTIR Á HESTEYRI Í MJÓAFIRÐI

## Skurðgoða-dýrkun

„Mér er sagt að ekki sjáist ein einasta dúfa í Reykjavík en þær settu svip sinn á borgarlífið hér einu sinni. Þeim var víst útrýmt af því að þær skitu á stytturnar í borginni en mér finnst það líkjast skurðgoðadýrkun að taka stytturnar fram yfir lífandi dýr. Dúfur eru meinleysisgrei og það er gaman að fylgjast með þeim. Rjúpan er svo annar fugl sem gerir engum mein. Stofninn dafnaði þegar veiðar voru bannaðar en eftir að byrjað var að skjóta rjúpunu á nýjan leik fækkaði fuglunum. Það ætti að banna þetta alveg.“

Blómlegt verslunarlíf í veðurblíðunni á Selfossi:

## Búðingur á tíkall

**MANNLÍF** Mörgum hefur verið tíðrætt um hátt vöruverð á Íslandi nú um stundir. Það á svo sannarlega ekki við í Furðubúðinni sem starfrækt er á Selfossi þessa dagana og alla jafna þegar veðurblíðan býður upp á það. Matvörur eins og núðlusúpa og búðingur kosta aðeins tíu krónur svo eflaust myndu fáar verslanir standa Furðubúðinni snúninginn ef hún yrði tekin með í verðkönnunum. Þó er ekki allt jafn ódýrt því munnharpan kostar heilar 50 krónur.

„Það eru rosalega margir búnir



að kaupa,“ segir Konráð Oddgeir Jóhannsson og því til sönnunar kemur Haraldur Gíslason með könnu fulla af peningi.

Anna Kristín Leósdóttir segir að þó verslunin gangi vel muni hún ekki starfa til eilífðarþóns því hún og Írena Birta Gísladóttir samstarfskona hennar ætla að verða hárgreiðslukonur en strákarnir Konráð Oddgeir, Haraldur og Bjarki Leósson ætla að vinna í dýragörðum. Konráð Oddgeir bendir þó á að í dýragörðum eru oft margar búðir svo reynslan úr Furðubúðinni gæti komið sér vel. -jse

**LÍF OG FJÖR Í FURÐUBÚÐINI** Verslunarmenn beittu öllum brögðum í veðurblíðunni í fyrradag til að ná í kúna. Hér eru Anna Kristín Leósdóttir, Konráð Oddgeir Jóhannsson, Haraldur Gíslason, Írena Birta Gísladóttir og Bjarki Leósson að fanga athygli vegfaranda. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURDUR



SUMARGLEÐIN Á sinni fyrstu æfingu í meira en áratug.

## Lög sem hættulegt er að taka

Kapparnir í Sumargleðinni fóru á sína fyrstu æfingu í áratug um helgina en þeir munu skemmta í Galtalæk um verslunarmannahelgina. Blaðamaður reyndi að komast að því hvaða brögðum Einar Bárðarson beitti til þess að koma gömlu kempunum til. Hann spjallaði við Einar og tvær kempur.



EINAR BÁRÐARSON...BELLIBRAGÐ

Svo gerði ég eins og segir í laginu og fór í frí til útlanda og það er ekki fyrr en ég les það í dagblaði á leiðinni heim að fjölmiðlamaðurinn Þorgeir Ástvaldsson hafi þeytt frumraun sína sem söngvari á nýrri plötu. Ég vissi ekki hvert ég ætlaði. Það má segja að ég hafi nauðlent. Síðan hef ég þurft að syngja þetta lag og heyra sjálfan mig syngja það öll þessi ár en maður lærir að lifa við þetta.“

Ómar Ragnarsson hefur einnig þurft að naga sig í handarbökin fyrir að syngja lag sem menn tengja við hann æ síðan. „Það er þetta fjárans lag Sveitaball,“ segir hann og hryllir við. „Það hættulegasta sem ég hef gert um ævina var að syngja lagið Sveitaball; ég var næstum því dauður. Þannig var að ég ætlaði að fara heljarstökk en gleymdi síðari hluta hringins og lenti á hausnum. Jón bróðir sem var á fyrsta bekk var alveg handviss um að ég væri dauður. Svo fimm árum síðar var ég að syngja sama lag og fór í kollhnís aftur á bak á sýningu á Hótel Íslandi en þá hnyktist á brotinu í hálsinum sem ég vissi ekki af og ég var með hálskraga allt það ár.“ Er nema von að Ómar beri nokkurn kvíðboga fyrir því að þurfa að taka þetta lag.

Þeir kumpánar gera svo hlé á hlátrasköllum og verða alvarlegir um stund. „En við söknum allir Bessa Bjarnasonar og munum hugsa mikið og hlýtt til hans við þessa endurfundi,“ segir Þorgeir.

En þá er það aðeins að fá að vita hvaða bellibrögðum Einar Bárðarson beitti til að fá þá til að koma saman aftur. „Það bellibragð heitir Einar Bárðarson,“ segir Ómar.

jse@frettabladid.is

Forsýning

# Bílabúð Benna

Alvöru dótabúð fyrir mótoráhugafólk !!

MÓTORHJÓL

MÓTORHJÓLAVÖRUR

FJÓRHJÓL

LOFTSÍUR

POWER ACOUSTIK

HLJÓMTÆKI & DVD SPILARAR

AUKAHLUTIR

HÁGÆÐA DEKK

TOYO TIRES

**BÍLABÚÐ BENNA FORSÝNING**

**MIAMI VICE**

Ef verslað er fyrir kr. 3900 eða meira, fylgja tveir miðar í kaupbæti á sérstaka forsýningu Bílabúðar Benna á Miami Vice þriðjudaginn 8. ágúst.



**50.000 kr.**  
af bensíni fylgja öllum notuðum bílum



TOYOTA AVENSIS SOL EXE



Árgerð 2005 - Sjálfskiptur - Ekinn 8. þús.  
ÁÐUR: 3.090.000,- **TILBOÐ: 2.880.000,-**

VOLVO S40



Árgerð 1997 - Sjálfskiptur - Ekinn 139. þús.  
VERÐ: 680.000,-

OPEL VECTRA ELEGANCE



Árgerð 2003 - Sjálfskiptur - Ekinn 37. þús.  
ÁÐUR: 1.670.000,- **TILBOÐ: 1.490.000,-**

OPEL ASTRA 1.2



Árgerð 1998 - Beinskiptur - Ekinn 77. þús.  
VERÐ: 460.000,-

**Fjárfestu í notuðum bíl hjá okkur, fáðu 50.000 kr. bensínkort frá Ego í kaupbæti og þú getur ekið frítt 5 hringi í kringum landið.\* Allt að 100% fjármögnun.**

Utan höfuðborgarsvæðisins er hægt að nota bensínkort Ego á bensinstöðvum ESSO um land allt.

**Ingvar Helgason**

**NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00

\* 50.000 kr. jafngilda 386,4 litrum af 95 oktan bensíni hjá Ego miðað við verðlag 31.07.06. 386,4 lítrar miðað við bensineyðslu upp á 6 lítra á hundraðið nægir í fimmfaldan hringvegsakstur.

# Verslunarmannahelgi



**30%**  
afsláttur



**40%**  
afsláttur

**539** kr. kg  
Krónu Pylsur  
magnpakking



**20%**  
afsláttur

**1358** kr. kg  
Gourmet villikrydduð  
ofnsteik



Krónu samlokur  
**129**  
kr/stk



Coke + Maarud  
**399**  
kr/stk

**20%**  
afsláttur  
Vestfirskur  
Krónubítafiskur  
100gr  
**439**  
kr/pk



**20%**  
afsláttur

Vestfirsk roðlaus  
ysufiók 400gr  
**1439**  
kr/pk



**30%**  
afsláttur  
Goða sviðasulta

Goðu tvenna  
**319**  
kr/stk



Nizza  
5teg.  
**79**  
kr/stk

E Finnson  
sósur  
**149**  
kr/stk



**30%**  
afsláttur  
Goða Hangikjöt  
soðið



Krónu braudsaliöt  
**155**  
kr/stk



Shop R.  
arinkubbur  
**199**  
kr/stk



**Virki  
Sam-  
keppni**



**598** kr. kg  
2 Goða Lúxus hamborgaran  
með öllu

**40%** afsláttur  
**479** kr. pk  
~~799~~  
Móa grillaður kjúklingur  
1/1 kaldur

## Krónan alltaf hagstæð!



Náttúru  
frissie salat  
**199** kr/pk



Gulrætur  
litlar  
**169** kr/pk



Bökunarkartöflur  
í lausu  
**99** kr/kg



**50%** afsláttur  
útileguvörur



Grillsett  
14 hlutir  
**1498** kr/stk



EINNOTA GRILL  
Odýrt  
**199** kr/stk



Grillbakkar  
BBQ - 5stk  
**149** kr/pk

Kingsford  
uppkveikilögur  
**449** kr/stk



Kingsford  
grillkol 4,5kg  
**449** kr/stk

Alltaf tilbod alla daga



# Allar útsöluvörur 250-1000 kr.

50% auka afsláttur af útsölu  
verðhrun



Ja hérna þetta er nú lægsta  
verð sem ég hef á ævi minni séð!  
Bolí 250 kr., buxur og peysur 500-750 kr.  
Skór 500-1000 kr. og úlpur á 1000 kr.  
Nú er bara að haska sér og gera  
kaup aldarinnar!

## Verðdæmi


Upph. verð	Götumarkaður	50% auka afsláttur
<del>999-1299 kr.</del>	<del>500 kr.</del>	250 kr.
<del>1499-1999 kr.</del>	<del>1.000 kr.</del>	500 kr.
<del>2499-2999 kr.</del>	<del>1.500 kr.</del>	750 kr.
<del>3499-4999 kr.</del>	<del>2.000 kr.</del>	1.000 kr.

nú á  
allt að  
seljast

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, húsgögn og heimilivöru.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





Íslenskt  
spergilkál

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.306 +0,88% Fjöldi viðskipta: 178  
Velta: 3.446 milljónir

## MESTA HÆKKUN

↑ Vinnslustöðin +2,41%  
Glitnir +1,79%  
FL Group +1,30%

## MESTA LÆKKUN

↓ Icelandic Group -1,26%  
Össur -0,94%  
Dagsbrún -0,57%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 61,20 -0,16% ... Alfesca 4,06 +0,00% ... Atlantic Petroleum 566,00 +0,89% ... Atorka 6,05 +0,00% ... Avion 32,30 -0,31% ... Bakkavör 47,90 +0,63% ... Dagsbrún 5,27 -0,57% ... FL Group 15,60 +1,30% ... Glitnir 17,10 +1,79% ... KB banki 710,00 +1,28% ... Landsbankinn 20,80 +0,97% ... Marel 74,40 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,90 +1,20% ... Straumur-Burðarás 15,70 +0,00% ... Össur 106,00 -0,94%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn ...


## Exista verðlagt

Sölu KB banka á sex prósentu hlut í Exista til níu lífeyrissjóða hefur verið tekið fagnandi, enda mikilvægur liður í því að brjóta upp krosseignarhald sem mikið hefur verið til umræðu og skref í þá átt að skrá Exista á markað. Verðið sem bankinn fær er einnig gott án þess að stjórnendur bankans vilji fara nákvæmlega út í þá sálma. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, sagði í Fréttablaðinu í gær að kaupverð hlypi á annan tug milljarða. Exista var metið á 288 milljarða króna þegar það keypti VÍS fyrr í sumar og því er ekki ósennilegt að KB banki hafi fengið 17,5 milljarða fyrir sinn snúð og leyst þar með út tæplega sex milljarða söluhagnað. Mörgum finnst þó þetta markaðsvirði Exista vera fullhætt þar sem félagið er þá töluvert verðmeira en Glitnir og Landsbankinn og frá þeim tíma hefur fjórðungshlutar þess í KB banka hefur rýrnað nokkuð. Í þessu sambandi má ekki gleyma

að stóru lífeyrissjóðirnir hafa haft góða reynslu af að fjárfesta í félögum tengdum Bakkabærdum sem eru aðaleigendur Exista.

## Síminn verðmætari

Sú saga gengur fjöllum hærra að ein helsta eign Exista - Síminn - sé orðin töluvert verðmætari en þegar ríkið seldi hana til Exista, KB banka og lífeyrissjóða fyrir ári síðan. Eykur það á ári síðan. Ekkert virði Exista. Þá fékk ríkið um 67 milljarða króna fyrir sinn hlut. Spyrja menn nú hvort verðmiði verði fundinn á Símann á næstunni með þeim hætti að KB banki selji hlut sinn í félaginu til Exista og losi enn frekar um óskráðar eignir sínar. Framtíðarstefnan er sett á það að skrá Símann á markað. Sagan segir að meta megi Símann á allt að níutíu milljarða króna.



Síminn

## Dregur úr halla á vátryggingarekstri

Hagnaður Sjóvár meira en tvöfaldast á milli ára.

Sjóvá skilaði 4,1 milljarði króna í hagnað fyrir skatta á fyrri ársþingi sem er 141 prósentu aukning frá sama tíma í fyrra.

Verulega dró úr halla á vátryggingastarfsemi samfara lækkandi tjónahlutfalli. Hallinn nam 271 milljón króna á tímabilinu saman-



borið við 1.116 milljónir á fyrri hluta árs 2005. Lækkaði rekstrar-kostnaður félagsins um þrjátíu prósent á fyrri hluta ársins.

Afkomu af fjárfestingastarfsemi gekk vel að sögn forsvarsmanna félagsins.

Sjóvá er að öllu leyti í eigu eignarhaldsfélagsins Milestones sem er í eigu Karls Wernerssonar og fjölskyldu.

**PÓR SIGFÚSSON,**  
FORSTJÓRI  
**SJÓVÁR, OG**  
**KARL WERNERSSON,**  
STJÓRNAR-  
FORMAÐUR.

## Jákvæð viðbrögð í kjölfar góðra uppgjöra banka

Credit Suisse biður helstu gagnrýnendur bankanna um að koma fram og játa mistök sín. Ágæt staða bankanna við endurfjármögnun talin þeim til tekna. Undirstöður hjá Glitni og LÍ sagðar traustari en hjá KB banka.

Vaxtaálag á skuldabréf íslensku viðskiptabankanna þriggja hefur farið minnkandi eftir að þeir birtu afkomutölur fyrir annan ársfjórðung. Auk þess hefur velta á íslenskum skuldabréfum vaxið. Er þetta rakið til jákvæðrar umsagnar nokkurra erlenda fjármálafyrirtækja um afkomu bankanna.

Sérfræðingar hjá franska bankanum Société Générale eru jákvæðir yfir þeim tölum sem lítið hafa dagsins ljós og telja að dregið hafi úr neikvæðri umræðu um íslensku



**REIKNINGARNIR GREIDDIR** Uppgjör bankanna hafa fengið góða dóma erlendra markaðs- aðila. Vaxtaálag skuldabréfa bankanna hefur farið lækkandi.

bankana. Þá er skilningur á starfsemi bankanna orðinn meiri sökum aukinnar umfjöllunar sérfræðinga.

Staða á endurfjármögnun lítur vel út: „Það lítur út fyrir að áhætta við fjármögnun hafi minnkað í kjölfar þess að allir þrír bankarnir hafa lokið við skuldbindingar vegna ársins 2006 og eru byrjaðir á fjármögnun vegna ársins 2007.“

Þetta birtist í minnkandi vaxtaálagi skuldabréfa bankanna á eftirmarkaði sem hafði hækkað eftir birtingu sex mánaða uppgjörs KB banka sem sýndi 6,5 milljarða gengistap af verðbréfum á fjórðungnum. Société Générale telur að álagið geti minnkað enn frekar hjá Glitni og Landsbankanum en undirstöður bankanna eru betri en hjá KB banka sem er viðkvæmari fyrir sveiflum á hlutabréfamörkuðum. Miðað við núverandi vaxtaálag liggja besta tækifæri í bréfum Landsbankans.

ABN Amro tekur í sama streng og telur jákvætt hve vel gangi hjá

bönkunum að mæta endurfjármögnunarbörf næstu missera.

Credit Suisse er mjög jákvætt í garð Glitnis og getur ekki beðið um meira þegar hliðsjón er höfð af arðsemi eigin fjár á öðrum ársfjórðungi og eiginfjárstyrk bankans um þessar mundir. Um stöðu bankanna almennt segir Credit Suisse meðal annars: „Á árinu höfum við haldið því fram að markaðurinn hafi ofmetið áhættu íslensku bankanna.“ Og bætir við: „Það er kominn tími til að þeir fjárfestar og sérfræðingar sem voru hvað neikvæðastir á íslensku bankana komi fram og viðurkenni að þeir hafi haft rangt fyrir sér.“

Credit Suisse mælir með að fjárfestar haldi sér í langtímastöðu í skuldabréfum íslensku bankanna.

Í Financial Times kemur fram að uppgjör Glitnis, sem birt var í fyrradag, hafi dregið úr áhyggjum fjárfesta í garð íslensku bankanna sem eru vel á sig komnir þessa dagana.   
eggert@frettabladid.is

Útsölulok  
70-90%  
afsláttur  
af allri útsöluvöru

KAREN MILLEN

## Velta í fasteignum snarminnkar

Fjöldi þinglýstra kaupsamninga hefur dregist saman um tæp fjórutíu prósent á einu ári.

Velta á íbúðamarkaði í júlí dróst saman um þrjátíu prósent milli ára, samkvæmt tölum frá Fasteignamati ríkisins. Veltan nam 10,4 milljörðum króna í júlí samanborið við 16,1 milljarð króna á sama tíma í fyrra.

Þá hefur kaupsamningum vegna íbúða fækkað að sama skapi, 427 samningum var þinglýst í júlí samanborið við 689 á sama tíma í fyrra. Hefur því fjöldi þinglýstra samninga fækkað um tæp fjórutíu prósent milli ára.

Fram kemur í Morgunkornum greiningardeildar Glitnis að verðlækkun sé líklega framundan á íbúðamarkaði. Vaxtahækkunir, minni kaupmáttur og verri aðgangur íbúðakaupenda að lánsfé dragi



**NÝBYGGINGAR**

úr eftirspurn á íbúðamarkaði. Þá vaxi framboð hratt enda framboð nýbygginga aldrei meira.

Telur greiningardeildin sennilegt að íbúðaverð lækki um fimm til tíu prósent að raunvirði á næstu tveimur árum.   
-jsk



Stillanlegt  
og þægilegt



## STÓRGLÆSILEG ÁGÚSTTILBOÐ Á TEMPUR OG STILLANLEGUM RÚMUM



Að sofa er eitt, að hvílast er annað. Í ágúst bjóðum við Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og kotta á frábæru tilboði. Yfir 30 þúsund lækningar, sjúkráþjálfarar og kiropraktorar um heim allan mæla með Tempur. Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarksslökun, hvíld og svefni sem er lykillinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.



EINA DÝNAN OG KODDINN SEM  
VIÐURKENND ERU AF **NASA** OG  
SKJALFEST AF GEIMFERÐA-  
STOFNUN BANDARÍKJANNA ◆



# EKKI MISSA AF ÞESSU!!!



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • [betrabak@betrabak.is](mailto:betrabak@betrabak.is) • [www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)  
Opíð virka daga frá kl. 10-18  
Laugardaga frá 12. ágúst frá kl. 11-16



### Vissir þú...

ad Stigandi frá Sauðárkróki á 515 skráð afkvæmi. Þekktust þeirra eru Tígull frá Gýgjarhóli, Galdur frá Laugarvatni og Hrynjandi frá Hrepphólum.

www.worldfengur.com

## fákar

og fólk

### ■ Fjörufjör á Snæfellsnesi

Það hefur lengi þótt æðsti draumur hestamannsins að ríða um hvítan sandinn í Löngufjörum. Um næstu helgi býðst fólk kostur á að taka þátt í fjölskylduskemmtun á Hótel Eldborg á Snæfellsnesi. Meðal annars verður boðið upp á að leigja hest á staðnum og fara í þriggja tíma reiðtúr undir leiðsögn Ólafs Flosasonar sem þekkir vel til fjörunnar. Þar verða hross fyrir alla þá sem vilja komast á bak, jafnt vana sem óvana.



Að sögn Ólafs Lúðvíkssonar hótellstjóra er þetta í fyrsta sinn sem slík fjölskylduskemmtun er haldin. Stílað er inn á hestamenn, hvort sem þeir eigi hesta eða ekki. Margt verður í boði fyrir hestamannafjölskyldur, fjársjóður verður falinn í sandinum og eru veglegir vinningar í boði frá hestavöruverslunum. Á staðnum er sundlaug, blakvöllur, fótboltavöllur og trampólín en um kvöldið verður haldin kvöldvaka.

Hótel Eldborg er sveitahótel sem rekið er á sumrin í Laugagerðisskóla. Þar er aðstaða bæði fyrir einstaklinga, fjölskyldur og hópa. Hótelid er aðeins í 110 km fjarlægð frá höfuðborginni og því ekki langt að fara og stutt í margar náttúruferlur á Vesturlandi.

### ■ Ungur heimsmethafi í skeiði

Hinn þrettán ára Ragnar Tómasson fór mikinn á Glitnismóti Dreyra sem haldið var um síðustu helgi. Ragnar hefur þrátt fyrir ungan aldur haft mikinn áhuga á skeiði og vakið athygli fyrir góðan árangur. Nú má með sannri segja að hann sé hættur að vera upprennandi skeiðstjarna og einfaldlega orðinn stjarna, enda gerði hann sér lítið fyrir og sló heimsmetið í hundrað metra fljúgandi skeiði sem Anna Skúlason frá Svipjóð setti á síðasta heimsmestaramóti. Fyrra metið var 7,35 sekúndur og fór Ragnar sprettinn á 7,27 sekúndum á hestinum Móses frá Grenstanga en þeir tveir hafa margoft keppt á skeiðbrautinni.

Sportnefnd FEIF á eftir að staðfesta metið en eftir því sem næst verður komist voru aðstæður allar til fyrirmyndar og allar líkur á að metið standi.

### ■ Íslandsmót barna, unglunga og ungmenna

Íslandsmót barna, unglunga og ungmenna verður haldið á keppnissvæði hestamannafélagsins Sleipnis að Brávöllum á Selfossi dagana 11. - 13. ágúst næstkomandi.

Reiknað er með talsverðum fjölda þátttakenda og fjöldi í hverjum flokki. Það er ekkert síðra að fylgjast með keppni þessara áhugasömu og kappsfullu ungu knapa sem eru í mörgum tilfellum ekkert verr ríðandi en hinir fullorðnu.

## VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



## MARKISUR



www.markisur.com

Rein Fjölfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

### HESTAMAÐURINN: METTE CAMILLA MOE MANNSETH

## Skólamál hestamanna á mikilli uppleið

Norska hestakonan Mette Mannseth var stödd í heimaborg sinni Ósló þegar blaðamaður náði sambandi við hana. Hún er þar í heimsókn hjá fjölskyldu sinni áður en hún heldur til Finnlands að kenna á reiðnámskeiði. Tanningakonan, sem búið hefur síðastliðin tíu ár á Íslandi og kennir við Hólaskóla, segist ekki gera jafn mikið af því og margir reiðkennarar að kenna námskeið erlendis enda sé nóg að gera í Hólaskóla auk þess sem lengra er fyrir hana að fara því hún býr í Skagafirði.

Mette flutti til Íslands um tvítugt til að starfa við tanningar. Hún sótti íslenskunám

við háskólann og hóf síðan nám við Hólaskóla. Þar hefur hún ílengst og fór að kenna þar að námi loknu. Hún segir mikið vatn hafa runnið til sjávar síðan hún hóf sjálf nám við skólann. „Skólamál hestamanna eru á mjög mikilli uppleið. Verið er að stækka skólann og ráða fleiri kennara. Þá hefur samstarf kennaranna í kringum námið verið á

mjög góðri leið,” segir Mette sem hefur stundað hestamennsku frá ellefu ára aldri. Hún byrjaði á norskum hestum en færði sig um sextán ára aldur yfir í íslenska hesta-

kynið, sem hún segir eitt stærsta reiðhestakynið á svæðinu í kringum Ósló.

Mette hefur vakið athygli fyrir þrúða og fagmannlega reiðmennsku og hlaut af þeim sökum reiðmennskuverðlaun Félags tanningamanna á nýafstöðnu landsmóti. FT veitir verðlaunin á hverju landsmóti þeim knapa sem hefur skarað hefur fram úr.

Þegar Mette snýr heim býður hennar heilmikið verkefni við að undirbúa alþjóðlega þjálfararáðstefnu sem haldin verður á Hólum í byrjun september. Þar koma saman um hundrað þjálfarar aðallega frá Evrópu. „Þetta er í fyrsta sinn sem slík ráðstefna er haldin hér á landi en þetta hefur verið haldið árlega af FEIF í öðrum löndum,” segir Mette sem er hlakkar mjög til ráðstefunnar. Þegar henni lýkur hefst skólasterfið á fullu og því verður nóg um að vera hjá Mette á næstunni.



FAXIÐ FEYKIST TIL Anna Valdimarsdóttir á hinum litfagra stóðhesti Sibeliusi frá Eichenhof. Þau vöktu mikla athygli fyrir vel útfærða sýningu á fjörgangi á Norðurlandameistaramóti í Danmörku um síðustu helgi.

MYND/BJARNLEIFUR BJARNLEIFSSON

## Konur í meirihluta knapa

Anna Valdimarsdóttir hefur ásamt manni sínum búið og starfað í Þýskalandi í tólf ár. Hún átti góðu gengi að fagna á Norðurlandamóti um síðustu helgi þegar hún hreppti fyrstu verðlaun í fjörgangi á þýskfæddum stóðhesti.

„Ég ætlaði nú bara að fara til Þýskalands og vera í nokkra mánuði en hér er ég enn,” segir Anna Valdimarsdóttir, sem býr ásamt manni sínum, Friðfinni Hilmarssyni, á býli rétt utan við Hannover í Þýskalandi. Þar starfa þau við tanningar, þjálfun og reiðkennslu og líkar vistin vel. „Hér er mikið af Íslendingum, Hólmgeir Jónsson er hér rétt hinum megin við götuna og svo er Kóki Ólafsson ekki langt í burtu,” segir Anna og bendir á að mikið sé um íslenska hesta í kringum Hannover. „Bara í þessu þorpi sem við búum í eru þrír Íslandshestabær, ætli séu ekki álíka margir hestar og fúar,” segir hún kímín.

Innt eftir því hvort þau hjónin ætli sér að eyða ævkvöldinu

í Þýskalandi hlær hún og segist ekki halda það. Þó hafi þau það mjög gott í Þýskalandi og margt mæli með að þau búi þar áfram. „Það er auðveldara fyrir okkur að lifa af hestamennskunni hér. Svo erum við líka búin að koma okkur upp nafni sem við eigum ekki heima auk þess sem veðurfarið oft auðveldara og meira hægt að gera árið um kring.“

Anna segir það hafa verið ofsa-lega góða tilfinningu að sigrast í fjörgangi á Norðurlandamóti. „Ég var nokkra daga að átta mig á því að ég hefði virkilega getað þetta,” segir Anna sem reið litfögrum og faxprúðum stóðhesti, Sibeliusi frá Eichenhof. „Hesturinn er þýskfæddur, ofsa-lega skemmtilegur og næmur og ekki skemmir liturinn,” segir Anna en Sibelius er mós-kjóttur sem er ekki mjög algengt, hvað þá á góðum stóðhesti. Hún segir hann fá ágæta notkun hjá eigendum hryssa en útskýrir að í Þýskalandi sé allt of mikið um að ræktendur noti sæmilega stóðhesta til jafns við þá bestu. Þeir bestu fái því ekki endilega fleiri hryssur til sín en aðrir sem standast þeim ekki snúning.

Anna og Friðfínnur eiga hryssur sem þau rækta undan á Íslandi en stunda lítið ræktun í Þýskalandi. Ástæðan er aðallega sú að mun dýrara er að stunda ræktun þar. „Bæði er það plássleysið og sjúkdómar eru fleiri og því þarf að meðhöndla folöldin meira en heima,” útskýrir hún.

Það vakti athygli að í fimm efstu sætum fjörgangsins á Norðurlandamóti voru konur. Þetta þætti óvanalegt hér heima en kemur til dæmis Þjóðverjum ekki á óvart að sögn Önnu. „Það er meira um konur í hestamennskunni hér úti. Í reiðskólanum eru stelpur í meirihluta. Það er líklega bara á Íslandi sem karlar eru enn í fleiri en konur. Í þýska landsliðinu í fyrri voru bara tveir karlmenn,” útskýrir Anna sem vildi heldur fá að vera í íslenska landsliðinu en því þýska ef valið stæði þar á milli. Hún ber Dönnum vel söguna enda hafi þeir staðið mjög vel að framkvæmd Norðurlandamótsins sem hafi verið í alla staði vel heppnað. Íslendingar mega vel við una enda fengu þeir fimm gull og tvö bronsverðlaun í flokki fullorðinna.

Faxagleði hestamannafélagsins Faxe:

## Síðasta gleðin á Hvítárbökkum

Það var mikið fjör á hinni árlegu Faxagleði hestamannafélagsins Faxe sem var haldin á Faxaborg í blíðskaparveðri nýlega. Mikil þátttaka var í firmakeppninni sem var fyrst á dagskránni, en þar tóku 107 þátt. Síðan fóru fram kappreiðar og að þeim loknum var keppt í kóktölti og bjórtölti. Faxagleðinni lauk svo með grilli og fjölskyldudansleik þar sem allir skemmtu sér hið besta. En nú lítur jafnvel út fyrir að þetta hafi verið í síðasta sinn sem þessi árlega fjölskylduskemmtun fer fram á Hvítárbökkum.

„Stjórn Faxe hefur ekki tekið formlega afstöðu í þessum efnum,” segir Gunnar Örn Guðmundsson,

formaður félagsins. „Hún hefur auglýst eignir félagsins á Faxaborg til sölu, en þær eru óseldar enn. Æskilegt væri fyrir félagsandann að viðhalda Faxagleðinni, en það er engin aðstaða til að keppa í hestaíþróttum á Faxaborg. Vissulega er staðurinn gullfallegur og öllum þykir vænt um hann, en nú er risið fullkomið keppnissvæði á Mið-Fossum og þar er einnig verið að byggja reiðhöll. Stjórn Faxe hefur gert samkomulag um afnot af því svæði og mannvirkjum.“

Faxaborg var geymsinsæll mótsstaður á sínum tíma. Þar voru haldin stórmót sem menn og hestar hvaðanæva að sóttu. „Staðurinn er ekki bara fallegur heldur liggur



Á MJÚKUM BÖKKUM Faxagleðin var líklega haldin í síðasta sinn nú á dögnum.

vel við að komast á hestum þangað,” segir Gunnar Örn. „Svo voru eyrarnar mjög góðar til kappreiða og þar náðust oft mjög góðir tímar.“

-jv



**sóltíloboð**

**Ford Focus Trend**  
1,6i 5 dyra 5 girá\*  
Sóltíloboð 1.995.000 kr.  
Bílasamningur 24.610 kr.  
Rekstrarleiga 36.400 kr.

Focus verðflokkki neðar  
**Focus gæðaflokkki ofar**

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

**Hæsta einkunn fyrir öryggi frá upphafi**  
Þú finnur að margir búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus: **ESP stöðugleikastýrikerfi**, TRACS spólvörn, öryggisþúðagardínur, fjölliðafjöðrun, loftkæling og hiti í sætum eru þar á meðal. Focus ætti í raun að vera gæðaflokkki ofar en hann almennt er miðað við stærð og staðalbúnað. Veldu Focus.

Árekstraröryggisstofnunin EuroNCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppst 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bill ársins. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu Focus. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákni um gæði.

**Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**  
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl á góðu sóltíloboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á sóltíloboði.

**Atriði af gæðalista staðalbúnaðar Focus:**

- |                               |                               |
|-------------------------------|-------------------------------|
| ESP stöðugleikastýrikerfi     | Frjókornasía                  |
| TRACS spólvörn                | Upphitanlegir hliðarspeglar   |
| Loftkæling                    | Rafstílltir hliðarspeglar     |
| Stíllanlegur hiti í framsætum | Vindskeið að aftan (3d og 5d) |
| Öryggisþúðar að framan        | Fjarstýrð samlæsing           |
| Öryggisþúðar í hliðum         | Fjölstíllanlegt stýri         |
| Öryggisþúðagardínur           | Geislaspillari með þjófavörn  |
| ABS hemlakerfi                | og 6 hátölurum                |
| EBD hemlajöfnun               | Fjarstýring fyrir hljómtækni  |
| EBA hjálparhemlun             | Aksturstölva og úthitamælir   |

**Þú vilt vera ennþá sportlegri?**

Focus ætti í raun að vera gæðaflokkki ofar en hann almennt er miðað við staðalbúnað. Og ST sportút-færslan færir Focus ennþá ofar. Við höfum ekki fundið neinn bílaframleiðenda sem getur boðið gæði Focus á sambærilegu verði. Ekki heldur þann sem getur boðið gæði Focus ST á sambærilegu verði. Vertu ennþá sportlegri. Veldu Focus ST. Smelltu á ford.is. Komdu í Brimborg.

**Ford Focus ST**  
2,5i 5 dyra 6 girá\*  
Sóltíloboð 3.345.000 kr.  
Bílasamningur 41.300 kr.



**Komdu núna. Sóltíloboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**



**Nýttu þér kynningartilboðin á nýjum og breyttum Ford Focus**  
**Skoðuðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi**



**Ford Fiesta Trend**  
1,4i 5 dyra 5 girá\*  
Sóltíloboð 1.560.000 kr.  
Bílasamningur 19.250 kr.  
Rekstrarleiga 29.900 kr.



**Ford Fusion Trend**  
1,6i 5 dyra sjálfskiptur\*  
Sóltíloboð 1.770.000 kr.  
Bílasamningur 21.830 kr.  
Rekstrarleiga 33.900 kr.



**Ford Focus Trend**  
1,6i 5 dyra 5 girá\*  
Sóltíloboð 1.995.000 kr.  
Bílasamningur 24.610 kr.  
Rekstrarleiga 36.400 kr.



**Ford Focus C-Max Trend**  
2,0i 5 dyra sjálfskiptur\*  
Sóltíloboð 2.390.000 kr.  
Bílasamningur 29.480 kr.  
Rekstrarleiga 42.600 kr.



**Ford Mondeo Trend**  
2,0i 5 dyra sjálfskiptur\*  
Sóltíloboð 2.390.000 kr.  
Bílasamningur 29.480 kr.  
Rekstrarleiga 44.700 kr.



**Ford Mustang Premium**  
4,0i V6 sjálfskiptur\*  
Sóltíloboð 3.290.000 kr.  
Bílasamningur 40.590 kr.



**Ford Escape XLS 4x4 GPS Active**  
2,3i 5 dyra sjálfskiptur\*  
Sóltíloboð 2.990.000 kr.  
Bílasamningur 36.990 kr.  
Rekstrarleiga 53.200 kr.



**Ford Freestyle SEL 4x4**  
3,0i V6 7 manna sjálfskiptur\*  
Sóltíloboð 3.590.000 kr.  
Bílasamningur 44.290 kr.  
Rekstrarleiga 59.900 kr.



**Ford Explorer XLT Sport 4x4**  
GPS Active 4,0i 5 dyra sjálfsk.\*  
Sóltíloboð 4.540.000 kr.  
Bílasamningur 56.180 kr.  
Rekstrarleiga 84.500 kr.



**Ford Expedition Limited 4x4**  
GPS Active 5,4i 8 manna sjálfsk.\*  
Sóltíloboð 5.990.000 kr.  
Bílasamningur 74.125 kr.  
Rekstrarleiga 109.200 kr.



**Ford Ranger XL Crew Cab 4x4**  
2,5 turbo dísl 5 girá\*  
Sóltíloboð 2.590.000 kr.  
Bílasamningur 31.950 kr.  
Rekstrarleiga 47.600 kr.



**Ford F150 Lariat SuperCrew 4x4**  
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur\*  
Sóltíloboð 3.990.000 kr.  
Bílasamningur 49.350 kr.



**Ford F350 Lariat Crew Cab 4x4 4 dyra**  
6,0 turbo dísl V8 sjálfskiptur\*  
Sóltíloboð 4.220.000 kr.  
Bílasamningur 52.070 kr.



**Ford GT**  
5,4i V8 550 hð 6 girá\*  
Sóltíloboð 30.150.000 kr.  
Bílasamningur 370.000 kr.  
Ei rekstrarleiga 568.000 kr.  
Rekstrarleiga er sett hár inn í gæðana en bíllinn er ekki fjarlegur á rekstrarleiga

**sóltíloboð**

**Komdu núna. Sóltíloboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**



**Í bíltúr í Ford GT?**

Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðuðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.

**FORD GT**

Smelltu á ford.is og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar liða fer á sumarið.

**Sumarið er í Brimborg**



**Öruggur staður til að vera á**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

\* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendrar mynta 50% isk / 50% erl. myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendrar mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueittrifil samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. \*\* Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á aðalmynd: álfelgur.

# skoðun

SKÓNARMÍÐ  
HAFLÍÐI HELGASON

Jákvæðari tónn í alþjóðlegri umræðu  
eftir uppgjör bankanna:

## Storminn tekur að lægja

Bankarnir stóðust fyrsta prófið sem þeir mættu eftir afar neikvæða umræðu á alþjóðamörkuðum. Viðbrögð eftir uppgjör KB banka voru blendin en ekki jafn neikvæð og áður. Landsbankinn fékk jákvæðari viðbrögð og fyrstu viðbrögð erlendra aðila við uppgjöri Glitnis virðast benda til þess að þar sé varla veikan blett að finna.

Uppgjörin nú eru varða á leið bankanna til að endurvinna traust sem laskaðist í umræðu fyrri hluta ársins. Sú umræða hverfur auðvitað ekki í einu vetvangi. Þeir sem neikvæðastir voru munu þó á endanum bakka út, líklegast með þeim orðum að tekið hafi verið til til gagnrýni þeirra.

Viðbrögð í gær við uppgjöri Glitnis voru afar góð. Þannig birti fransk bankinn Societe Generale stutta skýrslu um uppgjörin þar sem segir að uppgjör Landsbankans og Glitnis blási ferskum vindum trausts inn á markaðinn.

*Síðustu mánuðir hafa verið mikill lærdómstím fyrir fjármálafrirtækin. Þau hafa brugðist skynsamlega við.*

Greinandi Credit Suisse segir tíma til kominn að þeir sem drógu upp neikvæða mynd af íslensku bönkunum viðurkenni að þeir hafi haft rangt fyrir sér. Það mun tæplega gerast, en umræðan um banka stefnir í að verða yfirvegaðri og sú þróun sem átt hefur sér stað mun að öllum líkindum leiða til þess að það verður ekki jafn auðvelt að stíga fram með hálfkæringi og Þórðargleði til að vekja á sér athygli með því að mála skrattann á vegginn.

Staðreyndin er nefnilega sú að í hinum þrönga heimi greinenda banka gátu menn vakði á sér athygli með neikvæðum skýrslum, og smæð bankanna í alþjóðlegu samhengi gerði það að verkum að við áttum okkur formælendur fáa. Það höfðu einfaldlega fáir aðrir en við sjálf hagsmuni af því að mótmæla þeirri mynd sem dregin var upp. Mikilvægi þess að sýnt verði fram á að þeir sem lengst gengu í gagnrýninni hafi haft rangt fyrir sér er því mikilvægt. Eina leiðin til þess er að bankarnir verði áfram reknir af ábyrgð og skynsemi. Rekstrarárangurinn er það eina sem skiptir máli þegar til lengri tíma er horft.

Síðustu mánuðir hafa verið mikill lærdómstími fyrir fjármálafrirtækin. Þau hafa brugðist skynsamlega við. Glitnir tók fyrstur við sér og Viðskiptaráð Íslands brást hárrétt við.

Umræðan kviknaði á ósköp einföldu atríði, sem er augljósir veikleikar í hagkerfinu nú um stundir. Enn virðist langt í land að stjórnvöld átti sig til fulls á því hversu miklir hagsmunir eru í húfi að skynsamlega sé haldið á stjórn efnahagsmála. Þar á bæ þurfa menn að draga lærdóm af þeirri umræðu sem hefði, ef ekki hefði verið fyrir það hversu sterkt fjármálakerfið er, getað leitt til alvarlegra vandamála um ókomna tíð.

Þrátt fyrir þennan jákvæða árangur væri það barnskapur að ætla að umræðunni sé lokið. Hún mun halda áfram um ókomna tíð. Næstu mánuðir munu skipta gríðarlega miklu máli. Góð uppgjör út árið og vinna bankanna í að tryggja fjármögnun sína til lengri tíma munu skipta höfuðmáli, því hvað sem líður allri umræðu augnabliksins eru það verkin yfir lengra tímabil sem menn verða dæmdir af.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Góður stökkpallur

Margt er nú spáð og spekulerað um framboðsmál flokkanna enda kosningavetur fram undan. Ljóst er að margir telja sig tilkallaða en ekki verða þeir allir að sama skapi útvaldir. Hjá sjálfstæðismönnum í Suðvesturkjördæmi er vítað að breytingar eru í vændum og nú heyrst að Ragnheiður E. Árnadóttir, aðstoðarmaður forsætisráðherra, hyggist feta í fótspor margra forvera sinna og reyna að komast á þing. Það er því greinilegt að margir lita á starf aðstoðarmanns ráðherra sem ágætis stökkpall inn í góð sæti á framboðslistum.



#### Hin einu sönnu Baugstiðindi

Ýmsir fjandvínir Baugsveldisins hafa gaman af því að kalla Fréttablaðið, DV og jafnvel fleiri miðla Baugstiðindi. Á þetta ekki hvað sist við um ónefndan ráðherra sem kallar þessa miðla yfirleitt ekki öðru nafni. Hins vegar er einn sá miðill sem svo sannarlega getur borið þetta nafn með rentu og það kinnroðalaust. Þetta er fréttabréf sem Baugur Group gefur út og heitir því vísa nafni Baugur Group Quarterly News og er annað tölu-



blað ársins nýkomið út. Það skartar engum öðrum en Bill nokkrum Clinton á forsiðu þar sem hann messaði yfir Baugsmönnum og gestum þeirra í Tívoli í Kaupmannahöfn í vor.

#### Milt hægætisveður

Nú fer sá tími í hönd að veðurfræðingar landsins þora ekki fyrir sitt litla líf að spá nokkra um veðurhorfur næstu daga nema í véfréttastíl. Það er nefnilega verslunarmannahelgi framundan og mótshaldarar sem hafa lagt milljónir undir í útihátíðaskróll taka það ekki í mál að misvitrir veðurspámennt eyðileggi fyrir þeim hagnaðarvonina með vondri veðurspá. Því má búast við að spárnar næstu daga hljóði upp á milt hægætisveður á landinu um helgina með hugsanlegri hættu á úrkomu hér og hvar!

ssal@frettabladid.is

## Vinnan er guðs dýrð: Taka tvö

Evrópumenn vinna minna en Bandaríkjamenn eins og ég lýsti hér á þessum stað fyrir viku. Munurinn er talsverður: vinnuvikan er að jafnaði einni klukkustundu styttri í Evrópu en í Bandaríkjunum. Vinnuálagið var svipað báðum megin Atlantshafsins um 1960, meira að segja ívið meira í Evrópu en í Ameríku, en það átti eftir að breytast.

Evrópuþjóðirnar hafa með tímanum dregið meira úr vinnu sinni en Bandaríkjamenn. Með Evrópu á ég við Evrópusambandslöndin fimmtán fyrir stækkun Sambandsins 2004. Fækkun vinnustunda í Evrópu er annars vegar til kominn af illri nauðsyn, sumpart vegna aukins atvinnuleysis og þungar skattbyrði, sem dregur úr vinnuvilja, og hins vegar af fúsum og frjálsum vilja, meðal annars vegna þess að Evrópumenn kjósa að jafnaði að fara fyrir en Bandaríkjamenn á eftirlaun. Upp úr sextugu eru þeir af hverjum fjórum starfandi mönnum í Evrópu hættrir að vinna, en helmingur Bandaríkjamanna á sama aldri heldur áfram að vinna. Fjórdi hver kani heldur áfram að vinna eftir sjötugt á móti tuttugasta hverjum Evrópumanni. Eru Bandaríkjamenn vinnusamari en Evrópumenn? Varla. Þeir voru það allavega ekki 1960, því að þá unnu þeir minna en Evrópumenn. Hitt virðist líklegra, að margir Evrópumenn telji sig hafa rýmri fjárrád og búa við meira afkomu-öryggi en Bandaríkjamenn og geti því leyft sér að hætta fyrir að vinna og njóta heldur frístunda og fjölskyldulífs.

Það vill stundum gleymast, að ýmisleg óhagkvæmni íþyngir bandarísku efnahagslífi, rýrir lífskjör þjóðarinnar og knýr hana með því móti til að leggja harðar að sér en hún þyrfti ella á að halda. Þessi óhagkvæmni er ýmist óviðráðanleg eða heimatilbúin. Við skulum stikla á stóru. Loftslag

Í DAG  
ENN UM VINNU,  
LÍFSKJÖR OG  
TÓMSTUNDIR



ÞORVALDUR  
GYLFASON

*Það vill stundum gleymast, að ýmisleg óhagkvæmni íþyngir bandarísku efnahagslífi, rýrir lífskjör þjóðarinnar og knýr hana með því móti til að leggja harðar að sér en hún þyrfti ella á að halda.*

Bandaríkjanna kallar á mikla orkunotkun til loftkælingar á heimilum og vinnustöðum á sumrin og til upphitunar á veturna. Orkan er dýr. Orkuþörf Evrópuþjóðanna til sömu nota er yfirleitt miklu minni. Við þetta bætist dreifð byggð, sem kallar á mun meiri orkunotkun vegna ferðalaga og flutninga í Bandaríkjunum en í Evrópu, enda er Evrópa miklu þéttbýlli en Bandaríkin. Bandaríkjamenn hafa ekki enn tekið upp breiðvirkar almannatryggingar á landsvísi eins og Evrópulöndin hafa löngu gert. Skipulag heilbrigðisþynginga í Bandaríkjunum er dýrt vegna mikils skrifaðis í kringum einkatryggingar og annars óhagræðis, sem lýsir sér auk annars í því, að Bandaríkjamenn verja mun hærra hlutfalli þjóðartekna sinna til heilbrigðismála en Evrópuþjóðirnar og hafa samt færri lækna og hjúkrunarfræðinga á hverja þúsund íbúa en til dæmis Frakkir og Þjóðverjar. Þarna birtist ein afleiðing þess, að nálega fimmtíu milljónir Bandaríkjamanna eru ótryggðar fyrir

veikindum og slysum. Við þetta er því að bæta, að tvær milljónir manna sitja í bandarískum fangelsum, flestir fyrir minni háttar fíkniefnabrot. Fangelsisreksturinn kostar sitt fyrir nú utan vinnutapið. Einnig þarna er Evrópa betur sett af sjálfsdáðum. Þegar þessu öllu er til skila haldið, kemur í ljós, að Bandaríkjamenn þurfa að bera ýmsan kostnað umfram Evrópumenn, svo að það verður þá kannski skiljanlegra en ella, hvers vegna Bandaríkjamenn þurfa að vinna meira en Evrópumenn til að halda uppi svipuðum lífskjörum á heildina litið og tíðkast víða um Evrópu.

Sumum finnst vinnan vera guðs dýrð: því meiri vinna, þeim mun betra. Sumir skoða minnkandi vinnuálag í Evrópu sem vísbendingu um veikt geðslag. Tungan dregur taum vinnunnar: vinnugleði er gamalt orð og kemur fyrst fyrir hjá Guðmundi Finnbogasoni prófessor 1917, hvíldargleði er nýyrði. En vinnu þarf helzt að stilla í hóf eins og flestu öðru, og því er eðlilegt, að aukinni hagsæld fylgi meiri og tryggari tekjur ásamt rýmri frístundum eins og í Evrópu. Frístundir gera gagn, sé þeim vel varið. Of mikilli vinnu getur fylgt ýmisleg vanræksla, og fjölgun frístunda samfara minna vinnuálagi getur bætt skaðann. Þyrftu íslensk börn að gleypa allt þetta rítalín, sem þeim er af illri nauðsyn gefið í skólunum, ef foreldrarinn kæmu fyrir heim úr vinnunni og sinnu börnunum betur?

Frakkir og sex aðrar Evrópuþjóðir skila nú meiri landsframleiðslu á vinnustund en Bandaríkjamenn, sem standa jafnfætis Þjóðverjum á þennan kvarða. Bandaríkjamenn skila að vísu meiri landsframleiðslu á mann en Frakkir og Þjóðverjar, og það er vegna þess eins, að Bandaríkjamenn vinna meira. Evrópa má vel við una - eða hvað?

**ÆVINTÝRBAEYJAR ÍSLAND**  
Frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna

Komdu við á næstu Olis-stöð og fáðu stimpil í Ævintýrakortíð og ævintýraglaðning í leiðinni. Vertu með í allt sumar!

olis  
Við höldum með þér!

Ferðamálastofa  
www.ferdalag.is

## MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 PRENTVINNUSLA: Ísafoldarprentsmíða ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimilum í höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871







## GLÖS MEÐ KARAKTER

Sumum pappaglösum tímr maður einfaldlega ekki að henda eftir notkun.

HEIMILI 6



## VINSÆLUSTU FYLGIHLUTIRNIR

Gyllt, klassískt, pent og íburðarmikið. Nóg úrval er af flottum fylgihlutum í verslunum í dag.

TÍSKA 2

# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

### ALLT HITT

[ TÍSKA, HEILSA OG HEIMILI ]

Belti eru og hafa alltaf verið mikilvægir aukahlutir. Yfirleitt hafa stelpurnar verið til í að prófa ýmsar gerðir af beltum en undanfarið hafa strákar heldur betur tekið við sér. Vinsælustu karlmannabeltin þessa stundina eru rauð eða hvít og úr leðri.



Margar líkamsræktarstöðvar ætla að hafa lokað um verslunarmannahelgina og langflestar breyta opnunartímanum eitt-hvað. Stórar líkamsræktarstöðvar eins og Laugar og Betrunarhúsið verða þó opnar alla helgina en til dæmis er lokað bæði á laugar- og sunnudag hjá Hreyfingu.

Sólin hefur allt í einu látið ljós sitt skína að undanförunu og því tími til kominn að fara að þrifa glugga heimilisins svo við fáum notið sólskinisins til fulls.

### GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 3. ágúst, 215. dagur ársins 2006.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 4.40	13.34	22.25
Akureyri 4.08	13.19	22.26

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á [visir.is](http://visir.is)



Haukur Örn Hauksson keypti gamlan leðurjakkna af samstarfskonu sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Bæði og leðurjakkni

Haukur Örn Hauksson, hugmynda- og textasmiður hjá Prax, segist hafa sérstakt dálæti á leðurjakkna sem hann keypti fyrir mörgum árum. Honum var sagt að leðurjakkinn hefði mikla sögu og hefur hann reynst honum sérstaklega vel.

Haukur keypti leðurjakkann góða fyrir nokkrum árum af samstarfskonu sinni. „Ég var að vinna í götuleikhúsinu og samstarfskona mín þar seldi mér þennan jakka fyrir eitthvað mjög lítið,“ segir hann og bætir því við að þar á undan hafi hún átt hann í mörg ár.

„Þetta er svona antik, en hann stendur alveg fyrir sínu og hefur reynst mér alveg rosalega vel.“ Haukur segir enn fremur að fyrri eigandi hafi sagt honum að mikil saga væri á bak við jakkann en hann segist þó ekki þekkja hana nægilega vel. „Það sem er gott við þennan leðurjakkna er að ég get notað hann við öll tækifæri og ég geri það eiginlega. Ég get bæði gengið í honum svona hversdagslega og svo fer hann líka mjög vel við skyrtu og bindi,“ útskýrir Haukur. „Ég veit eiginlega ekki hvernig væri best að lýsa honum, ætli það sé ekki hægt að segja að þetta sé svona bæði og leðurjakkni,“ segir hann og hlær.

Haukur segir jakkann nokkuð lýsandi fyrir fatasmekk sinn. „Já, þó að jakkinn sé dálítið sérstakur er óhætt að segja að hann gefi góða mynd af fatasmekk mínum.“

valgeir@frettabladid.is

### alvöru orkudrykkir



BOMBA

NYTT

NYTT

þessi gamli góði...

þessi rauði

...og sá sykurlausi

## Heill heimur af skemmtilegu skrauti



Ljós

Veggskraut

Borð og stólar

Dóttakassar

Mottur

Gardínur/teppi

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - [www.husgogn.is](http://www.husgogn.is)



**15% afsláttur**  
af öllum vörum til 5. ágúst  
Töskur, ferðatöskur, seðlaveski, leðurjakkar, skart og fleira.  
Griptu tækifærið!  
**Drangey**  
Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

**allt ferðir**  
Alla miðvikudaga og laugardaga

Dr. Fischer Kids

Hágæða húð- og hárvörur  
Fyrir börn

HUGO BOSS • BLACKY DRESS  
JEAN PAUL • PBO • KAPALUA  
OUI • DAMO • BRAX

VANDAÐUR FATNAÐUR FYRIR VANDAÐAR KONUR

**STILL**

Laugavegi 58 • Sími 551 4884 • stillverslun.is



Klútur með hauskúpum. Hauskúpur eru að koma inn í tískuna með smá hörku og töffaraskap með sér. Klútarnir eru flottir bundnir um hálsinn, yfir hárið eða hvernig sem manni dettur í hug. Fást í mismunandi stærðum og þykkt í Skarhúsinu og kosta 690 krónur.

Stór sólgleraugu. Því stærri sem sólgleraugun eru, því betra. Kvikmyndastjörnuútlitið er dularfullt, kynþokkafullt og sætt - allt í senn. Sólgleraugun sóma sér líka vel ofan á hausnum þegar sólin felur sig bakvið skýin. Alls kyns sólgleraugu fást í Skarhúsinu og kosta þessi 990 krónur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



Gyllta æðið. Gullið er ekkert á leiðinni út þó það sé nú sameinað með sterkum sumarlitum. Gylltir eyrnalokkar standa alltaf fyrir sínu. Þessir fást í ONI og kosta 1.590 krónur.

Gyllt armband frá ONI í stíl við eyrnalokkana og kostar 1.290 krónur.



Hálsfesti. Þó að fataskápurinn sé ekki fullur af fötum í skræpöttum og sumarlegum litum getur maður farið í sumargirinn með því einu að skella á sig litríkri hálsfesti. Hálsfestar fást í mörgum litum í Skarhúsinu og kostar þessi 1.290 krónur.

## Heitustu fylgihlutirnir

Fylgihlutir eru alltaf vinsælir og nóg er úrvalið í búðunum. Blaðamaður rölti niður Laugavegin og fékk að vita hvað væri heitast í verslununum í dag.

Fylgihlutir eins og hálsmen, arm-bönd, töskur, klútar og belti geta gert kraftaverk þegar maður vill lifga upp á útlitið. Það þarf ekki að kaupa rándýrar gallabuxur eða



Mánaeyrnalokkar. Flottir gylltir eyrnalokkar sem eru skemmtilegir þegar þvælst er úti á sumarnóttum. Fást í Glamúr og kosta 750 krónur.

jakka þegar maður er kominn með leið á fataskápnunum. Stór hálsfesti breytir svarta bolnum í nýjan skvísuþol og belti yfir kjólinn lætur hann líta út sem nýjan.

Á Laugaveginum eru margar skemmtilegar búðir sem selja skart og aðra fylgihluti. Það er mikið úrval; Gyllt, klassískt, pent og íburðarmikið. Það þarf ekki mikið til að gleðja tískuhjartað og því um að gera að leyfa glysgirninni að fá útrás.

erlabjorg@frettabladid.is



Sebrasþöng. Þegar hárið lætur ekki að stjórn getur verið ansi þægilegt að setja flotta þöng í hárið. Þöngin lifgar líka upp á og gefur manni smá sixties-yfirbragð. Í Skarhúsinu fást alls kyns spangir, m.a. með hauskúpum og skræpöttu munstri. Þessi þöng kostar 350 krónur.

Stór leðurtaska. Það er ekki verra að hafa snyrtitöskuna sína, auka peysu og alls kyns fylgihluti í töskunni sinni ef stemningin breytist á augabragði og það þarf að fríska upp á útlitið. Þessi taska getur borið þetta allt auk þess að vera flott á öxlinni. Fæst í Friis Company og kostar 7.490 krónur.

Pilgrim hálsmen og armband. Pilgrim er dönsk hönnun sem hefur verið að ryðja sér til rúms á Íslandsmarkaði síðustu árin. Það heitasta í sumar er að vera með margar mismunandi festar í einu þannig að það er um að gera að byrja að safna. Pilgrim fæst meðal annars í Hallberu, og kostar festin 7.100 krónur...

... og armband í stíl 3.550 krónur.

Belti með gylltri skreytingu. Flott teygjubelti í mittið sem hentar sérstaklega vel við svartan kjól eða láttlausan klæðnað til að gera hann aðeins meira áberandi. Beltin hafa verið vinsæl síðustu mánuði enda flott til að lifga upp á eða undirstrika kvenlegan vöxt. Fæst í Glamúr á 2.500 krónur.





## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Þyrnum stráð velgengni

Í tískuheiminum er erfitt að ná augum þeirra sem skipta máli, erfitt að slá í gegn, en það sem líklega er erfiðast er að halda sér á toppnum. Margir eru tilkallaðir og efnilegir en fáir útvaldir. Yves Saint Laurent var hjá Dior og tók við eftir dauða hans 1957. Karl Lagerfeld tók sín fyrstu skref hjá Balmain og Chloé áður en hann tók við hjá Chanel. Alber Elbez stoppaði stutt hjá YSL áður en hann sló í gegn hjá Lanvin. Sumir velja þá leið að opna sitt eigið tískuhús (Dior, YSL, Jean-Paul Gaultier), aðrir finna sér leið í rótgrónum tískuhúsum eins og Nicolas Ghesquière hjá Balenciaga og Karl Lagerfeld hjá Chanel. Það getur hins vegar verið erfitt að fóta sig í umhverfi þar sem allt er í fóstum skorðum, þar sem frægur hönnuður hefur sett eftirminnilega mark sitt og brotið blað í tískusöggunni. Þetta hefur hinum fyrirnefndu báðum tekist.

Líklega hefur það þó ekki verið einfalt fyrir Karl Lagerfeld 1983 að taka við listrænni stjórn tískuhúss Chanel, tólf árum eftir dauða Gabrielle Chanel þar sem andi hennar sveif yfir vötnum á hönnunardeildinni, Rue Cambon, þar sem Coco opnaði tískuhús sitt. Karl hafði verið hönnuður Chloé og var þá þegar þekktur fyrir sitt fullkomna handbragð. Hann var ekki hræddur við þetta verkefni og tók til dæmis hinn fræga Chanel-jakka og endurhannaði í öllum mögulegum litum eins og appelsínugulu, skær-

bleiku og sægrænu. Chanel-bolurinn er stolinn og stældur um allan heim svo og Chanel-galla-buxurnar og svo mætti áfram telja.

Saga Nicolas Ghesquière er dálítið svipuð en hann tók sér þó fyrir hendur enn erfiðara verkefni, nefnilega að koma gömlu tískuhúsi sem stofnandinn hafði lokað aftur á toppinn. Cristóbal Balenciaga var spænskur baski og opnaði tískuhús sitt í París árið 1937. Hann var frægur fyrir kjólana með kúlupilsinu og kallaður arkitektinn í tískuheiminum vegna þess hversu hönnun hans var regluleg og í anda minimalisma. Ghesquière hefur tekist að endurvinna fortíðina en um leið að skapa sinn eigin stíl og er einn vinsælasti hönnuðurinn í dag, hannaði m.a. brúðarkjól Nicole Kidman sem gifti sig á dögnum. Hann segir að prêt-à-porter-tískan (tilbúið til notkunar) sé miklu áhugaverðari en hátískan sem ætti að vera útdauð og vill heldur nota hátískutækni í hönnun sinni. Ghesquière hefur reynt að halda eins mikilli fjarlægð og hann getur við Balenciaga sjálfan.

Vetrarlína Balenciaga er þó undantekning því hún er mjög í anda stofnanda tískuhússins. Það er gert til þess að fylgja eftir sýningu á vinnu Cristóbal Balenciaga á tískusafninu á 107, Rue de Rivoli í fyrsta hverfi Parísar sem stendur fram í janúar 2007.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr



Jodi Kidd er bæði fögur og hugrókk stúlka.

NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

## Jodi Kidd bjargar gamalli konu

Ofurfyrirsætan Jodi Kidd kann margt annað fyrir sér en að ganga upp og niður sýningar-pallinn.

Á dögnum hljóp Jodi þvert yfir hraðbraut í Bretlandi til að koma gamalli konu, sem keyrt hafði verið á, til bjargar. Hún hljóp þvert yfir nokkrar akreinar og stoppaði fyrir framan konuna til

að beina umferð frá henni. Kidd vonaðist eftir því að enginn hefði þekkt hana á slysstað en heppnin var ekki með henni. Kidd vill sem minnst segja um atvikið en samkvæmt starfsmanni á St Peter's spítalanum, en þangað var gamla konan flutt, bað Kidd um að fá reglulegar fréttir af líðan konunnar. Það er greinilegt að Kidd er jafn falleg að innan sem utan.

- tg



Buxnadragt. Þær eru komnar aftur og virka bæði einlitar og teinóttar. Þessi hér er eftir hönnuðinn Tuleh. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



Saklausa stelpan. Hvítir, léttir kjólar skreyttir útsaum og alls kyns dúllerí. Þessi kjóll er úr smíðju Calvin Klein.



Sexí. Sumartískan hefur sjaldan verið jafn sexí þar sem bandakjólar voru áberandi. Þessi kemur frá Donnu Karan.

## Skiptu oft um stíl

Í sumar er hægt að skipta um stíl á hverjum degi enda mörg mismunandi þemu í gangi.

Hönnuðir leita mismunandi leiða í verkum sínum. Allt frá kynþokkafullum bandakjólum Donnu Karan til flottra buxnadragta frá Tuleh.

Hver og einn getur því valið sér eigin stíl og því ekki að skipta um nokkrum sinnum enda gengur allt.

- lkj



Munstur. Hönnuðir voru duglegir í mikilfenglegum munstrum þegar sumarlinan í ár var hönnuð. Þessi kjóll er eftir Roberto Cavalli.



Kimono. Þykkbotna skór og sloppar eru mjög áberandi í tískunni í sumar og ekki spilla falleg japönsk munstur fyrir. Þessi er úr smíðju Heather.



Skyrtukjóll. Bæði þegar á að fara eitthvað fínt og líka bara hversdagslega. Klikkar ekki. Ekki spillir fyrir að toppa kjólinn með flottu belti. Marc Jacobs stendur á bakvið þennan.

# Á móti rigningu



3.950 kr.  
Sif, regnjakki, 2-12 ára  
**1.975 kr.**

1.955 kr.  
Sif, regnbuxur, 2-12 ára  
**977 kr.**

## ÚTSÖLUMARKAÐUR



Faxafeni 12, 108 Reykjavík. Opnum kl. 8 virka daga. www.66north.is

### Í SÓL OG SUMARYL

Mikið úrval af sólgleraugum kr. 990,-

**SKARTHÚSIÐ**  
Laugavegi 12, s. 562 2466

Hönnuður umbúðanna er Lutz Hermann en hann er með tólf ára reynslu í hönnunargeiranum.

## Svart og silfrað

BOSS SELECTION ER LÉTTUR ILMUR FYRIR KARLMENN.

Nýi rakspírinn frá Boss, Boss Selection, er léttur ilmur en um leið mjög líflægur. Andstæður mætast í ilminum en í toppóninum er angan af greipávöxtum og mandarínu og einnig er bleikum piparkornum blandað þar saman við. Í bland við þetta eru sedrusblöð, sedrusviður, moskus og ilmhampur. Umbúðirnar eru afar karlmannlegar og nútímalegar, svartar og silfraðar og mjög fágaðar. - /kg



# Lífrænar gallabuxur

Önnur Levi's-verslun var opnuð í Kringlunni fyrir skömmu, en þar er eitthvað við allra hæfi.

Árið 1873 gerðist þau stórtíðindi í tískusöggunni að fyrirtækið Levi Strauss and Co. markaðssetti fyrstu bláu gallabuxurnar í heiminum. Margir vilja meina að fyrirtækið hafi allar götur síðan verið leiðandi afl í hönnun gallafatnaðar.

Á Íslandi eru tvær verslanir starfræktar undir heitinu Levi's Store, einu vörumerkja Levi Strauss and Co. og miðað við gott úrval dömu- og herrafatnaðar ættu flestir að finna þar eitthvað við sitt hæfi.

Um þessar mundir nýtur Engineer karla-línan frá Levi's mikilla vinsælda hérlandis, en buxurnar í henni eru með snúnum saum og sumar sérstakar fyrir þær sakir að vera gerðar úr lífrænt ræktaðri bómull.

Buxurnar í Blue-línunni kaupa þeir sem eru í leit að sérlega vönduðu efni, en þær eru merktar blárrí stjörnu til aðgreiningar frá öðrum fatnaði. Svo er DNA-karalínan vinsæl en mikið er lagt upp úr smáatriðum á buxum undir því merki.

Beinar buxur undir heitinu Levi's 570 og Levi's 571, sem eru niðurmjóar buxur, eru ágætis vísbending um það sem er og á eftir að verða enn vinsælla í dömufatnaði. Það teygist á buxunum, sem eru jafnframt lægri að framan en aftan.

Útviðar buxur frá Levi's eru síðan tilvaldar fyrir þá sem ekki vilja eltast við tískustraua en af þeim er nóg í verslunum Levi's í Kringlunni og Smáralind í Kópavogi.

roald@frettabladid.is



Herrabólur á 3.490 kr.



Herrabuxur á 13.990 kr.



Herrabólur á 3.490 kr.




Engineer herrabuxur á 12.990 kr.



Kvenbólur á 5.490 kr.



Kvenbólur á 2.990 kr.



Bootcut herrabuxur 512 á 13.990 kr.

BRJÁLUÐ ÚTSALA

SÍÐUSTU DAGAR

ENN MEIRI AFSLÁTTUR

ANAS

Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði  
565 7100

nc.is

Erjum að taka upp nýjar haustvörur.

70%-80% afsláttur af allri útsöluvöru.

nc RECONNECTION

Hæðasmára 4 • s. 544-5959



Belti á 2.990 kr.

Buxur í Blue línunni.



Belti á 3.990 kr.

571 kvenbuxur á 11.990 kr.



# Loksins á Íslandi

**Snyrtivörukeðjan Boots er ferðaglöðum Íslendingum að góðu kunn. Nú eru þessar góðu vörur loksins komnar í sölu á Íslandi, í Smáralindinni og hjá versluninni B. Magnússyni.**

Kristín Dögg Höskuldsdóttir föröunarfræðingur og Ýr Björnsdóttir snyrtifræðingur vinna hjá heildsölu B. Magnússyni, sem hefur nýlega aukið samstarf sitt við snyrtivörukeðjuna Boots. „B. Magnússon hefur í rauninni flutt inn Boots-vörur í mörg ár því No 7 vörurnar eru hluti af Boots-veldinu. Síðustu mánuði höfum við verið að huga að ýmsum nýjungum og núna erum við búin að bæta við fjórum vinsælustu vöruflokkunum hjá Boots,“ segir Kristín og bendir blaðamanni á girnilegar vörur úr Botanics, Mediterranean, Eastern og Natural Collection línunum.

Hjá Boots er lögð áhersla á náttúrulegar vörur og íslenskur mosi kemur meira að segja við sögu í sumum vörum. Margar vörurnar byggja enn fremur á ævafornum uppskriftum auk þess sem þær eru unnar í samstarfi við húðfræðinga og aðra vísindamenn. „Hjá No 7 er það til dæmis þannig að það eru ekki gefnar prufur af vörum, hins vegar máttu skila vörunni og fá hana endurgreidda ef það kemur í ljós að þú þolir hana ekki,“ segir Kristín.

Foreldrar og forráðamenn bera ábyrgð á ungmennum undir 18 ára aldri. Enginn undir þeim aldri á að fara á útihátíð í ár nema í fylgd með fullorðnum. Það er oft erfitt að segja nei en afskiptaleyfi er sama og ábyrgðarleysi.

**GÓÐIR FORELDRAR KUNNA AÐ SEGJA NEI**



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

ÁGÚST / 06-0401





# Frábærir sumarsmellir

KK áritar og spilar  
í dag í Hagkaupum  
Skeifunni kl. 16



## KK blús

Platan inniheldur nokkra af þekktustu blússlögurum sögunnar við texta Braga Valdimars Skúlasonar. Þetta mun vera fyrsta íslenska blúsplatan með íslenskum textum.



**Vel Sjóaður - Raggi Bjarna**  
Sjómanna-lög frá fyrri áratugum í flutningi Ragga Bjarna ásamt fjölda þekktra tónlistarmanna.



**Lögin Mín - Bubbi**  
Mörg af þekktari lögum Bubba í nýjum og órafmögnuðum búningi.



**Á Balli - Paparnir**  
Stórskemmtileg tvöföld tónleikaplata frá hinum geisvinsælu Pöpum.

Gildir til 8. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

# Nú færðu AGA Gasol hylkin hjá ÍSAGA, BYKO og Atlantsolíu\*

Þú sérð innihaldið!



## AGA Gasol

Afgreiðsla ÍSAGA, Breiðhöfða 11, er opin virka daga frá kl. 8 til 17.

Alla daga frá kl. 10 til 22  
**800 5555**  
Heimsendingarþjónusta

AGA Gasol hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Þú getur valið á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhöfða 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða verslaðu AGA Gasol hylki og áfyllingar hjá BYKO eða Atlantsolíu\*, nýjum samstarfsaðilum ÍSAGA.

Þú færð allar nánari upplýsingar um AGA Gasol hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas } **AGA**



Umboðsmenn ÍSAGA ehf.:

SELFOS: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548

SAUDÁRKROKUR: Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626

REYÐARFJÖRDUR: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114

ÍSAFJÖRDUR: Þróstur Marsellusson hf., s. 456 3349

AKUREYRI: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515

ATLANTSOLÍA  
\*Kópavogsbraut 115, Kópavogi

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Uppnefni

KRISTJÁN HJÁLMARSSON ER HRIFINN AF UPP- OG VIÐURNEFNUM.



Uppnefni eða viðurnefni hafa stundum verið flokkuð undir stríðni eða sem vopn sem notuð eru til að leggja fólk í einelti. Engu að síður hef ég ótrúlega gaman af þeim og legg mig í líma við að finna ný nöfn eða viðurnefni á annars ágæta félaga mína. Oftast er það gert í saklausu gríni en ég viðurkenni það fúslega að stundum geng ég of langt.

Ég veit ekki til þess að ég hafi sjálfur verið uppnefndur ef undan eru skilin nöfnin Krilli krútt, Stulli Önd eða Stjáni píka. Hvernig

fyrsta nafnið er tilkomið veit ég ekki en hitt veit ég þó að ég verð seint talinn vera krúttlegur. Annað nafnið er vist komið vegna göngulagsins og síðasta nafnið þar sem ég vann um tíma á kvennatímari.

Ég reyni eins og ég get að leggja upp- og viðurnefni á minnið og sögurnar á bak við þau, svo ég geti hlegið að þeim einn míns liðs eða með öðrum. Uppáhaldsviðurnefnin sem ég man eftir, svona í fljótu bragði, eru Snúlli – yfir lítinn og þéttvaxinn mann, Útfararstjórinn – þar sem flest fyrirtæki sem hann hóf störf hjá urðu gjaldþrota, Bóbó Grand – sem heitir í raun Björn og býr á Grandavegi, Bóndinn – þar sem foreldrar hans

höfðu hænur í garðinum og Chuck Spelling – sem vinnur við prófarkalestur.

Hins vegar tengjast flest viðurnefnin sem ég man eftir fólki sem heitir algengum nöfnum, enda eru viðurnefnin oft notuð til að aðgreina fólk. Skemmtilegasta uppnefnið sem ég man eftir var einmitt notað um Sigurð nokkurn sem þótti með heldur stærra höfuð en gengur og gerist hjá unglingspiltum. Fyrir vikið var hann uppnefndur Siggí haus til aðgreiningar frá öðrum Siggum. Viðurnefnið festist svo illilega við hann að þegar félagar hans voru spurðir hvað hann hétí fullu nafni var svarið einfaldlega: Sigurður höfuð!

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Notaðir bílar. Fislétt kaup - aðeins 10% útborgun.  
Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.\*  
Aðeins í 2 daga. Komdu strax.

# Fislétt kaup

## Pig vantar bíl. Núna

### Aðeins 48 bílar í 2 daga

## Komdu strax

Opið frá kl. 9-18

Tökum notaðan uppi notaðan

Fislétt bílakaup - afborgun undir 15.000 kr. á mánuði



11.867 kr. á mán.  
Meðalgreiðsla í 48 mánuði.

Renault Kangoo 1,4 beinsk. skrd. 03/2000 ek: 99.000 km.  
Verð 695.000 kr. Tilboðsverð 499.000 kr. Útborgun 49.900 kr.  
11.867 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. PP-292.



13.403 kr. á mán.  
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Nissan Micra 1,3 beinsk. skrd. 04/2003 ek: 45.000 km.  
Verð 1.120.000 kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Útborgun 99.000 kr.  
13.403 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. RX-675.



13.403 kr. á mán.  
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Citroën C3 1,4 beinsk. skrd. 02/2004 ek: 57.000 km.  
Verð 1.190.000 kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Útborgun 99.000 kr.  
13.403 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. BM-467.



14.757 kr. á mán.  
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Mondeo Ghia 2,0 sjálfsk. skrd. 05/2003 ek: 170.000 km.  
Verð 1.250.000 kr. Tilboðsverð 1.090.000 kr. Útborgun 109.000 kr.  
14.757 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. LY-092.

Fislétt bílakaup - afborgun 15.000 - 20.000 kr. á mánuði



15.164 kr. á mán.  
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Citroën Picasso 1,8 beinsk. skrd. 03/2003 ek: 56.000 km.  
Verð 1.220.000 kr. Tilboðsverð 1.090.000 kr. Útborgun 109.000 kr.  
15.164 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PX-352.



17.124 kr. á mán.  
Meðalgreiðsla í 48 mánuði.

VW Passat 1,6 beinsk. skrd. 08/2000 ek: 107.000 km.  
Verð 940.000 kr. Tilboðsverð 790.000 kr. Útborgun 79.000 kr.  
17.124 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. OP-356.



19.767 kr. á mán.  
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Focus 1,6 sjálfsk. skrd. 06/2004 ek: 40.000 km.  
Verð 1.560.000 kr. Tilboðsverð 1.460.000 kr. Útborgun 146.000 kr.  
19.767 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. UM-824.



19.923 kr. á mán.  
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Ford Mondeo Trend 2,0 sjálfsk. skrd. 06/2002 ek: 61.000 km.  
Verð 1.490.000 kr. Tilboðsverð 1.299.000 kr. Útborgun 129.900 kr.  
19.923 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. UD-693.

Fislétt bílakaup - afborgun 20.000 - 25.000 kr. á mánuði



20.172 kr. á mán.  
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 11/2004 ek: 26.000 km.  
Verð 1.640.000 kr. Tilboðsverð 1.490.000 kr. Útborgun 149.000 kr.  
20.172 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. SK-948.



20.295 kr. á mán.  
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 09/2004 ek: 31.000 km.  
Verð 1.620.000 kr. Tilboðsverð 1.499.000 kr. Útborgun 149.900 kr.  
20.295 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PG-915.



21.649 kr. á mán.  
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Citroën C4 1,6 sjálfsk. skrd. 04/2005 ek: 8.000 km.  
Verð 1.740.000 kr. Tilboðsverð 1.599.000 kr. Útborgun 159.900 kr.  
21.649 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. BZ-632.



22.208 kr. á mán.  
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Suzuki Grand Vitara 2,0 beinsk. 4x4 skrd. 03/1999 ek: 132.000 km.  
Verð 990.000 kr. Tilboðsverð 790.000 kr. Útborgun 79.000 kr.  
22.208 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. YI-617.

Fislétt bílakaup - afborgun yfir 25.000 kr. á mánuði



29.650 kr. á mán.  
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Focus C-Max 2,0 sjálfsk. skrd. 02/2006 ek: 2.000 km.  
Verð 2.390.000 kr. Tilboðsverð 2.190.000 kr. Útborgun 219.000 kr.  
29.650 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. MR-478



32.358 kr. á mán.  
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Escape XLT 3,0 sjálfsk. skrd. 06/2004 ek: 26.000 km.  
Verð 2.690.000 kr. Tilboðsverð 2.390.000 kr. Útborgun 339.000 kr.  
32.358 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TK-964.



36.418 kr. á mán.  
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Hyundai Tucson 2,7 sjálfsk. skrd. 04/2005 ek: 37.000 km.  
Verð 2.890.000 kr. Tilboðsverð 2.690.000 kr. Útborgun 269.000 kr.  
36.418 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. BI-351



45.896 kr. á mán.  
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford F-250 Harley D. 6,0 dísil sjálfsk. 4x4 skrd. 05/2004 ek: 48.000 km.  
Verð 3.790.000 kr. Tilboðsverð 3.390.000 kr. Útborgun 339.000 kr.  
45.896 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. BA-572.

Pig vantar bíl. Komdu núna. Kíktu á netið.  
Fislétt kaup. Aðeins í 2 daga.



Taktubí

brimborg  
Öruggur staður til að vera á

\*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára, er fasteignaeigandi og hvorki kaupandi eða maki er á vanskilaskrá. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki Lýsingar hf.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

# Ódýrt og gott á grillið!



**Sparaðu 1000 kr.**

LAMBAFILLET  
MEÐ FITURÖND

**2.498 kr. kg**

Úr Kjötborði Nóatúns



Úr Kjötborði Nóatúns

Unghnauta-  
hamburgarar

90 g

**79 kr. stk.**



**25% afsláttur**

SS BBQ GRÍSA PARTÍRIF  
ELDSNÖGGT Á GRILLINU

**898 kr. kg.**



**30% afsláttur**

NÓATÚNS LAMBALÆRISSNEIÐAR  
PURRKRYDDAÐAR

**1.609 kr. kg.**



**Pú sparar 700 kr. kg**

NÓATÚNS LAMBALÆRI  
PURRKRYDDAÐ

**998 kr. kg.**



NÓATÚNS  
SAMLOKUBRAUÐ

**149 kr. pk.**



CLUBS PARTY CLUBS

CLUBS SALTKEK  
150 G

**79 kr. pk.**



NÓA KÓKÓS BITAR

**199 kr. pk.**



NÓA BANANA-SPRENGJUR

**189 kr. pk.**

# AVÚMPP

Bestir í kjöti


## NÓATÚN

í 40 ár



**25%**  
afsláttur

MÓA  
KJÚKLINGABRINGUR  
**1.999** kr.  
kg



Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

GRILLSPJÓT  
NAUAFILLET  
MEÐ GRÆNMETI  
**598** kr.  
stk.



Úr  
Fiskborði  
Nóatúns

STÓRLÚÐUSTEIK  
Í MIÐJARÐARHAFSMARINERINU  
**1.498** kr.  
kg.



Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

GRÍSAUNDIR ÚR KJÖTBORÐI  
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU  
**2.798** kr.  
kg.



**Náttúru  
salöt**

NÁTTÚRU SALÖT  
Kjarngott meðlæti með grillsteikinni!



**Meðlæti**  
Að hætti kjötmeistara  
Nóatúns

GRILLKARTÖFLUR MEÐ MOSARELLA OG BACONI  
MAÍSKÓLFAR Á STÖNGLI



Nóatúns samlokur

**30%**  
afsláttur



**5** á dag

ferskjur, vínber, perur og melónur  
**Sumarsælgæti**  
fyrir fjölskylduna

...mmm

## NÓATÚN

-hljómar vel!

## Vegasagan endurútgefin



**Kl. 20.30**

Kómedíuleikhúsið frumsýnir leikritið *Aumingja titla ljóðið á Kirkjubóli* í Öfundarfirði. Höfundur og flytjandi er Elvar Logi Hannesson.

# menning

menning@frettabladid.is

Eitt þekktasta verk beat-skáldanna, *On the Road*, verður endurútféð í öritskoðaðri útgáfu úr upprunalegu handriti höfundarins Jack Kerouac. Umsýslumaður dánarbús Kerouac, John Sampas - bróðir þriðju eigin konu höfundarins - hefur samið við Viking útgáfuna í Bandaríkjunum og er vonast til þess að bókin komi út fyrir árslok 2007, á 50 ára afmæli útgáfunnar. Á sínum tíma voru heilu málgreinar klipptar út úr handritinu sem talið var að myndu særa blygðunarkennd lesenda, einkum vísanir til kynlífs og flkniefnaneyslu



**JACK KEROUAC**  
Reiðfantur á óhemju enskrar tungu.

en handritið skrifaði þessi annálaði drykkjafntur og bósi í kaffiskotinni besedrinvímu árið 1951. Auðmaðurinn James Irsay keypti upprunalega handritið af bókinu árið 2001 og greiddi þá 2,4 milljónir bandaríkjadala fyrir bókrolluna sem er 36 metrar á lengd en höfundurinn hafði þann sið á að líma jafnharðan saman þær síður sem hann skrifaði og búa þannig til samfelldan og flæðandi texta í bókstaflegri merkingu. Kaffiblettad handritið ferðast nú milli safna og skólafstafna í Bandaríkjunum.

- khh

### >Ekki missa af...



myndlistarsýningu **Óla G.** í gallerí **Turpentine** við Ingólfsstræti.

leiksýningu í Elliðaárdal.

Leikfélagið **Sýnir** sýnir **Máfinn** eftir **Tsjekhov** í náttúrulegri íslenskrí leikmynd, leikstjóri er **Guðjón Þorsteinn Pálmarsson**.

erindi **Haraldar Þórs Egilssonar** sagnfræðings um hreinlæti forfeðra okkar á kvöldvöku í **Laufási** í Eyjafjarðarsveit í kvöld.



**BALAZS KAKUK**

Nú heyrast í barítongömbu í fyrsta sinn á opinberum tónleikum hérlendis.

## Barítongamba Kakuks

Hinn virti ungerski gömbuleikari Balazs Kakuk leikur ásamt Bachsveitinni kl. 20 í kvöld. Kakuk leikur á barítongömbu sem aldrei hefur heyrst í hérlendis fyrr en um er að ræða plokkað strengjahljóðfæri með allsérstæðan tón. Hljóðfærið er upprunnið frá síðari hluta 17. aldar og var vinsælt fram á fyrrrihluta þeirrar nítjándu.

Balazs Kakuk starfar sem próffessor í kammurmúsík við Ferenc Liszt-akademíuna og Bartók-konservatoríið í Búdapest. Sem einleikari og kammertónlistarmaður hefur hann ferðast um allan heim og kemur fram á tónleikum og hljóðritar fyrir útvarp, sjónvarp og geisladiska. Kakuk leikur verk eftir Haydn og Lidl ásamt Bachsveitinni sem Jaap Schröder leiðir en þá verða einnig flutt verk úr safni meistara Haydns sem hann samdi fyrir húsbónda sinn, Miklos Esterházy prins, sem var liðtækur barytongömbuleikari á sinni tíð.

Næstkomandi laugardag leika Kakuk og Bachsveitin á saman á ný á tónleikum kl. 15 og flytja þá einnig verk eftir Tomasini en þess má geta að kontrabassaleikarinn Dean Ferrel heldur erindi í Skálholtsskóla klukkustund fyrir þá tónleika og fjallar þar um hina gleymdu snillinga klassikurinnar.

## Lokahelgi Sumartónleika

Nú líður senn að lokum Sumartónleika í Skálholti og um verslunarmannahelgina verður mikið um dýrðir á þessu fornfræga menningarsetri. Barokk og klassík berast út um kirkjudygnar og á völlum í nágrenninu er verið að heyja.

Berglind María Tómasdóttir er framkvæmdastjóri Sumartónleikanna og segir andrúmsloftið í Skálholti afar gott. „Hér ríkir mjög afslöppuð sveita- og sumarstemning. Aðsóknin á tónleikana hefur verið mjög góð það sem af er, í síðustu viku var fullt á tónleikana en það er stór hópur sem er farinn að stunda hátíðina en auk þess eru gestir, bæði erlendir og innlendir að detta inn. Það er ókeypis á tónleikana og ferðafólkið er mjög ánæggt með það.“

Margt góðra gesta hefur sótt Skálholt heim í sumar og verður svo einnig um helgina. Berglind María útskýrir að mikill fengur sé að komu erlendra hljóðfæra-leikara fyrir íslenska tónlistarmenn og hlustendur. Gestirnir eru margir hverjir heimspekkir á sínu sviði og líkt og fyrr eru margir sérhæfðir í leik á hljóðfæri gamla tímans en það er aðalsmerki Sumartónleikanna að flytja tónverk í sem upprunalegustum útsetningum með tilheyrandi hljóðfærum. „Þetta er í raun eins og vítamínsprautu“, útskýrir Berglind María. „Margir af íslensku hljóðfæraleikurum grípa einungis í það að leika á þessu gömlu hljóðfæri og það er ómetanlegt að fá sérhæft fólk til þess að miðla af reynslu sinni.“

Sex tónleikar verða haldnir um helgina og nú í kvöld heyrast til að mynda í fyrsta sinn í barítongömbu hérlendis því ungerski gömbuleikarinn Balazs Kakuk mun leika með Bachsveitinni og



**BERGLIND MARÍA TÓMASDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI SUMARTÓNLEIKA Í SKÁLHOLTI** Stefnt að stofnun hollvínafélags Sumartónleikanna á haustdögum.

leiða hlustendur inn í alveg nýjan hljóðheim. Á laugardagskvöldið mun tónlistarhópurinn Camerartica leika í fyrsta sinn opinberlega á hljóðfæri klassíska tímans og mun þá meðal annars heyrast í klassískri flautu, klassísku klarinetti og náttúruhorni í verkum eftir Mozart.

Kvöldvökur Sumartónleikanna hafa einnig mælst mjög vel fyrir og hefur aðsókn að fræðslu-erindum sumarsins verið góð. Í kvöld flytur fornleifafræðingurinn Mjóll Snæs dóttir erindi á Brynjólfsvöku um húsakynni í Skálholti á tímum Brynjólfs biskups í Oddsstofu.

Athygli skal einnig vakin á tónlistarsmiðjum sem skipulagðar eru í tengslum við sumartónleikana. Þar gefst krökkum frá sex ára aldri kostur á að taka þátt í skapandi tónlistarstarfi. „Þetta hefur vakið mikla lukku

en nú um helgina verða námskeið bæði á laugardegi og sunnudegi. Að þessu sinni er það Sigrún Sævarsdóttir sem leiðir smiðjuna en hún kennir skapandi tónlistarmiðlun við Listaháskóla Íslands og Guildhall tónlistarháskólann í Lundúnum,“ segir Berglind María.

Nýlega var efnt til kynningarfundar um stofnun hollvínafélags Sumartónleikanna og segir Berglind að ráðgert sé að setja félaginu formlega á stofn í haust. „Hátíðin hefur vaxið og dafnað jafnt og þétt svo við teljum að það sé heppilegt að mynda formlegan stuðningshóp í kringum starfseminna sem til dæmis gæti virkað sem einsonar hugmynda-smiðja fyrir hátíðina.“

Nánari upplýsingar um samtökin og dagskrá helgarinnar má finna á heimsíðu hátíðarinnar, [www.sumartónleikar.is](http://www.sumartónleikar.is).

- khh



**BRUNO COCSET**

Leikur Vínarklassík og verk eftir Mozart ásamt Camerartica.

## Vínarklassík á selló

Sellóleikarinn Bruno Cocset leikur á tónleikum í Skálholtskirkju á laugardaginn ásamt Camerartica hópnun og fleiri góðum gestum. Cocset er próffessor í barokksellóleik við Háskólann í Genf í Sviss og hefur verið kennari við Konservatoríið í París og við Katalónska tónlistarháskólann í Barcelona síðan 2001. Bruno stofnaði hópin „Les Basses Réuniones“ sem leggur aðaláherslu á rannsóknir og flutning á sellótónbókmenntunum út frá sögulegu samhengi og hefur gefið út hljóðritar hjá Alpha útgáfunni með flutningi á sönótum Vivaldis, Barriérs, Frescobaldis og svítum J. S. Bachs. Á næstunni koma svo út með honum konsertar og sönótur Boccherinis. Cocset leikur á tvennum tónleikum, kl. 17 leikur hann ásamt sellóleikaranum Maude Graton og Steinunni Arnbjörgu Stefánsdóttur sellóleikara og fylgja þau hlustendum um tónheima Ítalíu þar sem áherslan er á bassastrokhljóðfæri frá upphafi 17. aldar til miðbiks 18. aldar. Þessa dagskrá má flytja með nokkrum strokhljóðfærum eða með sellói í aðalhlutverki en þar heyrast hljómar úr smiðjum Gabriellis, Frescobaldis auk tóna frá Bach.

Á kvöldtónleikumum flytur Cocset tónleikadagskrá með Vínarklassík og verkum Mozarts ásamt Camerartica hópnun sem leikur nú í fyrsta sinn á hljóðfæri frá klassíska tímanum ásamt Emil Friðfinnssyni hornleikara og Dean Ferrel sem leikur á hljóðfæri violónu sem er eldra afbrigði kontrabassa. Kvöldtónleikarnir verða síðan endurteknir kl. 15 á sunnudaginn.



# Ástrali á Rosenberg

Ástralski tónlistarmaðurinn Peter Uhlenbruch er staddur hér á landi og leikur á tónleikum í kvöld. Peter er 24 ára og kallar sólóverkefni sitt Owls of the Swamp. Hann segist vera undir áhrifum frá tónlistarmönnum á borð við Elliott Smith, Nick Drake og Elbow og ætlar að sýna það í verki á tónleikum á Café Rosenberg í kvöld. Þar kemur hann fram ásamt Mike Pollock. Tónleikarnir hefjast klukkan 22 í kvöld. Áhugasamir geta kynnt sér tónlist Uhlenbruch á heimasíðunni Myspace.com/owlsoftheswamp.



OWLS OF THE SWAMP Ástralski tónlistarmaðurinn Peter Uhlenbruch spilar á Café Rosenberg í kvöld.

# Ritjöfrar biðja Potter vægðar

Metsöluhöfundurinn og skapari galdraveldisins sem kennt er við Harry Potter, J.K. Rowling, segist skemmta sér sem aldrei fyrr við að skrifa síðustu söguna um galdrapiltinn heimsfræga enda sé mesti þrýsingurinn af öxlum hennar nú þegar sér fyrir endann á ævintýrinu.

Höfundurinn er nú staddur í Bandaríkjunum þar sem hún tók þátt í góðgerðasamkomu ásamt rithöfundunum John Irving og Stephen King en haft er eftir þeim að þeir félagar hafi hitað upp fyrir Rowling enda hafi áhorfendaskarinn verið í yngri kantinum.

Dagblaðið The Guardian greinir enn fremur frá því að

fyrirgreindir ritjöfrar hafi beðið galdradrengnum Harry Potter vægðar, minnugir þess að Rowling lýsti því yfir í vor að ástkær persóna myndi láta lífið í lok sögunnar.

Rowling kveðst vel á veg komin með síðustu bókina og lýsti því yfir að henni þætti ekki alltaf gaman að gera út af við persónurnar sínar. Hún áréttaði þó að þegar kæmi að hinum eiginlegu skrifum væri hún búin að taka út sorgina því dauðsföllin væru ákveðin með löngum fyrirvara.

- khh

J.K. ROWLING  
Komin vel áleiðis með síðustu Potter bókina.  
MYND/REUTERS



VERK SIGURÐAR ÖRLYGSSONAR Litríkar vatnslitamyndir.

## Afmælislist

Myndlistarmaðurinn Sigurður Örlygsson opnaði sýningu í Listhúsi Ófeigs á Skólavörðustíg 5 um síðustu helgi en hún er haldin í til efni af sextugsafmæli hans. Á sýningunni eru 120 vatnslitamyndir sem mynda tvær seríur en myndirnar eru allar unnar á þessu ári.

Sigurður hefur haldið um 50 einkasýningar en hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólann og síðar framhaldsnám í Kaupmannahöfn og New York.

Sýningin verður opin á þjónustutíma listhússins en henni lýkur 23. ágúst.

- khh

### Náðu þér í ókeypis loftþrýstings- og dekkjaslitsmæli á næstu Shellstöð

**EKKI SPRINGA Á LIMMINU! HUGSAÐU ÁÐUR EN ÞÚ EKUR**

Tafla sem sýnir æskilegan loftþrýsting í dekkjum, pund (lbs) samanborið við kílóPascal (kPa).

lbs	28	Of lítill loftþrýstingur	kPa	195
	32	Æskilegur loftþrýstingur		220
		Of mikill loftþrýstingur		

Algengt er að upplýsingar um réttan loftþrýsting sé að finna í hurðafalsi eða á bensínloki bifreiða. Í venjulegum fólksbíl er algengast að æskilegur loftþrýstingur sé í kringum 200 kPa.

# allt tilboð

Alla föstudaga

## SUMARTILBOÐ Á SAMSUNG SÍMUM

**SAMSUNG D820**

**37.980 kr.**

Glæsileg hönnun. Örfunnur, með stórum TFT hágæða litaskjá og 1,3 MP myndavél sem hægt er að snúa 180 gráður. Hægt er að tengjast tölvu, handfrjálsum búnaði og blátannarsímum í gegnum blátannarbúnað.

**SAMSUNG X650**

**14.980 kr.**

Gullfallegur samlokusími, sem býður upp á alla helstu möguleikana. Meðal búnaðar má nefna VGA myndavél og hægt að taka upp hreyfimyndir, FM-útvarp, 3MB minni, 6 klukkustunda taltíma á rafhlöðu og margt fleira.

Nánari upplýsingar á siminn.is eða á næsta sölustað Símans.

\* Eingöngu innan kerfis Símans

**MR SKALLA GRÍMSSON**  
Benedikt Erlingsson



Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi  
Sýningar í ágúst og september

Föstudagur 4. ágúst kl. 20 örfá sæti laus  
Laugardagur 5. ágúst kl. 20 uppselt  
Sunnudagur 6. ágúst kl. 15 örfá sæti laus  
Sunnudagur 6. ágúst kl. 20 örfá sæti laus

Laugardagur 19. ágúst kl. 20  
Sunnudagur 20. ágúst kl. 15  
Sunnudagur 20. ágúst kl. 20

Föstudagur 25. ágúst kl. 20  
Laugardagur 26. ágúst kl. 20 Uppselt

Föstudagur 1. sept. kl. 20  
Laugardagur 2. sept. kl. 20  
Sunnudagur 3. sept. kl. 20

**LEIKHÚSTILBOÐ**  
Tviréttaður matur og miði  
Frá kr. 4000 - 4800  
MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600  
PANTIÐ MÍÐA TÍMANLEGA



## Opið á Gljúfrasteini



**KRISTJANA HELGADÓTTIR OG GUNNHILDUR EINARSDÓTTIR** Leika verk eftir J.S. Bach, Jean Francaix og Toru Takemitsu.

Þeim sem hyggja á skemmri ferðir í nágrenni höfuðborgarsvæðisins um verslunarmannahelgina er bent á að Hús skáldsins á Gljúfrasteini verður opið gestum alla helgina milli kl. 9-17. Mikil náttúrufegurð er í nágrenni hússins þar sem kjörið er að vappa um í veðurbliðu og eins segir í tilkynningu frá safninu að þar sé vel við hæfi að staldra við á leið til Þingvalla.

Á sunnudaginn verða stofutónleikar að vanda þar sem Gunnhildur Einarsdóttir hörpuleikari og Kristjana Helgadóttir flautuleikari koma fram og leika verk eftir Bach og samtímatónskáldin Jean Francaix og Toru Takemitsu.

- khh



**MÚSÍKALSKT PAR** Orgelleikarinn Steingrímur Þórhallsson og Pamela De Sensi flautuleikari.  
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Sjö sálmalög og fleira

Hádegistónleikar Listvinafélags Hallgrímskirkju, sem kenndir eru við Alþjóðlegt orgelsumar, halda áfram í dag en þá halda hjónin Pamela De Sensi flautuleikari og Steingrímur Þórhallsson, organisti Neskkirkju, tónleika í kirkjunni.

Á efnisskránni eru tvö verk. Fyrst leikur Steingrímur Kóral nr. 3 í a-moll eftir César Frank, einn þriggja kóralla sem hann skrifaði síðasta æviár sitt, árið 1890. Síðara verkið er „Sjö sálmalög“ fyrir þverflautu og undirleik eftir franska 20. aldar tónskáldið Jean Langlais.

Pamela fædd og uppalin á Ítalíu og hefur tekið þátt í fjölda tónleika bæði sem einleikari og með kammertónlistarhópum, í Kasakstan, Mexíkó og Íslandi og víðar. Hún hefur komið fram á fjölda tónlistarhátíða víða um Ítalíu og frá árinu 1997 hefur hún spilað með kvartettinum Horus

Ensemble og frá 1998 með tríóinu Shéhérazade. Á Íslandi hefur hún starfað sem tónlistarkennari við Tónlistarskóla Árnesinga frá 2003.

Steingrímur Þórhallsson lauk píanókenningarámi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1998 og kantorsprófi frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Haustið 1998 hóf hann nám við Pontificio Instituto di Musica Sacra í Róm, sem er kirkjutónlistarstofnun Páfagarðs, og lauk þaðan mastersprófi í orgelleik sumarið 2001. Steingrímur hefur komið fram víða sem einleikari og sem meðleikari, meðal annars í Skálholtsdómkirkju, Kristskirkju, Neskkirkju og Hallgrímskirkju.

Auk þess að starfa sem organisti Neskkirkju er hann einnig listrænn stjórnandi hátíðarinnar „Tónað inn í adventu“ og tónlistarhópsins Rinascente.


- khh

**Stórmarkaður í stofunni heima**

**PÖNTUNARSÍMI 550 5000**  
**ÉÐA Á VISIR.IS**

FRÉTTABLAÐIÐ

**5 LISTAMENN Í GRÓTTU**  
[www.eiland.is](http://www.eiland.is)



**OPIÐ**  
Í DAG 16.00 - 21.30  
Á MORGUN 17.30 - 23.00

EILANDSKAFFI ER OPIÐ Á SÝNINGARTÍMUM

**SJÓVÁ**

**Útsölu lok**  
**70-90% afsláttur!**  
**af allri útsöluvöru**

**Whistles**  
Kringlunni



**Footloose**

17. ágúst - kl 20:00 - uppselt  
18. ágúst - kl 20:00 - örfá sæti  
24. ágúst - kl 20:00 - laus sæti  
25. ágúst - kl 20:00 - laus sæti

Míðasala er í síma 568 8000 - [www.borgarlithus.is](http://www.borgarlithus.is)

**Viðey** Uppgötvaðu

Saga Náttúra List

Spennandi sumardagskrá Nánari upplýsingar [www.videy.com](http://www.videy.com) 533 5055

Kaffisala kl. 13 - 17

Viðeyjarferjan siglir reglulega alla daga

Reykjavíkurborg

**AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**  
**FRÉTTABLAÐIÐ**



# Stjörnudýrkun og fallvölt stundarfrægð

Dálkahöfundur breska dagblaðsins The Observer veltir upp athyglisverðum spurningum um eðli og þýðingu ævisagnaritarar í samhengi við stjörnudýrkun enska fótboltalandsliðsins í nýjasta pistli sínum um síðustu helgi. Hunter Davies segir frá reynslu sína af því að vera svokallaður „höfundardraugur“ knattspyrnukappans Wayne Rooney, en pistlahöfundurinn var fenginn til þess að skrifa ævisögu þess tvítuga pilts.


Davies lætur að því liggja að frammistaða enska landsliðsins hafi valdið því að forlögin hafi hætt við útgáfu nokkurra fótbolta-ævisagna eða sett þær í salt en þó eru að koma út nokkuð sögu-

legar bókmenntir um Frank Lampard, Rio Ferdinand og Ashley Cole – auk sögu Rooney sem síst verður þrungið minni dramatik en hinna kappanna og talsvert nýjabrum því þetta er víst fyrsta ævisaga hans. Að kaupa fótboltaheftu er næstum jafn áhættusamt fyrir forleggjara og framkvæmdastjóra, segir Davies, því gæfan sé fallvölt í fótboltanum. Hins vegar geti söguhetjurnar haft gríðarleg áhrif á sölu bókanna með því einu að mæta og árita verkin eða sýna sig í sjónvarpi og hann segist þekkja til verka þar sem viðfangið ver meiri tíma með áritunarpennann í höndunum heldur en í hin eiginlegu skrif – hvort sem

þau eru með dyggri aðstoð eða ekki.

Davies kveðst hafa verið einkar heppinn með Rooney. Þeir funduðu átta sinnum á fallegu heimili fótboltastjörnunnar og síðan var hún dugleg að hringja í hann meðan á Þýskalandsævintýrinu stóð. Davies lætur þó ekkert uppi með innihald þeirra samtala nema að hann hafi þurft að draga talsvert upp úr honum enda sé Rooney maður boltans en ekki orðsins.

- khh



ROONEY BARMAR SÉR Fótboltaheftan á ekki sjö dagana sæla en ævisagan er á leiðinni. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Stefnan tekin norður

Dúettinn Sessý og Sjonni leikur á Kaffi Akureyri í kvöld og ætlar að trylla heimamenn og gesti með sveiflukennndri tónlist. Sessý og Sjonni hafa verið iðin við kolann að undanförunu og ætla að

flengjast um Norðurlandið um verslunarmannahelgina, leika á skemmtihúsinu Kaffi Krók á Sauðárkróki á laugardagskvöldið og dúkka upp á stórhátíðinni Einni með öllu.

- khh



SESSÝ OG SJONNI Dúkka upp á Einni með öllu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

31 1 2 3 4 5 6

### Fimmtudagur

#### TÓNLEIKAR

17.00 Tríóid **Flis** treður upp ásamt **Bogomil Font** á vegum tónleikaraðar **Smekkleysu** og tímarítsins **Grapevine**. Tónleikarnir fara fram í nýjum húsakynnum **Smekkleysubúðarinnar** á **Klapparstig 27 kl.** 17. Aðrir tónleikar verða á **Café Amsterdam** kl. 21.30 og þá kemur hljómsveitin **Mammút** einnig fram.

20.00 Tónlistarhópurinn **Sjan áron** leikur í **Frikirkjunn** í **Reykjavík**.

21.30 Kvintett **Ragnheiðar Gröndal** leikur djasstandarda í **Deigunni** á Akureyri í tilefni af **Listasumri**.

#### LEIKLIST

20.30 Leikritið **Aumingja litla ljóðið**, frumsýning á nýjum einleik **Kómedíuleikhússins**. Sýnt á **Kirkjubóli** í **Öndarfirði**.

#### SKEMMTANIR

21.00 **Breakbeat.is** heldur klúbba-kvöld á skemmtistaðnum **Pravda**. Gestasnúður kvöldsins að þessu sinni er Agnar **Aggarson**, einnig þekktur sem **Aggi Agzilla**.

22.00 Hljómsveitin **Bermuda** verður með **húkkaraball** á **Hressó**.

#### SÝNINGAR

14.00 Myndlistarmaðurinn **Serge Comte** sýnir í gallerí **101** við **Hverfisgötu**. Opnið til kl. 17.

15.00 Nú stendur yfir listasýning á verkum eftir 12 nýtskrifaðra nema **Listaháskóla Íslands** í **Listasetrinu** á **Hvolsvelli**. Yfirskrift hennar er **Ántítils Grúp Kynnir**. Sýningin stendur til 13. ágúst en verður lokuð um verslunarmannahelgina.

**Bavaria, hollenskur gæðabjór:**

## Kom best út í blindprófun

Bavaria bjórinn kom best út í könnun sem hollenska dagblaðið De Telegraaf gerði á dögnum. 10 vinsælar tegundir af bjór voru prófaðar með blindprófi og fékk Bavaria bjórinn hæstu einkunn.

1	Bavaria	7.4
2	Grolsch	6.7
3	Best (Dirk)	6.4
4	Dommelsch	6.1
5	Amstel	6.0
6	Vaandel	5.8
7	Euroshopper	5.0
8	Finkbräu	4.7
9	Heineken	4.6
10	Albert Heijn	4.3

LÉTTÖL

# NÝ SENDING AF HLAUPAHJÓLUM!

Loksins er ný sending af V400 rafmagnshlaupahjólunum í sumarleik Coca-Cola komin í dreifingu. Umtalsvert magn af hjólum er í dreifingu núna og er von á viðbótarsendingu um miðjan ágúst.

Við þökkum þolinmæðina og sömuleiðis fráþærar viðtökur. Fresturinn til að sækja hjólin á afhendingarstaði hefur verið framlengdur til 1. september, nk.

**20X+ 6.900 kr.**

Coca-Cola, the design of the Coca-Cola Contour Bottle and the modified Dynamic ribbon are registered trademarks of The Coca-Cola Company. © 2005 The Coca-Cola Company.

## Vantar þig síma?



Vodafone live!

### Nokia 6230i

Vodafone live!  
Tilboðsverð: 24.900 kr.  
Verð áður: 28.900 kr.

## Partí í poka!



Með sérhannaða vasa fyrir GSM og MP3 spilara. Bæði tækin geta tengst innbyggðum hátölurum bakpokans.

### Sértilboð fyrir Og1

viðskiptavini  
7.900 kr.

Verð fyrir eigendur  
Vodafone live! síma  
9.900 kr.

Almennt verð  
12.900 kr.

## Hendur á stýri!



### 20% afsláttur

af öllum handfrjálsum búnaði



Heyrumst!

## AUGLÝSINGASÍMI

**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ


**KVIKMYNDANJÖRÐURINN RÚNAR JÚLIUSSON TÓNLISTARMÁÐUR**

## Charlton Heston fer í taugarnar á mér

„Er, well, um, if you're dropping by again, do pop in. Heh. And thanks a lot for the gold and frankincense, er, but don't worry too much about the myrrh next time. All right? Heh. Thank you. Good-bye.“

Móðir Brians þakkar vitringunum þremur kærlega fyrir komuna þegar þeir ætluðu að vitja frelsarans í fjárhúsinu í Life of Brian.

# bíó

bio@frettabladid.is

**Eftirlætiskvikmynd:** Rebel Without a Cause með James Dean og Natalie Wood. Þá er Scarface einnig í miklu upphaldi auk No Direction Home sem er heimildarmynd um Bob Dylan.

**Eftirlætis atriði:** 9 1/2 weeks sjálfsfróunaratriði með Kim Basinger er ákaflega eftirminnlegt og þegar Roman Polanski skar í nefið á Jack Nicholson í Chinatown. Þá er ákaflega



eftirminnlegt þegar Robert Niro kælir standarann á sér með fullri fötu af ísmolum í Raging Bull.

**Uppáhalds leikstjóri:** Þeir Martin Scorsese, Clint Eastwood, Roman Polanski og Woody Allen eru í miklu upphaldi hjá mér.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** James

Dean og Marlon Brando eru langmestu töfvararnir.

**Versti skúrurinn:** Robert Niro í Cape Fear var ansi vondur.

**Hvaða persóna fer mest í taugarnar á þér:** Charlton Heston, formaður félags byssueiganda í Bandaríkjunum.

**Ef þú fengir að velja þér mynd, leikstjóra og mótleikara, um hvað yrði hún?** Ég myndi leika aðalhlutverkið í kvikmynd um ævi og störf Keith Richard. Johnny Depp og Kate Moss yrðu að sjálfsgöðu í öðrum hlutverkum auk allra hina Steinanna sem myndu bregða sér í hin og þessi hlutverk.



# Þegar gamanið fer að kárna

Gamanleikur hefur ekki notið þeirrar virðingar innan kvikmyndanna sem mörgum finnst hann eiga skilið. Auðvelt sé að haga sér eins og fifl fyrir framan myndavélarnar en að mati leikara er það mikil þrautanga að fá fólk til að hlæja.

Charlie Chaplin og Buster Keaton voru frumherjar í þessari miklu listgrein á hvíta tjaldinu. Chaplin var alinn upp meðal sirkusfólks í London en fluttist síðan búferlum til Bandaríkjanna þar sem leikarinn átti eftir að setja mark sitt á kvikmyndasöguna. Fáir gamanleikarar eru í jafnmikilli guðatölu og Chaplin enda tókst honum að skapa einhverja þekktustu kvikmyndapersónu seinni tíma, Flækjinn. Bæði Chaplin og Keaton voru miklir látbragðsleikarar og hræddust mjög hið talaða mál sem síðar átti eftir að ryðja sér til rúms á hvíta tjaldinu.

Mörgum er eflaust í fersku minni atriðið þegar Chaplin gerir grín að nútímanum og er mataður af vélmenni en Chaplin sýndi að hann gat vel ráðið við hið talaða mál í kvikmyndinni Einræðisherranum sem er stórkostleg ádeila á stríðsreksturinn í seinni heimsstyrjöldinni.



**KÓNGARNIR Í GRÍNINU** Monty Python eru ókrýndir konungar grínsins en þeir eru sagðir hafa haft jafnmikil áhrif á humor og Bítlnarir höfðu á tónlistina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

### Monty Python tímabilið

Ef Chaplin og Keaton voru meistarar látbragðsins er Woody Allen konungur hins talaða máls í gamanleik. Taugaveiklaður gyðingur með komplexa yfir sjálfum sér er vissulega ekki fyrir alla en Allen hefur einstakt lag á að fá fólk til að hlæja að sjálfu sér með útskýringum og pælingum sem eiga engar sinn líka. „Gamanmyndir“ Allens eru allar byggðar á leit hans að kvonfangi, vandræðum með konuna og eiga sér oftast stað í New York. Allen er nú fluttur til

London og gerir kvikmyndir sínar þar enda segir hann landa sína ekki skilja sig lengur.

Á sjöunda áratugnum gerði nýr humor vart við sig í Bretlandi en fáir hafa haft jafn mikil áhrif á gerð gamanmáls og Monty

**AMERÍSKA BAKAN** Kvikmyndin um hreinu sveinana í bandarískum menntaskóla var afturhvarf til tíma Nördanna og Lögregluskólans sem mörgum fannst heldur útpvældur brandari.



**LÁTBRAGDSMEISTARI** Buster Keaton var einn þeirra sem fórnaði lífi og limum til að áhorfendur gætu brosað út í annað eða skellt upp úr.



**MEISTARI HINS TALAÐA MÁL** Woody Allen kann þá list hvað best að leyfa hinu talaða máli að njóta sín þótt taugaveiklaði gyðingurinn sé ekki allra.



Líf





**CHARLIE CHAPLIN** Áhrifa frá Chaplin gætir enn í kvikmyndasögunni enda var hann miklu meira en bara leikari heldur einnig brautryðjandi í kvikmyndalistinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

gamanleikur loks Óskarsverðlaun eftir ótrúlega langa bið enda var Kevin Kline hreint út sagt frábær sem Otto. Þrír af meðlimum hópsins voru valdir meðal fimmtíu myndastjarna á sögunni og var John Cleese þar í öðru sæti, rétt á eftir átrúnaðargoði sínu, Peter Cook.

#### Eftirhermur eða nýjungar?

Í seinni tíma hefur fíflagangurinn orðið áberandi í kvikmyndum á ný en nú með öðrum formerkjum. Í vinsælustu gamanmyndunum er ruddafengin umfjöllun um kynlíf unglinga og stanslaust grín að þeim sem minna mega sín. Grín sem á rætur sínar að rekja til Nördanna og Lögregluskólans en flestir höfðu haldið að það væri gamall brandari. Fólk skellir engu að síður enn upp úr í kvikmynda-sölunum þegar einhver reynir að hafa samfarir við bókun.

Jim Carrey skaust fram á sjónarsviðið með geiflum og grettum og það virtist nægja til að koma honum í hæstu hæðir. Carrey var ekki að gera neitt nýtt því elstu menn fusuðu bara og sveiðu yfir þessari Jerry Lewis-eftirhermu. Farelli-bræðurnir fetuðu í fótspor Python-flokksins en í stað þess að taka fyrir sögulegar frægar persónur hömuðust þeir bræður á svertingjum, dvergum, fötluðu fólki að ógleymdum heimskingjum sem vissu varla af tilvist sinni.

Á undanförunum

árum hefur hins vegar hópur ungra leikara í Hollywood verið að ryðja sér til rúms og leitt grínið í kvikmyndum. Hið svokallaða „frat-pack“ með þeim Vince Vaughn, Ben Stiller og Wilson-bræðrunum auk vitleysingsins Will Ferrell hafa trónað á toppnum beggja vegna Atlantshafsins. Strákar elska þessa menn enda eru þeir svalir og stúlkur falla fyrir þeim af sömu ástæðu.

Hið nýja grín kemur hins vegar frá feitlögnum, breskum náunga sem varð frægur fyrir að búa til vandræðalegar aðstæður. Ricky Gervais trónir nú á toppnum sem einhver fyndnasti maður heims. Bretar hafa reyndar enn og aftur náð tökum á gríninu því þættirnir Little Britain eru feikivinsælir um allan heim. Aðdáendur gamanleiks bíða nú eftir því með öndina í hálsinum að Gervais og félagar í Bretlandi birtist á hvíta tjaldinu.

- fgg



**ÓSKARINN Í HÚS** Kevin Kline fékk Óskarinn fyrir leik sinn sem Otto í kvikmyndinni A Fish Called Wanda en hann var fyrsti gamanleikarinn sem áskotnaðist stytta í háa herrans tíð.



**FRAT PACK** Drengirnir í Frat Pack hafa á undanförunum árum skemmt áhorfendum með kvikmyndum á borð við Swingers, Old School og Wedding Crashers.

## VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



**1. VERÐLAUN**  
í Þýskalandi  
W2241WPS

## Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum

**ALLT AÐ**  
**30%**  
**AFSLÁTTUR**

Miele þvottavélar eru með nýrri tromlu með vaxkókumynstri sem fer betur með þvottinn. Einkaleyfi Miele.

Miele þvottavélar eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

Miele þvottavélar endast lengur en aðrar þvottavélar.

### Íslenskt stjórnborð

**Miele**

**EIRVÍK** -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**BLUE LAGOON**  
ICELAND


**MATGÆÐINGURINN Sigríður Lund í Morgunþættinum Zúper á FM 957**

## Tæki með sér myndarlegan kokk á eyðieyjuna

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Finnst kjúklingur ómissandi og ég er sjúk í gráðaost. Þetta verður að vera á matseðlinum reglulega!

**Fyrsta minning um mat?** Það er minningin um hafragrautinn sem var pindur ofan í mig í leikskóla. Hann kom alltaf jafn harðan uppúr mér aftur, fannst hann svo vondur. Hef ekki getað borðað hafragraut síðan.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Grilluð nautalund með smjörsteiktum sveppum, bakaðri



kartöflu og sveppasósu sem ég fékk hjá vinafólki mínu, ohhh, þetta var svo gott! Þetta hefur verið upphaldandi mitt síðan.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Allur súrmatur, hvalur, hrútsþungar, sviðasulta og svið. Get ekki hugsað mér að leggja mér þetta til munns.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Prúfaðu að setja kartöfluflokkur í samlokunarþínar. Lærði þetta í USA. Það er sérstaklega gott að setja flögur með salti á rækjusamlokuna. Þetta fæ ég mér við hátiðleg

tækifæri.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Hamburgara frá American Style.

**Hvað áttu alltaf í iskápnunum?** Pepsi Max, egg, brauð, ost og ávexti.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Fjallmyndarlegan og flottan meistarakokk.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Það voru einhverskonar sniglar, þeir voru rosalega seigir og ógeðslega vondir. Einn sem sat til borðs með mér sagði að þeir brögðuðust eins og eyrnamergur.

### > Ferskur ananas

...er ljúffengur einn og sér. Ávöxturinn inniheldur ensím sem brjóta niður prótín og örva meltinguna. Gott er að nota safu af ferskum ananas til að marinera kjöt.



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



## ÞRÚGUR GLEÐINNAR

> EINAR LOGI VIGNISSON

## Sumardagar rósavína

Sala á rósavínunum eykst mjög á sumrin. Rósavín eru enda sannkölluð sumarvín og það sem betra er þá smellpassa þau við dæmigerða íslenska útileguveðr-áttu þar sem rósavín þarf ekki að bera fram alveg eins köld og hvítvín og ekki eins heit og rauðvín. Hér á landi hafa amerísk rósavín, svokölluð „blush“, um árabil verið í hópi vinsælustu vína. Stabbinn af rósavínssölunni er þessi vín, lítið fer fyrir evrópska stílnum sem er þurrari og beittari. Er það skaði því góð rósavín eiga alveg sérstaklega vel við fisk, salöt og kjúkling og ráða jafnvel við léttari kjötrétti. Eru þannig alveg tilvalin í útilegum. „Blush“ vínin eru ekki jafn góð matarvín en þau eru svalandi sumardrykkur. Sérstaklega er gott að blanda þau með sódatvín og henda jafnvel sítrónusneid úti. Þá eru þau orðin svipuð að styrkleika og bjór og ég hef séð karlmenn, sem annars mega aldrei heyra minnst á „blush“, fagna þessum drykk mjög.

Í vínubúðunum er gott úrval „blush“ vína og evrópskra rósavína í sætari kantinum. Þekktustu tegundirnar eru eflaust Carlo Rossi frá Kaliforníu og Mateus frá Portúgal. Þurrari stíllinn á hinsvegar fáa fulltrúa og er mikið flókt á framboðinu, jafnvel

**VERT AÐ SPÁ Í:** Kalifornísk rósavín úr hinni kraftmiklu zinfandel-þrúgu eru ekki eins sæt og dæmigerð „blush“ vín úr sömu sýslu. Cypress White Zinfandel er hálfsett með ávaxta- og birjóstsykurskeim og í útilegubúningi með skrufutappa.

heimspekkt merki sem sett eru í sölu haldast ekki inni vegna þess að þau ná ekki þeirri lágmarks-sölu sem vínubúðirnar gera kröfu um. Þó dúkka alltaf nýir fulltrúar upp við og við, nú síðast margverðlaunað rósavín frá framleiðandanum Bodega Virgen Blanca sem er staðsettur í Navarra á Spáni. Vínið heitir Vina Sardasol Rosado og er eitt af fyrstu vínunum sem nýtt innflutningsfyrirtæki, Bjór og vín ehf., flytur inn.

Rósavín, eða roðavín eins og þau eru stundum nefnd á íslensku, draga nafn sitt af litnum en ekki af því að þau séu búin til úr rósum eða hafi neitt með blóm að gera! Við rauðvínsgerð eru hýðið og steinarnir látnir gerjast með safanum. Við hvítvínsgerð er þess gætt að safinn úr hvítu þrúgunum liggi aldrei með hýðinu og steinunum. Rósavínsgerðin liggur þarna mitt á milli ef svo má að orði komast. Rósavín eru jafnan gerð úr rauðum þrúgum og fyrstu skref víngerðarinnar eru þau sömu og við gerð rauðvíns. Um leið og þrúgurnar hafa hinsvegar verið kramdar eru þær meðhöndlaðar eins og hvítvín og safinn pressaður frá hratinu. Því næst er lokið við að gerja hann eins og um hvítvín væri að ræða. Það fer svo eftir því hvað safinn og þrúgurnar liggja lengi saman hvað rósavínið verður dökkt en yfirleitt eru ekki nema um örfáar klukkustundir að ræða því hýðið er fljótt að lita safann.

## Eldamennskan eins og jóga

Kristinn Arnar Stefánsson er lögfræðingur hjá Landsbankanum á daginn en kokkur á kvöldin.

„Mér finnst skemmtilegt að vinna í Landsbankanum, það er mjög gefandi, en það hvílir hugann að þjóna og kokka. Það er svona eins og jóga,“ segir Kristinn Arnar, eða Addi eins og hann er kallaður. Honum er eldamennskan í blóð borin því foreldrar hans eiga Rauðará. „Ég byrjaði sex ára í Múlakaffi með pabba, Stefáni Stefánssyni, þegar hann var yfirkokkur þar. Ég hef gripið í þetta af og til á Rauðará, bæði í eldhúsinu og að þjóna og velja vínið,“ segir Kristinn, en meðal vína og vandamanna er hann þekktur fyrir að vera viskubrunnur um mat og vín og gestrisinn með eindæmum.

Nautakjötið er í upphaldi hjá Kristni en hann gerir líka mikið af því að grilla lax og bleikju í veiðitúrnum. „Nautakjötið tengist svoltið fjölskyldunni, grilluð nautalund er í aðalhlutverki á Rauðará. En uppskriften sem ég er með fyrir lesendur blaðsins er mjög einföld og hentar mjög vel á þessum árstíma. Hún á einkar vel við í veiðitúrnum eða útilegum.“

Kristinn er sjálfur í nokkrum veiðihópum og sér oft um eldamennskuna í veiðiferðum. „Ef ég elda slepp ég við uppvaskið,“ segir Kristinn. Bleikja með mangó chutney að hætti Kristins Arnars er tilvalin um verslunarmannahelgina, enda auðvelt að verða sér úti um ferskan fisk og taka með sér krukku af mangó chutney í farangrinum. Með bleikjunni hefur hann kúskús með grilluðu grænmeti.

**BLEIKJA MEÐ MANGÓ CHUTNEY, FYRIR FJÓRA**  
tvö bleikjuflök, 1 ½ - 2 kg ein sítróna eða lime  
grótt sjávarsalt og pipar  
ein krukka mangó chutney

**KÚSKÚS MEÐ GRÆNMETI**  
svartar eða grænar ólífur  
3 msk. sítrónu- eða limesafi  
3 msk. fint söxud  
kóríanderlauf  
1 pakki kúskús (cous-cous)



KRISTINN ARNAR STEFÁNSSON Þegar Kristinn er ekki að sjá um matinn í veiðiferðum eða elda á Rauðará þræðir hann veitingastaði borgarinnar, enda mikill matgæðingur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

ólífuolía  
2 msk. balsamikedik  
2 paprikur  
1 kúrbítur  
1 eggaldin

Fyrst er að salta og pipra bleikjuna vel, kreista sítrónu eða lime yfir hana alla og nudda sjávarsaltinu og piparnum vel yfir. Því næst er bleikjan sett á álpappír eða grillbaka og mangó chutney smurt yfir hana í hæfilegu magni. Bleikjan er grilluð eingöngu á roðinu við háan hita í c.a. fjórar til sex mínútur eða meira eftir stærð. Skerið

grænmetið í hæfilega stóra bita. Blandið saman ólífuolíu og balsamikedik og penslið grænmetið. Kryddið með salti og pipar úr kvörn. Grillið grænmetið þar til það er fallega brúnað en eilítið stökkt. Kúskús (cous-cous) er soðið eftir leiðbeiningum á umbúðum, sett í stóra skál og blandað varlega saman við grillaða grænmetið. Bætið við sítrónusafa og kóríanderlaufum. Skreytið með ólífum eftir smekk. Gott er að hafa mangó chutney með sem meðlæti.

## Ekkert mál



-að verða mál

TravelJohn pokarnir eru  
fínn ferðafélagi þegar  
manni verður mál.

**TravelJohn**

Fást á eftirtöldum stöðum:

Bónus, Lyfja, Lyf og heilsa, Fjarðarkaup, Títan, Gísli Jónsson, Everest, Útilíf, Húsasmiðjan, Esso-skálinn Hvolsvelli, Söluskálinn við Landvegamót, Shell Freysnesi, Esso-Hraðbúð Egilsstöðum og K.S. Varmahlíð.

www.traveljohn.com

## Gómsætt nesti í ferðalagið

Framundan er ein stærsta ferðahelgi sumarsins og ferðalangar þurfa að huga að ýmsu fyrir útilegum. Nesti skiptir miklu máli og ekkert er betra en að setjast í friðsæla laut í góðu veðri með heimatilbúnað samlokur og kaffi á brúsa.

Veitingastaðurinn Deli á Laugaveginum hefur vakið mikla athygli fyrir bragðgóðan mat. Fréttablaðið hafði samband við Sigurð D. Thoroddsen, eiganda Deli, sem gefur hér lesendum nokkur skemmtileg ráð varðandi listina við að útbúa bragðgóðar samlokur.

### Fransbrauðssamlokur

Lítið mál er að baka baguette, það er hægt að kaupa það frosið eða hálfbakað í verslunum. Ef fólk vill



Bragðgóðar samlokur.

hafa harða skorpu er best að hita brauðið á miklum hita um það bil 300°C en lægri hiti gerir brauðið þykkara og seigara.

Best er að borða samlokuna fljótlega eftir að hún er smurð en ef smyrja á nesti er best að pakka í smjörpappír eða umbúðarpappír. Ef pakkað er í plastlát er gott að setja eldhúspappír með til að taka umframraka.

Skertið baguettebrauðið langs að ofan og opnið varlega. Setjið blandað salat vel ofan í rifuna og hellið sósu yfir, til dæmis jógúrt-sósu. Setjið ferskar kryddjurtir eins og basilíku og klettsalat yfir sósunu. Þetta er ágætis grunnur fyrir grænmetis- eða kjöt-baguette.

Grænmetisamloka: sólþurrkaðir tómatar, kryddlegnir ætipistlar, kalamatos ólífur, ristaðar furuhnatur og rifinn ferskur parmesan.

Kjötsamloka: hráskinka, plómutómatar í þunnum bátum, grilluð rauð paprika, camembert og mulinn svartur pipar.

Þessu er síðan raðað á listrænan hátt í brauði þannig að allt hræfnið njóti sín.

FULL TASKA AF VINUM



EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR

**FAXE**

BESTI FERÐAFÉLAGINN

# Hvað er Gibson að gera með Apocalyppto?

Stórleikarinn Mel Gibson hefur verið mikið í fréttum að undanförmu eftir að hann var handtekinn, ölvæður undir stýri. Gibson hefur lengi háð baráttu við bakkus og því er þetta nokkuð áfall fyrir bæði Gibson og fjölskyldu hans. Þá hafa niðrandi ummæli hans um gyðinga einnig valdið þó nokkrum titringi innan kvikmyndaheimsins enda hafa gyðingar lengi verið áhrifamikill hópur innan Hollywood.

Gibson hefur verið á fullu við að klára stórmynd sína Apocalyppto sem er leikin á hinu forna máli Maya-indjánanna. Leikstjórnin hefur ekkert viljað gefa upp um söguþráð myndarinnar ef undan-

skilið er að hún inniheldur mann-rán á ungum manni, flóttatilraun hans og að það verði mjög pólitískur undirtónn í henni.

Gibson var í viðtali við kvikmyndatímaritið Empire þar sem hann tjáði sig í fyrsti skipti um gerð þessarar myndar. „Ég held að það sé ákveðin þrá eftir einhverju sem ekki er fyrirfram gefið,“ segir Gibson en upphaflega var gert ráð fyrir að myndin yrði frumsýnd nú í sumar. Henni hefur verið frestað til að geta átt betri möguleika þegar tilnefningar til Óskarsverðlaunanna verða kunn-gjörðar. „Sumarið hefur verið stúttfullt af framhaldsmyndum og fyrirsjáanlegum hlutum en ég vil

sýna kvikmyndahúsgestum eitt hvað algjörlega öðruvísi, eitthvað sem kveikir í mér,“ segir Mel og bætir því við að þótt allar persónur tali maya-tungumálið sé lítið um talað mál í myndinni. „Frásögnin byggist á myndmálinu og frábærri kvikmyndaónlist,“ segir Gibson sem virðist vera ákaflega sáttur við það sem hann hefur í höndunum. „Ég hef aldrei séð neitt þessu líkt.“

MEL GIBSON Lögreglan í Malibu gaf út þessa mynd af Gibson skömmu eftir handtökuna. Leikstjórnin er nú í óða önn að klára stórmynd sína, Apocalyppto. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



## Gisele á báðum áttum

Leikarinn Leonardo DiCaprio og brasilíska ofurfyrirsætan Gisele Bündchen hafa gefið sögusögnum um að þau séu að taka saman aftur byr undir báða vængi. Þarið var saman í 3 ár en þau slitu samvistum á síðasta ári. Gisele hefur



bandi við Kelly Slater og Leonardo hefur verið að hitta fyrirsætuna Bar Rafael. Hins vegar sást til Gisele í göngutúr með móður Leonardo og stjúpróður hans og því gætu sáttavið-ræður verið í bígerð.



SEIÐANDI Kate er hér flott í svörtum leður-buxum og smókingjakka við. Pönkað og glæsilegt á sama tíma.



KVENLEG Á rauða dreglinum í fallegum hlýralausum blúndukjól og sætum skóm við.



TÖFFARI Stuttbuxur komust ærlega í tísku eftir að þessi mynd komst í blöðin. Flottar ljósbláar buxur við hvítan bol og svart vesti.

- Miðjarðarhafslönd:  
**Konan þín er þér ótrú**

- Malta og Ítalía:  
**Þegar beint er, vörn gegn „Hinu illa auga“**

- Suður-Ameríka:  
**Vörn gegn óláni, þegar hendi er snúð**

- USA:  
**Merki háskólans í Texas**

## Moss best klædda konan

Á dögnum var Kate Moss kosinn best klædda kona heims af lesendum tímaritsins Vanity Fair og þykir það undirstrika að ofurfyrirsætan sé komin aftur eftir lægðina og mun láta að sér kveða í framtíðinni.

Moss er mikil fyrirmynd í tískuheiminum og þrátt fyrir að hafa gengið í gegnum mikla erfiðleika í kjölfarið á eitruðlyfjahneyksli í fyrra þá hefur hún að náð sér vel á strik. Hún hefur loksins náð að losa

sig við Pete Doherty sem reyndist henni alls ekki vel og reyndu breskir fjölmiðlar allt hvað þeir gátu til að stía þeim í sundur enda Moss hálfgerð óskabarn þjóðarinnar.

Velgengni Moss um þessar mundir er þveröfugt við flestar spár spekinga sem héldu því fram að ofurfyrirsætan væri útbrunnin eftir myndbirtingar flestra dagblaða heims af henni að sniffa kókaín. Strax eftir að Moss kom úr meðferð varð hún

eftirsótt af stærstu tískuhúsunum og segja menn að hún hafi aldrei lítið betur út.

Kate hefur náð að verða eins konar tískutákn fyrir konur. Allt fer henni einstaklega vel og virðist hún ávallt vera með samsetningar og nýjustu tískubólur á hreinu. Hönnuðir hrósa henni ef hún er ljósmynduð í þeirra flíkum því þá selst flíkin vanalega mjög vel. Hún er því vel að titlinum komin sem best klædda kona heims.

„Hver er munurinn á karlmanni og E.T.? E.T. hringdi heim.“

- Tommi Thule



Léttöl



SMEKKLEYSA Á NÝJUM STAÐ Þeir Elli og Benni hjá Smekkleysu voru flottir í undirbúningi opunarinnar í gær, ásamt Krumma sem mætir með Elvis-búðina innan tíðar.

## Smekkleysa upp á yfirborðið

Plötubúð Smekkleysu er flutt úr Kjörgarði á Laugavegi og niður á Klapparstíg þar sem verslun Spútnik var áður til húsa. Flutningunum verður fagnað með frábærum tónleikum Bogomil Font og Flís í dag klukkan 17. Sem fyrr er ókeypis inn á tónleika í verslun Smekkleysu.

„Við erum bara að henda upp búðinni. Hún ætti að vera orðin fókheld á tónleikumum í dag,“ segir Elís Pétursson hjá Smekkleysu. Plötubúðin deilir fyrst um sinn húsnæðinu með fatamarkaði

Spútnik en innan tíðar flytur fataverslunin Elvis í húsnæðið. „Þetta leggst gífurlega vel í okkur, þetta er dundurstaðsetning. Það var svolítið erfitt að vera í kjallarunum og það hefur verið hálfgerð vinnustaðagrín hjá okkur að nú sé Smekkleysa komin upp á yfirborðið,“ segir Elís. Skrifstofur Smekkleysu og lager verða áfram uppi á Laugavegi en verslunin á nýja staðnum. Þegar Elvis er flutt á Klapparstíginn býst Elís við því að opnuninni verði fagnað með góðu opunarpartí. - hdm

**TOPPSKÓRINN OUTLET**  
Á NÝJUM STAÐ Í  
**GRAFARHOLTINU**  
(VIÐ HLIÐINA Á HÚSASMÍÐJUNNI)



Frábær tilboð - **Mikið úrval af Ecco, Lloyd og Ara** - Frábær tilboð

# Verzlunarmannahelgin

*hefst hjá okkur*

## Lágmark

**OPIÐ**  
Laugardag  
kl. 10-16

# 30% afsl.

\*Höfum fyllt á 1000 kr. borðin

Vörur frá:

STEINAR WAAGE  
SKÓVERSLUN

EURO SKO

**eCCO**® - *búðunum*

PETER KAISER

eCCO®



LLOYD

ZINDA

FRÁBÆR TILBOÐ - **MIKIÐ ÚRVAL** - FRÁBÆR TILBOÐ - **MIKIÐ ÚRVAL** - FRÁBÆR TILBOÐ - **MIKIÐ ÚRVAL**

**Toppskórinn**  
Outlet  
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109



OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 19, LAU. 10 - 16

**Nýtt í bió**

**THE SENTINEL** Sími 553 2075

**PRAIRIE HOME COMPANION** Sími 551 9000

**OVER THE HEDGE** Sími 551 9000

**SILENT HILL** Sími 551 9000

**ALEX RIDER STORMBREAKER** Sími 553 2075

**ULTRAVIOLET** Sími 564 0000

**STICK IT** Sími 564 0000

**CLICK** Sími 564 0000

**RAUÐHETTA** Sími 564 0000

**DA VINCI CODE** Sími 564 0000

**SMÁRA BIÓ** Sími 564 0000

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000

**Borgarbió** Sími 462 3500

**400 kr. í bió!**

**THE SENTINEL** kl. 5.40, 8 og 10.20 B.L. 14 ÁRA

**SÝND Í LÚXUS** kl. 5.40, 8 og 10.20

**SILENT HILL** kl. 8 og 10.40 B.L. 16 ÁRA

**OVER THE HEDGE** ISL. TAL kl. 3 og 5

**OVER THE HEDGE** ENSK. TAL kl. 3, 5 og 8

**STICK IT** kl. 3, 5.30, 8 og 10.20

**CLICK** kl. 10 B.L. 10 ÁRA

**RAUÐHETTA** ISL. TAL kl. 3

**A PRAIRIE HOME COMPANION** kl. 5.45, 8 og 10.15

**SILENT HILL** kl. 8 og 10.40 B.L. 16 ÁRA

**ULTRAVIOLET** kl. 5.20 B.L. 12 ÁRA

**STORMBREAKER** kl. 6 og 8

**CLICK** kl. 8 og 10.10 B.L. 10 ÁRA

**DA VINCI CODE** kl. 5 og 10 B.L. 14 ÁRA

**THE SENTINEL** kl. 6, 8 og 10 B.L. 14 ÁRA

**SILENT HILL** kl. 10 B.L. 16 ÁRA

**STORMBREAKER** kl. 8

**STICK IT** kl. 6

**Dolby** **SDDS** **THX** **BIÓ.IS** – allt á einum stað

**LAUGARAS BIÓ** bara lúxus

Sími 553 2075

**THE SENTINEL** Sími 553 2075

**ALEX RIDER STORMBREAKER** Sími 553 2075

**OVER THE HEDGE** Sími 551 9000

**FAST & FURIOUS TOKYO DRIFT** Sími 551 9000

**Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10**

**Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10**

**Sýnd kl. 4 og 6 ISL. TAL**

**Sýnd kl. 8 og 10 B.L. 12**

**www.laugarasbio.is**



LOHAN OG KELLER Fjöldi stórleikara kemur við sögu í myndinni og nægir þar að nefna Kevin Kline, John C. Reilly, og Meryl Streep.

## Útvarpsþáttur á hvíta tjaldinu

A Prairie Home Companion fjallar um samnefndan útvarpsþátt sem hefur verið í gangi í samfelld þrjátíu ár. Um er að ræða þátt af gamla skólanum þar sem Garrison Keller fer fyrir flokki hæfileikaríkra tónlistarmanna og skemmtir hlustendum með bæði söng og gamanmáli. Kvikmyndin er lögð út af þættinum og fjallar um síðasta kvöldið sem þátturinn fer í loftið. Auðmaðurinn Axman hefur fest kaup á útsendingarstaðnum og ætlar sér að drepa þessa „risaæðlu“ sem þátturinn er að hans mati. Áhorfendur

fá að skyggast á bak við tjöldin og kynnast þeim fjölda fólks sem gerði A Prairie Home Companion nánast ódauðlegan. Mikill fjöldi stórleikara kemur við sögu í þessari nýjustu afurð Roberts Altman og nægir þar að nefna Lily Tomlin, John C. Reilly, Meryl Streep og Kevin Kline auk Garrison Keller sem leikur sjálfan sig en hann kom einmitt hingað til Íslands á vegum listahátíðarinnar í Reykjavík. Frábær tónlist prýðir myndina sem hefur fengið fyrirtaksdóma í erlendum miðlum.

## Hvað býr í þokunni?

Kvikmyndin Half Light segir frá rithöfundinum Rachel Carson sem flytur til smábæjar í Skotlandi eftir að fimm ára sonur hennar drukkna. Carson er bugð af sorg en þegar hún kynnist heillandi vita-verði er eins og hún sjái ljós í myrkrunu. Carson verður þess þó fljótt áskynja að ekki er allt sem sýnist en þráin eftir að fá son sinn aftur er skynseminni yfirsterkari.

Leikkonan Demi Moore fer með hlutverk Carson en hún hefur átt erfitt með að blása nýjum glæðum í kvikmyndaferil sinn. Moore varð fræg fyrir leik sinn í kvikmyndinni St. Elmos Fire þar sem margar af helstu stjórnnum níunda áratugarins voru leiddar saman. Hún bætti um betur með kvikmyndunum Ghost og A Few Good Men en síðan fór að halla undan fæti. Hún gæti



RACHEL CARSON Flyst til smábæjar á Skotlandi eftir að sonur hennar drukkna en undarlegir hlutir fara að gerast í kjölfarið.

þó verið að sjá fram á betri tíð því framundan hjá henni eru kvikmyndir á borð við Bobby sem

Emilio Esteves leikstýrir og Mr. Brooks með Kevin Costner og William Hurt í aðalhlutverkum.

## Í kvenmannsleit


Kvikmyndin The Long Weekend segir frá bræðrunum Ed og Cooper sem þurfa að standa saman til að koma Cooper úr smá klípu. Cooper hefur ekki átt neinni gríðarlegri velgengi að fagna með hitt kynið og til að bæta gráu ofan á svart þarf hann að bjarga starfi sínu með því að útbúa herferð sem er sérstaklega hugsuð fyrir konur. Bróðir hans er hins vegar mikill kvennabósi og á ekki í miklum erfiðleikum með að næla sér í nýja stúlku um hverja helgi. Nú sameina þessir tveir krafta sína

til að losa aðeins um spennuna hjá Cooper og um leið bjarga starfi hans. Cooper verður þó fyrir þeirri „ógæfu“ að hitta hina einu sönnu á hápunkti piparsveinallífsins.

Það eru þeir Chris Klein og Brendan Fehr sem leika aðalhlutverkin í The Long Weekend en leikstjóri myndarinnar er Pat Holden og er þetta fyrsta myndin hans í fullri lengd. Klein sló fyrst í gegn í kvikmyndinni American Pie en Fehr hefur verið að leika í hinum geysivinsælu CSI: Miami.



COOPER OG ED Þurfa að beita öllum brögðum til að koma Cooper aftur í kynni við hitt kynið.



SUMARVÍN

5. JÚLÍ - 5. ÁGÚST

VÍN BÚÐ  
lífur, lærum & njótum

**SAMBÍOIN** MED CHRIS KLEIN ÚR "AMERICAN PIE" MYNDUNUM.

HANN HEFUR EINA HELGI TIL AÐ KENNA LITLA BRÓÐUR SÍNUM AÐ HVERNIG Á AÐ HÚKKA DÓMURNAR.

**THE LONG WEEKEND**  
TVEIR BRÓÐUR, EINN HELGI, ENGIN SÍÐA

**PIRATES OF THE CARIBBEAN 2**  
DEAD MAN'S CHEST

**OVER THE HEDGE**  
SHREK & MADAGASCAR

**HALF LIGHT**  
FIMI MOORE

**PIRATES OF THE CARIBBEAN 2**  
KL. 2-4-5-7-8-10-11 **B.I. 12**

**PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 VIP**  
KL. 2-5-8-11

**THE LONG WEEKEND**  
KL. 6:15-8-10-11 **B.I. 12**

**OVER THE HEDGE** *isl. tal*  
KL. 2-4-6 **LEYFD**

**OVER THE HEDGE** *enskt. tal*  
KL. 2 **LEYFD**

**SUPERMAN RETURNS**  
KL. 2-5-8-11 **B.I. 10**

**THE BREAK UP**  
KL. 8:15 **LEYFD**

**BÍLAR** *isl. tal*  
KL. 1:45-4 **LEYFD**

**PIRATES OF THE CARIBBEAN 2**  
KL. 5:15-8:15-11:15 **B.I. 12**

**THE LONG WEEKEND**  
KL. 6-8:15-10:15-11:15 **B.I. 12**

**\*OVER THE HEDGE** *isl. tal*  
KL. 4-6 **LEYFD**

**\*OVER THE HEDGE** *enskt. tal*  
KL. 8 **LEYFD**

**BÍLAR** *isl. tal*  
KL. 3:45 **LEYFD**

**\*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLIÓÐ**

**PIRATES OF THE CARIBBEAN 2**  
KL. 7-10 **B.I. 12**

**THE LONG WEEKEND**  
KL. 8-10 **B.I. 12**

**AKUREYRI**

**PIRATES OF THE CARIBBEAN 2**  
KL. 6-9 **B.I. 12**

**OVER THE HEDGE** *isl. tal*  
KL. 6 **LEYFD**

**OVER THE HEDGE** *enskt. tal*  
KL. 8 **LEYFD**

**SUPERMAN RETURNS**  
KL. 10 **B.I. 10**

**PIRATES OF THE CARIBBEAN 2**  
KL. 5:30-6-8:30-9-10:30-11:30 **B.I. 12**

**HALF LIGHT**  
KL. 5:30-8-10:30 **B.I. 16**

**SUPERMAN RETURNS**  
KL. 5:30-8-10:30 **B.I. 10**

**THE BREAK UP**  
KL. 5:30-8 **LEYFD**

SAMBÍOIN SIMI: 575-8900

www.sambioin.is

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919



**GARRISON** Á að vernda forsetafrúna þegar besti vinur hans er drepinn. Ekki er allt sem sýnist og það virðist vera svikari innan CIA.

## Svikari innan CIA

Pete Garrison er vel metinn leyniþjónustumaður hjá CIA sem bjargaði lífi forseta Bandaríkjanna fyrir tuttugu árum. Líf Garrisons er í föstum skorðum og hann hefur fengið það hlutverk að vernda forsetafrúna. Kvöld eitt fær hann símhringingu frá vini sínum, Merriweather, sem segist þurfa deila með honum leyndarmáli en áður en Garrison tekst að hafa upp á vini sínum er Merriweather drepinn. Allt lítur út fyrir að morðinginn sé innanbúðarmaður en það hefur ekki gerst í 141 árs sögu CIA.

Fyrrum lærisveini Garrisons, David Breckinridge, er falið að rannsaka málið en þeir tveir hafa eldað grátt silfur saman eftir að Garrison sakaði Breckinridge um að halda við fyrrverandi eigin konu sína, hina eitilhörðu Jill

Maroon. Þau þrjú verða þó að gleyma öllu því sem á undan er gengið til að komast til botns í málinu sem gæti snert áráð á forsetann sjálfan.

Þau Michael Douglas, Kiefer Sutherland og Eva Longoria leika aðalhlutverkinn í The Sentinel en leikstjóri er Clark Johnson sem hefur meðal annars leikstýrt nokkrum þáttum af hinni vinsælu sjónvarpsþáttaröð The Shield. Bæði Douglas og Sutherland hafa verið lengi að á hvíta tjaldinu en sá síðastnefndi gekk í endurnýjun lífdaga þegar sjónvarpsþættirnir 24 slógu eftirminnilega í gegn. Eva Longoria hefur smám saman verið að fíkra sig upp á stjörnuhimininn með frammistöðu sinni í Aðþrengdum eigin konum sem hin ákaflega lausláta Gabrielle Solis.



**BRECKINRIDGE OG MAROON** Reyna að leysa morðið með aðstoð Garrisons en það gæti reynt þrautinni þyngra enda er ýmislegt sem býr í fortíðinni.

## Þorir ekki að hringja

Skvísurar Paris Hilton og Nicole Richie hafa verið óvin konur síðan árið 2005. Hvorki Richie né Hilton hafa viljað segja hver ástæða rifrildisins er en það hefur vakið mikla athygli vegna þessa þær stóllur voru nánast óaðskiljanlegar í fyrri. Nú hefur Paris Hilton tjáð sig um það að hana langi gríðarlega til að hringja í Richie en hún þori ekki að taka upp tólið. „Ég og

Nicole göngum í gegnum eitt-hvað núna en ég elska hana eins og systur,“ segir Paris og bætir því við að hún haldi að það verði skýtið og erfitt að tala saman í fyrsta skipti eftir svona langan tíma.

### ÓVINKONUR

Paris Hilton langar að hringja í fyrrverandi vinkonu sína Nicole Richie en þorir það ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



# Útsölu lok

# 70-90% afsláttur!

Af öllum útsöluvörum

**WAREHOUSE**  
KRINGLUNNI



### Alexander toгнаður

Handboltakappinn Alexander Petersson verður frá keppni í þrjár til fimm vikur vegna tognunar. Landsliðsmaðurinn missir því líklega af þrjú tímabilsins með Grosswaldstadt í Þýskalandi en fyrsti leikurinn verður háður eftir þrjár vikur.

**sport**  
sport@frettabladid.is

SVERRIR BJÖRNSSON VERÐUR SVERRER JAKOBSSON: HANDBOLTAKAPPINN ÚTSKYRIR NAFNARUGLIÐ

## Það er tveir fyrir einn tilboð á mér

Sverre Jakobsson gekk í raðir Gummersbach í sumar frá Fram. Á Íslandi var hann reyndar þekktur undir nafninu Sverrir Björnsson en hann hefur nú ákveðið að leggja það nafn á hilluna.

„Ég er fæddur í Noregi þar sem hefðin er að taka upp eftirnafn föður síns. Ég er skírður Sverre Andreas Björnsson en faðir minn heitir Jakob Björnsson. Alltaf þegar ég hef reynt að segjast heita Sverre segja allir bara „Já blessaður Sverrir,“ það er svo leiðinlegt að leiðrétta þetta alltaf en ég hef dregið þetta of lengi,“ sagði Sverre. „Það verður bara Sverre Jakobsson hérna í Þýskalandi og það verður þannig á Íslandi líka, ekki Sverrir Björnsson lengur. Þetta er ágætis tímarpunktur til að breyta þessu nú þegar ég er kominn til Þýskalands,“ sagði landsliðsmaðurinn

sem bar nafnið Jakobsson aftan á trejju sinni í landsleikjunum gegn Svíum en hann mun að sjálfsögðu hafa það nafn aftan á búningi sínum hjá Gummersbach.

„Það var mikið í umræðunni hér í Þýskalandi að það væri leikmaður frá Íslandi að koma sem heitir Sverrir Björnsson, það olli nokkrum fjaðrafoki þegar ég var kynntur með allt öðru nafni, það vissi enginn hvað var í gangi. Það er ágætt að vera bara einn persónuleiki, ég er sami leikmaðurinn, það er tveir fyrir einn tilboð á mér.“ Sverre mun bera númerið 14

á bakinu hjá Gummersbach sem er hans gamla númer frá dögunum hans með KA. „Ég tók við númerinu 14 hjá KA eftir að minn núverandi þjálfari, Alfreð Gíslason, hætti að spila. Ég var númer 14 yngri flokknum en þegar ég kom í Fram var Jón Björgvín með númerið. Það skipti mig ekki höfuðmáli og ég tók því tvíttinn en það er óneitanlega gaman að vera kominn aftur með 14 á bakið,“ sagði Sverre Jakobsson, ekki Sverrir Björnsson, að lokum.



### > Jakob í 14. sæti í Búdapest

Jakob Jóhann Sveinsson, sundkappi úr Ægi, setti nýtt og glæsilegt Íslandsmet í gær í 200 metra bringusundi á Evrópumeistaramótinu sem nú fer fram í Búdapest. Jóhann synti á 2 mín. 14.70 sek. og bætti þriggja ára gamalt Íslandsmet sitt um hálfa sekúndu. Hann varð fimmtándi í undanrásunum og komst í úrslitasundi sem synt var í gær. Þar synti hann á 2 mín. 15.11 sek. og var 41/100 úr sek. frá Íslandsmetinu en hann var 1.39 sek. frá því að komast í úrslit. Arnast Mór Árnason úr Ægi varð 38. af 41 keppenda á 2 mín. 20.72 sek.



### Guðlaugur Baldursson: Hættur með botnlið ÍBV

**FÓTBOLTI** Guðlaugur Baldursson sagði starfi sínu lausu hjá ÍBV í gærkvöldi en Heimir Hallgrímsson, sem var Guðlaugi innan handar við þjálfun liðsins, er nú tekinn við Eyjaskútunni.

Í yfirlýsingu sem knattspyrnu-deild ÍBV sendi frá sér í gær kom fram að deildin virti ákvörðun Guðlaugs og þakkar honum fyrir starf sitt í þágu félagsins en hann tók við liðinu árið 2004. Þar kom einnig fram að Guðlaugur teldi sig vera kominn að ákveðnum lokapunkti með liðið sem situr í neðsta sæti Landsbankadeildar karla og hefur aðeins hlotið ellefu stig í tólf leikjum. ÍBV tapaði 5-0 fyrir Val í síðustu umferð Landsbankadeildarinnar.

Hvorki náðist í Guðlaug né Heimir í gærkvöldi en næsti leikur ÍBV er gegn Víkingum þann 10. ágúst.

## KSÍ herðir refsingar fyrir fordóma

Knattspyrnusamband Íslands mun herða refsingar fyrir kynþáttafordóma í íslenska boltanum fyrir næsta sumar. Vegna nýrra reglna FIFA verður KSÍ að bregðast við og Geir Þorsteinsson segir það þegar í skoðun.



**SAMEINAST GEGN FORDÓMUM** Eldheirir stuðningsmenn Keflavíkur, Pumasveitin, bjuggu til þennan borða til að ítreka andúð sína á kynþáttahatrí og flagga þeir borðanum á öllum leikjum sem þeir mæta á í sumar.

**FÓTBOLTI** Leikmenn sem verða uppvísir að kynþáttahatrí í leikjum á Íslandi gætu átt yfir höfði sér allt að fimm leikja bann fyrir athæfið sem og háa fjársekt. FIFA hefur ákveðið að herða reglur gegn kynþáttafordómum sem virðast vera að gera vart við sig í auknum mæli, hvort sem er á Íslandi eða í öðrum leikjum í deildum Evrópu.

FIFA hefur varað knattspyrnusambönd við því að þau fái bönn ef þau endurskóði ekki reglur sínar hvað varðar kynþáttafordóma. Sepp Blatter, forseti FIFA, greindi frá því á meðan á HM stóð að reglur, sem kveða meðal annars á um að félög missi stig ef stuðningsmenn liðsins sýna kynþáttafordóma, væri skyldugt að innleiða en knattspyrnusamband KSÍ mun fylgja þeim reglum.

„Það er alveg ljóst að við munum herða reglurnar, FIFA gaf KSÍ ströng fyrirmæli eins og öðrum. Þetta átti að taka gildi á heimsvísu þann 1. júlí en því var síðan breytt og KSÍ hefur verið gefinn frestur til að taka upp nýjar reglur þar sem tímabilið okkar er enn í gangi. Það er skylda að koma þessu á og því munum við leiða þetta inn í okkar reglur,“ sagði Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, við Fréttablaðið í gær.

Leikmaður, sem móðgar andstæðing sinn þannig að það varði litaráhát hans, kynþátta eða trú, á von á löngu keppnisbanni í leikjum á vegum UEFA en hvaða reglur KSÍ

setur á eftir að koma í ljós. UEFA hefur þegar hert reglurnar en ef stuðningsmenn liða heyrast vera með kynþáttafordóma fá þeir sekt, þá minnst 13.000 pund, um 1,8 milljón króna, en til viðmiðunar er hámarkssekt KSÍ 30.000 krónur. Hana fengu Íslandsmeistarar FH á dögunum þegar stuðningsmenn þeirra urðu uppvísir að kynþáttafordómum. Auk þess sem UEFA getur lokað leikvangnum, tekið stig af liðinu og í ítrekuðum tilfellum og þeim verstu, dæmt félag úr keppni.

„Við munum líta til kollega okkar á Norðurlöndunum og ræða við þá um það hvernig þeir muni koma þessu að í sínum reglum. Refsingar FIFA, sektarlega séð, eru ekki í samræmi við íslenska boltann. Ég veit ekki hvernig þetta verður að lokum hjá okkur en það er ljóst að við þurfum að fylgja nýjum reglum FIFA og aðlaga okkur að þeim eftir bestu getu. Það eru fundir framundan á Norðurlöndunum þar sem þessi mál verða rædd en við þurfum að finna okkar flöt á sektarfjárhæðunum,“ sagði framkvæmdastjóriinn.

Í sumar hafa komið upp tvö mál tengd kynþáttafordómum sem virðast vera að aukast í íþróttum á Íslandi. „Hvort auknar refsingar leiði til betra umhverfis eða réttlátari heims í þessu er ég ekki viss um,“ bætti Geir við en ljóst er að margir eru ósáttir við hversu vegar refsingar KSÍ eru hvað kynþáttafordóma varðar.

hjalti@frettabladid.is

# Útsöluulok

70-90% afsláttur af allri útsöluvöru

**ALLSAINTS**

KRINGLUNNI

Veigar Páll Gunnarsson í hópnum gegn Spáni:

## Veigar Páll valinn í landsliðið á nýjan leik

**FÓTBOLTI** Samkvæmt frétt sem birtist á heimasíðu norska úrvalsdeildarfélagins Stabæk í gær hefur Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari karla í knattspyrnu, valið Veigar Pál Gunnarsson í íslenska landsliðið sem mætir Spánverjum í vináttulandsleik á Laugardalsvelli þann 15. ágúst.

Veigar Páll hefur slegið í gegn í norsku úrvalsdeildinni með Stabæk og er markahæsti maður deildarinnar með tíu mörk ásamt félaganum sínu í Stabæk, Daniel Nannskog. Þetta hafa þeir afrek að í fimmtán leikjum en samtals hefur liðið allt skorað 26 mörk í þessum leikjum í sumar.

Samkvæmt norska vefmiðlinum Budstikka er þetta besta framherjateymi Stabæk frá upphafi og besta erlenda framherjateymi norsku úrvalsdeildarinnar síðan 1995 en Nannskog er sænskur. Þeir eru sagðir gefa einhverjum frægustu sóknarpörum norskrar knattspyrnu ekkert eftir, svo sem þeim Ole Gunnar Solskjær og Arild Stavrum hjá Molde árið 1995 annars vegar og Sigurd Rushfeldt og Harald Brattbakk hjá Rosenborg árið 1997 hins vegar.



**VEIGAR PÁLL GUNNARSSON** Hefur átt sannkallað draumatímabil í norsku úrvalsdeildinni í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR ÞÓR

Allir skoruðu þeir mikinn fjölda marka fyrir sín félög þessi ár.

Veigar Páll hefur undanfarið verið orðaður við fjöldamörg félög í Englandi sem og víðar í Evrópu. Auk þess að vera markahæstur er hann mjög ofarlega í einkunnargjöfum norsku dagblaðanna. Hjá Dagbladet er hann í 1. sæti með meðaleinkunn 5,93. Hjá Verdens Gang í 5. sæti (5,6), 7. sæti í Nettavisen (5,87) og 2. sæti hjá Aftenposten (6,00).

Veigar Páll er þar að auki langefstur á lista þeirra sem hafa átt þátt í flestum mörkum en auk þess að skora tíu hefur hann lagt upp fjögur til viðbótar.

- esá



# MUNIÐ BÍLBELTIN



UMFERÐARSTOFA




515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

AJAX  
INTER MILAN  
MAN. UTD.  
FC PORTO

4.-5. ÁGÚST

AMSTERDAM

MÖTTIÐ



FÖSTUDAGUR

16:50 Man. Utd. - FC Porto

19:00 Ajax - Inter Milan

LAUGARDAGUR

16:50 FC Porto - Inter Milan

19:00 Ajax - Man. Utd.

**SYN**  
*besta sætið*



**VIÐ MÆLUM MEÐ ...**

Seinfeld Sirkus kl. 20.00

**Gamanþættir um ekki neitt**

Þættirnir um uppstandarann Jerry Seinfeld og furðulega félag hans eru án efa einir vinsælustu gamanþættir sem nokkurn tíma hafa verið sýndir í sjónvarpi. Hugmyndin að þættinum kom frá Seinfeld sjálfum, ásamt Larry David, félag hans. Upprunalega hugmynd þeirra var að búa til þætti sem áttu ekki að fjalla um neitt, heldur bara um einföld viðfangsefni „venjulegs“ fólks í New York. Það er líka skemmtileg staðreynd að í upphafi þáttanna fá Jerry og George þessa sömu hugmynd og í endanum á seinustu þáttaröðinni sem gerð var voru þeir einmitt að láta þessa hugmynd verða að veruleika. Sirkus hefur nú verið að endursýna alla þættina og því ættu allir aðdáendur frábærra gamanþátta að fagna þessu framtaki.



**Sudoku dagsins**

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

2	6	5	3	7	9	8	4	1
4	9	1	5	6	8	7	3	2
7	3	8	2	4	1	9	6	5
3	8	6	4	2	5	1	7	9
1	2	7	6	9	3	5	8	4
5	4	9	1	8	7	3	2	6
9	1	2	8	3	6	4	5	7
8	5	4	7	1	2	6	9	3
6	7	3	9	5	4	2	1	8

		4	5			2	8	
7					8	9		
	3							4
6						3		
	8		2		4		6	
		2						7
8							3	
		6	7					5
	7	3			1	4		



**20.30**  
**Fótbolti**  
ENSKU MÖRKIN 2006-2007



**16.20** Legia Warszawa – FH **18.00** Íþróttaspjallíð **18.12** Sportið

- 18.30** US PGA í nærmynd (Inside the PGA)
- 19.00** Sterkasti maður í heimi 2005 (World's Strongest Man 2005)
- 19.30** Stjórnugolf 2006
- 20.00** Essó mótið 2006 (Essó mótið 2006) Þáttur með svipmyndum frá því helsta á hinu árlega Essó móti í knattspyrnu á Akureyri sem fram fór í júlí.
- 20.30** Ensku mörkin 2006-2007 (Preview Show) Frábær þáttur þar sem farið er yfir allt það helsta á hverjum tíma í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.
- 21.00** Sænsku nördamir (FC Z)
- 21.50** HM 2006 (Ítalía – Frakkland) Upptaka frá sjálfum úrslitaleikum á HM 2006 í Þýskalandi.

**23.50** 4 4 2

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Músík og mas **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **13.00** Sakamála-leikritið: Tími nomarinnar **13.15** Á sumarvegi **14.05** Útvarpsagan **14.30** Besti tíminn **15.03** Tónlistarstundir í gömlu Reykjavík **16.13**

Hlaupanótan **17.03** Viðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **23.00** Töfrateppið **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**RÁS 2** FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar **2 9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Píku-popp **0.10** Popp og ról

**BYLGJAN** FM 98,9

**7.00** Ísland í bitu **9.00** Ivar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalahádeggi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ivar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

**AÐRAR STÖÐVAR**

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**  
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**  
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin  
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp  
**FM 102,9 Lindin** / Kristlegt efni  
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying  
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristlegt efni  
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bituð í bænum  
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni  
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying  
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður

**NÝTT Á DVD**

SAMMYNDIR OG WALT DISNEY PICTURES KYNNA:



**BAMBI 2**  
Ein ástsælasta persóna teiknimyndanna mætir hér aftur til leiks í þessari stórkostlegu ævintýramynd með íslensku tali.



**GLORY ROAD**  
Jerry Bruckheimer færir okkur enn eina myndina sem slær í gegn í Bandaríkjunum. Þrælógóð körfuboltamynd.



**THE GREATEST GAME EVER PLAYED**  
Sönn saga um sigur lítilmagnans. Góð mynd fyrir alla fjölskylduna.

**KOMNAR Í VERSLANIR OG Á LEIGUR Á DVD.**

**SAMMYNDIR**





**20%  
AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR: 9.990,-

**7.990,-**

**„FIRENZE“ FATASKÁPUR**

Með 2 hurðum, fatahengi, 3 skúffum og 3 hillum. Fáanlegt í beyki, og hlyn.  
Stærð B: 97 sm  
H: 175 sm  
D: 50 sm.



VERÐ ÁÐUR: 9.990,-

**7.990,-**

**„KRISTINA“ TÖLVUBORÐ**

Tölvuborð með 5 hillum og 1 skúffu á málmbrantum og hillu fyrir 20 geisladiska. Framleitt í fallegu beykilituðu melamín.  
St. 141x141x60 sm.

ALLTAF ÖÐYRT Í RÚMFATA-LAGERNUM AÐEINS ÖTUBARI



**1.490,-**

**„FREYJA“ SÆNG**

Létt og þægileg sæng með 700g polyester fíberfyllingu. Áklæði polyester og bómull.  
St. 140x200 sm.

**góð kaup**  
**RÚMFATA LAGERINN**  
HERBERGID • BADIÐ • HEIMILID  
www.rumfatalagerinn.is

**ALLT TIL ALLS  
Í RÚMFATALGERNUM**

**góð kaup**  
**RÚMFATA LAGERINN**  
HERBERGID • BADIÐ • HEIMILID  
www.rumfatalagerinn.is

VERÐ ÁÐUR: 1.990,-

**1.690,-**



**TJALDDÝNA**

Sjálffupplásanleg tjaldýna, þessi er einstaklega þægileg.

**VELOUR VINDSÆNGUR**

Virkilega góðar og vandaðar dýnur, 22 sm þykkar og góðar. Fást í nokkrum stærðum. Þessar eru nauðsynlegar í útileguna!



VERÐ FRÁ:

**990,-**



**299,-**

**REGNSLÁ**

Vönduð og góð regnslá úr vinyl efni á fínu verði. Fæst í rauðum, bláum og grænum. St. 130x200 sm.



**690,-**

**„HAMMER“ PUMPA**

Tvívirk 3 ltr. pumpa.



**990,-**

**RAFMAGNSPUMPA**

fyrir 200W og 12V.



VERÐ AÐEINS:

**2.990,-**

**GÍTARAR**

Hinir vinsælu gítarar komnir aftur á ótrúlega góðu verði! Þessir gítarar eru ómissandi fyrir brekkusönginn.



**950,-**

**KÆLIBOX 24 LTR.**

Gott kælibox, tekur 24 lítra. Nauðsynlegt í útileguna eða ferðalagið.



**8.990,-**

**„SAINT TROPEZ“ TJALD**

Gott 4 manna tjald úr vönduðu polyesterefni. Góður frágangur á saumum svo bleyta nái ekki inn. Sterkur botn og góðar stangir. Hátt og gott, hægt að standa inni í því. St. 240x210/120x130 sm.



VERÐ ÁÐUR: 3.990,-

**2.990,-**

**„CAMBRIDGE“ 4JA MANNA TJALD**

Gott 4ja manna tjald með álhúðuðu polyester í ytra byrði. Innra byrði er úr 100% nylon sem andar. Þéttur botn. Stærð 130x210x240 sm. Þéttleiki 800 mm.



**690,-**

**„US“ STÓLI**

Einstaklega hentugur stóll í útileguna, bústaðinn, ferðalagið eða á völinn með glasahaldara. Hægt að leggja alveg saman.



VERÐ ÁÐUR: 14.900,-

**12.900,-**

**„MONACO“ 6 MANNA TJALD**

Sex manna tjald úr virkilega sterku og góðu polyester. Vandaður frágangur á saumum svo að bleyta eigi ekki greiðan aðgang inn í tjaldið. Sterkar stangir og bönd. Þrjú 2ja manna svefn-skálar og gott fortjald. Breidd 130/210/130. Lengd: 205/130. Hæð: 145/190.



## BAKPANKAR

JÓNS GNARR

## The End

Það er list að kunna að segja góða sögu. Eitt það erfiðasta við að skrifa sögur, er ekki að detta eitthvað skemmtilegt í hug, heldur að finna endi á söguna. Grín er líka gott dæmi. Það er ekkert mál að búa til skringilegar aðstæður eða láta fólk gera óvenjulega hluti. Vandinn er hvernig á að enda brandarann, að finna lokahnykk (punchline). Kind gengur niður Laugavegin og hittir jólasveininn. Umm? En hvað svo?

**ENDIRINN** er oftast en ekki mikilvægasti hluti sögunnar. Í honum felst niðurstaðan, það sem allir hafa verið að bíða eftir. Sagan er bara hálfsgöð ef enginn er endirinn á henni. Ég hef haft þetta að leiðarljósi í pistlum mínum.

**SUMAR** sögur og brandarar hafa engan endi í eðli sínu en þá er oftast en ekki verið að leika sér með fyrirbærið „endi“. Þá hefur það tilgang. Ef það er meðvitað gert hefur það líka oft djúpa tilvísun í tilveru okkar og eilífðina sjálfa.

**EN** yfirleitt er endaleysi samt sprottið af leti og skorti á ímyndunarafl, höfundurinn finnur einfaldlega engan endi á söguna en lætur hana flakka samt. Þá er það tilgangslaust miðjumoð og bara til þess gert að stela tíma frá fólki og láta það borga fullt verð fyrir svikna vöru.

**TILGANGSLAUST** endaleysi hefur hingað til verið einkennandi fyrir lélegt; framhaldspætti og sögur. En mér finnst þetta verða sífellt algengara í sjónvarpi. Sniðugar hugmyndir eru blóðmjólkaðar og við erum skilin eftir ringluð.

**EINU** sinni voru míní-seriur í sjónvarpi vandaðar og spennandi og höfðu krassandi endi sem ég beið eftir í ofvæni. En ekki lengur.

**ÉG** er einn af fjölmörgum sem byrjuðu að fylgjast með spennuþáttunum Lost. Ég var mest spenntur að vita hvernig þetta myndi enda en svo rann það upp fyrir mér að það var enginn endir og þá hætti ég að horfa.

**PRISON** Break er annað dæmi. Það ætlar aldrei að enda og heldur ekki 24.

**OG** nú er þetta komið í bíó líka. Ég fór að sjá Pirates of the Caribbean á dögunum. Hún endar í lausu lofti eftir tvo tíma. Samt er það hvergi tekið fram að maður sé bara að fá helminginn af því sem maður borgaði fyrir.

**MÉR** leiðist þessi gegndarlausu gengisfelling á gæðum. Ég vil fá endi nema annað sé tekið fram. Not to be continued!

0 kr.  
alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða ekkert fyrir takmarkalaus notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1**.

## Auðvelt að skipta.

Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is) og skráðu þig og þína.

Mánaðargjald heimasíma er 1.390 kr.

Og1



**Og Vodafone** hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og færð neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is) fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.



Heyrumst!

SPARI  
DAGARÍ FIMM VERSLUNUM OG HJÁ UMBOÐSMÖNNUM  
KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

SJÁ NÁNAR Á WWW.ORMSSON.IS

AKUREYRI • Sími 461 5000

KEFLAVÍK • Sími 421 1535

SMÁRALIND • Sími 530 2900

SÍDUMÚLA 9 • Sími 530 2800

LÁGMÚLA 8 • Sími 530 2800

TEFAL

Pottar  
og pönnur  
25–40%  
afsláttur

TEFAL

Strjáujárn  
20%  
afsláttur

AEG

ÞVOTTAVÉLAR  
ÞURRKAÐAR  
UPPÞVOTTAVÉLAR  
KÆLISKÁPAR  
OFNAR - VIÐTUR  
HELLUBORÐ15%  
AFSLÁTTUR

Pioneer

HEIMABIÓ

Nýtt módel 2006/2007



Verð áður: 59.900 kr.

TILBOÐSVERÐ: 49.900 kr.

ORMSSON